

# Djúpivogur

Verndarsvæðið við veginn

Tillaga og greinargerð



**Höfundar efnis:**

Gunnlaugur Haraldsson

Páll Jakob Línal

Dagur Eggertsson

Andrés Skúlason

# **Djúpivogur**

Verndarsvæðið við veginn

Tillaga

13. júlí 2017

Uppfært 14. september 2017



## Fylgt úr hlaði

Djúpivogur er meðal elstu verslunarstaða landsins, þar sem þýskir Hansakaupmenn hófu kaupskap og byggðu verslunarhús við Fýluvog í byrjun 16. aldar og síðar við sjálfan voginn skv. sérstöku leyfisbréfi Danakonungs hinn 20. júní 1589. Frá þeim tíma hefur kauptúnið verið miðstöð verslunar, útgerðar og annars athafnalífs á sunnanverðum Austfjörðum og hið afmarkaða landsvæði við voginn verið kjölfesta þeirrar byggðar, sem þar hefur þróast á rúmum 400 árum.

Svipmót og sérstaða byggðarkjarnans við voginn helgast af einstæðum bergmyndunum og landslagseinkennum, lítt raskaðri strönd og fjölbreyttu menningarlandslagi, sem mótast hefur vegna langrar búsetu og athafnasemi. Byggðin býr yfir mikilli sögu, sem lúrir við hvert fót mál og hefur varðveist í margvíslegum minjum frá fyrri tíð. Af sýnilegum mannvirkjum vega þyngst hin friðuðu og endurbyggðu verslunarhús frá 18. og 19. öld ásamt yngri húsum og búsetuminjum af ýmsum toga. Á grundvelli alls þessa nýtur hið áformaða verndarsvæði hverfisverndar skv. aðalskipulagi sem meginkjarni þess miðsvæðis kauptúnsins, sem unnið hefur verið að deiliskipulagi á um nokkurt skeið.

Vegna mikils verndargildis byggðarinnar við voginn hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkt að leggja til við mennta- og menningarmálaráðherra, að hið afmarkaða svæði verði gert að verndarsvæði í byggð í samræmi við lög nr. 87/2015. Sú umsókn er rökstudd í þessari greinargerð um leið og kynnt er stefna sveitarstjórnar um uppbyggingu svæðisins og þeir skilmálar um mannvirkjagerð og landslagsmótun, sem ætlað er að viðhalda og styrkja heildarsvipmót þess og menningarsögu- og náttúrufarslegt gildi til framtíðar.

Djúpavogi 5. júlí 2017

Andrés Skúlason,

oddviti Djúpavogshrepps

## Tillaga að verndarsvæði í byggð

### Afmörkun verndarsvæðis

Verndarsvæðið er 7,5 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupsins, sem nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við Voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá



Brandsvík og suður á norðurenda Brennicketts, þaðan til suðvesturs og inn fyrir samfastan kletthrygg (Hlíðarhús- og Hlíðarendakletta) og gömlu Djúpavogskirkju, en síðan til norðurs meðfram götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd Vogsins.

Afmörkun verndarsvæðis á sér sterka vísun í Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 og miðast að miklu leyti við afmörkun miðsvæðis og hverfisverndar á fyrrnefnu svæði.

*Afmörkun verndarsvæðis í byggð á Djúpavogi.*

### Byggingar, mannvirki og fornleifar innan verndarsvæðis

Allar byggingar, mannvirki og fornleifar sem eru innan ofangreindrar afmörkunar verndarsvæðis í byggð.

### Skilmálar

Í þessari fyrstu tillögu af verndarsvæði í byggð á Djúpavogi er lögð áhersla á að setja fram eins rúma skilmála og kostur er innan þess ramma, sem ákvæði laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð kveða á um. Ástæða þessa er tvíþætt:


1. Þróist skilmálar og reglur skref fyrir skref og í samvinnu við íbúa er líklegra að þeim finnst þeir geta haft áhrif á þróun og uppbyggingu heimabyggðar og almenn sátt skapist um verkefnið.<sup>1</sup> Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja gæfuríkan framgang verkefnisins til framtíðar litið.
2. Vinna við tillögugerð um verndarsvæði í byggð hefur varpað nýju ljósi á svæðið og í fyrsta skipti liggur nú fyrir heildstæð samantekt á staðhættum, sögu, þróun byggðar, fornleifum og byggingum á svæðinu. Hefur þetta veitt nýja sýn á svæðið. Til að tryggja yfirveguð og fagleg vinnubrögð er því nauðsynlegt að hugmyndir um nýtingu

<sup>1</sup> Kaplan, R., Kaplan, S. & Ryan, R.L. (1998). *With People in Mind. Design and Management of Everyday Nature*. Washington DC: Island Press.

svæðisins og áherslur innan þess fái rými til að gerjast og þróast eftir því sem tímar líða, frekari upplýsingar skjóta upp kollinum og ný sjónarmið koma fram.

Skilmálar þeir sem hér eru settir fram gera ráð fyrir samþættri verndun. Með því er átt við að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í að verndun og uppbygging haldist í hendur og breytingar innan verndarsvæðis miði að því að styrkja varðveislugildi einstakra þátta byggðarinnar.<sup>2</sup>

Skilmálarnir taka til 1) þess sem fyrir hendi er á verndarsvæðinu, þ.e. húsa, mannvirkja og umhverfis og almennarýma, og 2) nýrrar uppbyggingar innan svæðisins. Jafnframt taka



skilmálarnir til heilda/þyrpinga og til bygginga eða lóða innan einstakra þyrpinga.

Í töflu er verndarsvæðinu skipt upp í þrjú svæði; vestan, sunnan og austan vogsins. Hverju þessara þriggja svæða er svo aftur skipt upp minni heildir. Þá eru tilgreindar þær byggingar og önnur mannvirki sem eru innan afmörkunarinnar.

Í töflunni er getið um varðveislugildi svæðanna þriggja, heildanna innan hvers svæðis og bygginga og mannvirkja innan hvers heildar. Þá eru skilmálar gerðir um vernd og uppbyggingu svæðanna, heildanna, bygginganna og mannvirkjanna.

*Skipting verndarsvæðis; vestan, sunnan og austan vogsins.*

<sup>2</sup> Sjá Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. 3 Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð, s. 16.

	Svæði / hús	Varðveislugildi	Skilmálar
1	Svæði vestan vogsins	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram söguleg einkenni, samræma umfang og útlit bygginga og litaval mannvirkja.</li> <li>Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>Horfa skal sterklega til svæða milli mannvirkja. Móta skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Fella skal bílastæði eins vel að umhverfi og mögulegt er.</li> <li>Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> <li>Draga skal úr áberandi kennileitum á svæðinu sem ganga gegn ásýnd þess, staðháttum, umhverfi og menningarsögulegum einkennum.</li> </ul>
1.1	Gömlu verslunarhúsin	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimilt er að endurreisa byggingu sem hefði sterka skírskotun til Krambúðarinnar (3) hvað staðsetningu varðar. Leitast skal við að láta bygginguna falla með rökréttum hætti að gömlu verslunarhúsatorfunni þ.e. Löngubúð og Faktorshúsi.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi húsanna en þó aðeins ef slíkt samræmist heildarsvipmóti húsanna og er til þess fallið að styrkja sögulega skírskotun.</li> </ul>
1.1.1	Langabúð - Búð 1	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytingar á útliti Löngubúðar eru óheimilar.</li> </ul>
1.1.2	Faktorshús - Búð 3	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurgerð Faktorshúss skal í öllum meginatriðum fylgja þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og unnið hefur verið eftir. Að endurgerð lokinni eru breytingar á útliti hússins óheimilar.</li> </ul>
1.2	Bakki	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja skal samspil götu, lóða og bygginga með því að aðskilja þessa þætti með skýrum hætti.</li> <li>Hönnun og mótun göngugötu og dvalar- og útsýnissvæðis austan götunnar skal stuðla að því að greiðar og rökréttar tengingar verði milli svæða.</li> </ul>



1.2.1	Bakki 1 – Geysir	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar á útliti Geysis eru óheimilar.</li> <li>• Hönnun lóðar og afmörkun hennar skal að hafa sterka sögulega skírskotun.</li> </ul>
1.2.2	Bakki 2 - Bakkabúð og þvottaplan	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýbygging er heimiluð á lóðinni. Vegna áberandi staðsetningar lóðar í miðkjarna þéttbýlisins er sérstök ástæða til, ef ný bygging rís á reitnum, að hún taki ríkulegt mið af svipmóti nálægðrar byggðar m.a. hvað varðar umfang, útlit og litaval. Jafnframt þarf byggingin að falla að þeirri sögulegu umgjörð sem hún stendur á.</li> <li>• Umgjörð og umhverfi byggingar skal byggja upp í þágu miðbæjarlífs.</li> </ul>
1.2.3	Bakki 3 – Sætún	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að reisa nýja byggingu á lóðinni. Byggingin skal taka sterklega mið að nærliggjandi byggingum hvað varðar umfang, efni, stíl og litaval.</li> <li>• Hönnun lóðar og afmörkun hennar skal falla vel að umhverfi sínu.</li> </ul>
1.3	Strandlína, hafnarkantur og bílastæði norðan Sætúns	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að aðlaga fyllingar og grjóthleðslur að því marki sem hægt er, þannig að ásýnd standarinnar færirist nær náttúrulegu horfi.</li> <li>• Heimilt er að færa uppsátur af svæðinu.</li> </ul>

2	Svæði sunnan vogsins	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram sérstöðu svæðisins, samræma umfang, útlit og litaval bygginga / mannvirkja.</li> <li>• Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum og virða söguleg einkenni og samræmast hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæða milli mannvirkja. Móta skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Fella skal bílastæði eins vel að umhverfi og mögulegt er.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæðanna milli bygginga / mannvirkja. Setja skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Við hönnun og mótun bygginga/mannvirkja skal eftir fremsta megni horfa til svæðisins í samhengi út frá sögulegum minjum sem svæðið hefur að geyma.</li> <li>• Uppbygging á minja- og áningarstöðum innan svæðisins skal vera hófleg, vönduð og falla vel að landi, staðháttum og minjum á hverjum stað.</li> <li>• Leggja skal áherslu á, þar sem því verður við komið, að byggja upp gönguleiðir innan svæðis sem hafa sögulega skírskotun. Uppbygging gönguleiða skal vera vönduð og falla vel að landi og staðháttum.</li> <li>• Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> </ul>
2.1	Kirkjuaur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggja skal áherslu á að styrkja heildarásýnd svæðisins og styrkja skal ramma umhverfis byggingar.</li> <li>• Leggja áherslu á að tengja svæðið við önnur svæði innan verndarsvæðisins.</li> </ul>
2.1.1	Djúpavogskirkja gamla - Steinar 1A	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurgerð byggingarinnar skal í öllum meginatriðum fylgja þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og unnið hefur verið eftir. Að endurgerð lokinni eru breytingar á útliti byggingarinnar óheimilar.</li> <li>• Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar en þó aðeins ef slíkt samræmist heildarsvipmóti þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum og er til þess fallið að styrkja sögulega skírskotun.</li> </ul>

2.1.2	Presthúsið - Steinar 1	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skulu þær breytingar miða að því að styrkja sögulegt svipmót og ásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> </ul>
2.1.3	Dalir - Steinar 3	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skal leitast við í þeim efnum að styrkja svipmót og ásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> </ul>
2.2	Hlíðarhús – og Hlíðarendaklettur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leggja skal áherslu á að draga minjar fram og nýta þær til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> <li>Heimilt er að byggja upp gönguleið um Mensaldurssund. Gönguleiðin skal vera vel greiðfær, vönduð og falla mjög vel að landi og staðháttum.</li> </ul>
2.3	Svæðið milli klettanna	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leggja skal ríka áherslu á að minjar á svæðinu verði hluti af heildarásýnd svæðisins og þær séu nýttar til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> <li>Nýbyggingar á svæðinu skulu falla vel að heildarásýnd svæðisins og taka mið af svipmóti þess.</li> </ul>
2.3.1	Miðhús	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytingar, stækkun og/eða endurbætur skulu miða að því að viðhalda sem mest núverandi ásýnd.</li> </ul>
2.4	Brenniklettur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engar byggingar eru heimilaðar á svæðinu.</li> <li>Leggja skal áherslu á að draga minjar fram og nýta þær til að auka aðdráttarafl svæðis.</li> </ul>
2.5	Svæðið neðan Brennikletts	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimilt er að reisa tvær nýbyggingar á Bjargstúni. Byggingarnar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til Suðurkaupstaðar (29) hvað staðsetningu, útlit, hlutföll og umfang varðar. Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við Voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>Leggja skal áherslu á að uppbygging svæðis sé í þágu miðbæjarlífs.</li> <li>Leggja skal leggja ríka áherslu á að minjar á svæðinu verði hluti af heildarásýnd svæðisins og þær séu nýttar til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> </ul>

2.5.1	Vogaland 2a/2b - Við Voginn	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á útliti hússins skulu falla að byggð við Voginn, t.d. hvað hlutföll, litaval og merkingar varðar. Jafnframt skal þess gætt að viðhalda arkitektónískum einkennum byggingarinnar.</li> <li>• Leggja þarf áherslu á að umgjörð og umhverfi byggingarinnar miði að því að styrkja miðbæjarlíf.</li> </ul>
2.5.2	Hammersminni 2 – Bjarg	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á húsinu skulu miða að því að viðhalda sögulegum tengslum, t.d.</li> <li>• hvað staðsetningu, stærð, hlutföll og mælikvarða varðar.</li> </ul>
3	Svæði austan vogsins	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram söguleg einkenni, samræma umfang og útlit bygginga og litaval mannvirkja. Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum, sögu og menningu, og samræmast byggðinni kringum Voginn hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að endurgera hluta af gömlu bryggjunum og bryggjuhúsunum. Staðsetning og umfang bryggjana skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal einnig hafa sögulega skírskotun.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæðanna milli bygginga/mannvirkja. Setja skal skýran ramma um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Við hönnun og mótun bygginga skal eftir fremsta megni viðhafa skírskotun til sögulegra minja á svæðinu og samþætta nýju hlutverki og notkun.</li> <li>• Draga skal fram og veita upplýsingar um sögulega staði og minjar innan svæðisins.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að uppbygging svæðis sé í þágu miðbæjarlífs.</li> <li>• Leggja skal áherslu á, þar sem því verður við komið, að byggja upp gönguleiðir innan svæðis sem hafa sögulega skírskotun. Uppbygging gönguleiða skal vera vönduð og falla vel að landi og staðháttum.</li> <li>• Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> </ul>

3.1	Hóteltorfan	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkja skal ramma og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> <li>• Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við Voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>• Öll uppbygging, þ.m.t. nýbyggingar og/eða viðbætur við núverandi hús skulu taka ríkt tillit til gömlu hótelbyggingarinnar, hvað umfang, hlutföll, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja áherslu á að tengja svæðið við önnur svæði innan verndarsvæðisins og að uppbygging innan þess sé í þágu miðbæjarlífs.</li> </ul>
3.1.1	Vogaland 4 – Hótel Framtíð	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar breytingar sem gerðar eru á útliti Hótel Framtíðar skulu miða við að færa bygginguna sem næst upprunalegu formi.</li> </ul>
3.1.2	Vogaland 4 – Viðbygging	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót byggðarinnar við voginn og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> </ul>
3.1.3	Vogaland 4 – Meyjarskemman	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót byggðarinnar við voginn og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> </ul>
3.2	Ströndin	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggja skal áherslu á að endurgera að hluta til gömlu bryggjurnar og bryggjuhúsin á svæðinu. Staðsetning og umfang bryggjanna sem og efnisval skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal hafa sögulega skírskotun.</li> </ul>
3.2.1	Vogaland 7 – Trítón	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur hússins skulu falla hvað næst núverandi svipmóti þess t.d. hvað útlit, efnis- og litaval varðar. Heimilt er að reisa bryggju við húsið með hliðsjón af sögulegri skírskotun.</li> </ul>
3.3	Vogaland 12 (lóð)	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að reisa nýbyggingu. Hún skal falla vel að Sólvangi hvað varðar, útlit, hlutföll og umfang, jafnframt því að taka tillit til svipmóts byggðar við voginn.</li> <li>• Hönnun lóðar skal taka ríkulegt tillit til svipmóts byggðar við voginn.</li> </ul>

3.3.1	Vogaland 12 – Sólvangur	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á útliti hússins skulu miða að því að viðhalda sögulegum tengslum, t.d. hvað stærð, hlutföll og mælikvarða varðar.</li> <li>• Viðbætur við núverandi hús skulu taka ríkulegt tilliti til núverandi húss og svipmóts byggðar við voginn.</li> </ul>
3.4	Norðursvæðið	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>• Allar breytingar á núverandi byggingum skulu taka mjög ríkt tillit til Trítóns og miða að því að styrkja ásýnd og söguleg tengsl svæðisins.</li> <li>• Huga skal sérstaklega að svæðum milli bygginga. Setja skal skýran ramma um byggingar, styrkja tengsl milli þeirra og færa það sem næst upprunalegu horfi.</li> </ul>
3.4.1	Vogaland 3 – Naustavogur	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á húsinu skulu falla að byggð við voginn, t.d. hvað hlutföll, útlit og litaval varðar.</li> </ul>
3.4.2	Vogaland 5 – Vogur	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sérstaklega skal miða að því að breytingar og/eða endurbætur á húsinu miði að því að fella húsið sem best að byggð við voginn. Vanda skal sérstaklega til efnis- og litavals.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að bæta umhverfi hússins og aðlaga tengsl þess að umhverfi Trítóns.</li> </ul>
4	Ströndin fyrir botni vogsins	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að aðlaga fyllingar og grjóthleðslur neðan Kallabakka að því marki sem hægt er, þannig að ásýnd fjörunnar færist nær náttúrulegu horfi.</li> <li>• Heimilt er að reisa bryggjur og/eða bryggjuhús sem hafa sögulega skírskotun. Staðsetning og umfang bryggjana sem og efnisval skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal hafa sögulega skírskotun.</li> </ul>

## Samráð

Allt frá því hugmyndir um verndarsvæði í byggð litu fyrst dagsins ljós hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps verið áhugasöm um þátttöku og hefur séð mjög vænlega tengingu milli verndarsvæðis í byggð og deiliskipulagsvinnu fyrir miðbæjarsvæðið á Djúpavogi, sem nú er í gangi. Skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefnd (SFU) voru fyrst kynntar hugmyndir um verndarsvæði í byggð á fundi 24. júní 2015 í tengslum við vinnu að drögum að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæðið á Djúpavogi. Í framhaldinu voru íbúum kynntar hugmyndirnar á fundi 25. júní 2015 og lagt upp með að verndarsvæði í byggð væri mikilvæg forsenda í fyrrgreindri deiliskipulagsvinnu. Á fundinum var farið lauslega yfir helstu atriði frumvarps að lögum um verndarsvæði í byggð og hvað verndarsvæði í byggð fæli í sér.

Á fundi SFU 15. október 2015 var aftur rætt um verndarsvæði í byggð í tengslum við miðbæjarskipulag en þá höfðu lög nr. 87/2015 um verndarsvæði byggð verið afgreidd frá Alþingi. Frekari umræða um verndarsvæði í byggð fór svo fram á íbúafundi á Djúpavogi síðar sama dag. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti á fundi 16. október 2015 „að tillaga að verndarsvæði í byggð (sbr. lög nr. 87/2015) verði útbúin samhliða gerð deiliskipulags fyrir miðbæjarsvæði á Djúpavogi innan þess svæðis sem nú þegar nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Með þessu stefnir Djúpavogshreppur á að verða fyrsta sveitarfélagið á landinu til að útbúa tillögu af þessu tagi. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og formanni SFU að vinna að framgangi málsins.“

Djúpavogshreppur sendi inn umsókn um fjárveitingu til að hefja undirbúning verndarsvæðis í byggð til Minjastofnunar 30. nóvember 2015. Í kjölfar þess voru lögð fram drög að afmörkun svæðisins. Umræða um verndarsvæði í byggð fór fram á fundi sveitarstjórnar 19. maí 2016 og seinna sama dag á íbúafundi. Þann 15. ágúst 2016 ítrekaði Djúpavogshreppur umsókn sína frá 30. nóvember 2015. Minjastofnun Íslands samþykkti umsókn Djúpavogshrepps 14. september 2016.

Í kjölfar styrkveitingarinnar óskaði formaður SFU eftir að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér fornleifaskráningu innan þess svæðis sem afmarkað hafði verið og lauk þeirri vinnu í janúar 2017. Þá var hafist handa gerð tillögu og greinargerðar fyrir verndarsvæðið.

Fyrstu drög að tillögu og greinargerð voru kynnt á fundi SFU 23. febrúar 2017 og á íbúafundi seinna sama dag. Nokkuð endanleg greinargerð, drög að skilmálum auk uppdráttar var svo kynnt sveitarstjórn 15. júní 2017 og 28. sama mánaðar var vinnan kynnt íbúum. Tillaga að verndarsvæði í byggð ásamt greinargerð og uppdráttum var samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar 13. júlí 2017.

Kynningarefni vegna auglýsingar á tillögu að verndarsvæði í byggð var sent íbúum Djúpavogshrepps um miðjan júlí. Voru þeir hvattir til að kynna sér tillöguna og fylgiskjöl hennar sem voru aðgengileg á vef og á skrifstofu sveitarfélagsins frá 21. júlí til 1. september 2017. Ein athugasemd barst.

Sveitarstjórn samþykkti endanlega tillögu ásamt greinargerð og uppdráttum á fundi 14. september 2017 og vísaði í framhaldinu málinu til staðfestingar ráðherra.





# Djúpivogur


Verndarsvæðið við vögin

Greinargerð

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
1.1 Verndun byggingararfs og búsetuminja .....	5
1.2 Hverfisvernd og verndarsvæði við voginn .....	7
1.3 Deiliskipulag miðbæjarsvæðis.....	9
1.4 Cittaslow Djúpavogshreppur .....	10
1.5 Skráning menningarminja.....	10
1.6 Afmörkun og sérstaða verndarsvæðisins .....	12
2. Lýsing á byggðinni .....	15
2.1 Staðhættir og landslag .....	15
2.2 Þróun byggðarinnar .....	17
3. Kaupstaður við voginn .....	21
3.1 Söguágrip.....	21
3.2 Aðkomuleiðir í plássíð og aksturs- og gönguleiðir innan þess.....	27
3.3 Opin svæði og útsýnisstaðir.....	30
4. Verndarsvæðið við voginn .....	33
4.1 Minjar og forn mannvirki .....	33
4.2 Verndarsvæðið vestan vogsins .....	36
4.2.1 Gömlu verslunarhúsin - Búð .....	36
4.2.2 Bakki .....	58
4.3 Verndarsvæðið sunnan vogsins .....	68
4.3.1 Kirkjuaur - Steinar .....	68
4.3.2 Svæðið milli klettanna .....	77
4.3.3 Svæðið neðan Brennikledds.....	83
4.4 Verndarsvæðið austan vogsins .....	95
4.4.1 Framtíðin og horfin hús .....	96
4.4.2 Höskuldarskúr .....	104
4.4.3 Smeltiríð.....	104
4.4.4 Sólvangur – Vogaland 12.....	107
4.4.5 Friðgeirsbryggja og Friðgeirshús .....	110
4.4.6 Sigfúsarbryggja og Sigfúsarhús .....	111
4.4.7 Gamla Íshúsið .....	115
4.4.8 Lifrarbræðsluhús KFB og Naustavogur - Vogaland 3.....	116
4.4.9 Vogshúsið -Vogaland 5.....	117

4.4.10 Trítón – Vogaland 7 .....	118
5. Mat á varðveislugildi byggðar.....	125
5.1 Greining á svipmóti svæðisins.....	125
5.1.1 Verndarsvæðið vestan vogsins.....	127
5.1.2 Verndarsvæðið sunnan vogsins.....	129
5.1.3 Verndarsvæðið austan vogsins.....	132
5.2 Varðveislumat.....	134
5.2.1 Varðveislugildi svæða, húsa og mannvirkja .....	134
5.3 Verndarflokkar.....	138
5.3.1 Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar .....	138
5.3.2 Verndarflokkar samkvæmt varðveislumati.....	141
6. Skilmálar um verndun og uppbyggingu .....	143
6.1 Skilmálar fyrir verndarsvæðið við voginn.....	143
6.1.1 Möguleikar til uppbyggingar .....	143
6.1.2 Aðsteðjandi hættur .....	144
6.1.3 Skilmálar fyrir verndarsvæðið við voginn .....	144
7. Staða verndarsvæðis innan skipulags .....	153
7.1 Aðalskipulag.....	153
7.2 Deiliskipulag.....	153
7.2.1 Svæðið vestan vogsins .....	153
7.2.2 Svæðið sunnan vogsins .....	154
7.2.3 Svæðið austan vogsins .....	154
7.3 Leyfisveitingar.....	155
Heimildir .....	156
Loftmyndir og kort .....	160
Umsögn Minjastofnunar og staðfesting ráðherra .....	161



**DJÚPIVOGUR - 1941**


## 1. Inngangur

Markmið þessarar greinargerðar er að kynna meginröksemdir fyrir þeirri tillögu sveitarstjórnar, að afmarkað svæði á Djúpavogi verði gert að verndarsvæði í byggð og njóti sérstakrar verndar skv. lögum nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016. Samantektin er unnin með hliðsjón af Leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um frágang á tillögu og greinargerð um verndarsvæði í byggð og skal hér fylgt úr hlaði með nokkrum orðum.

### 1.1 Verndun byggingararfs og búsetuminja

Ákvörðun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um sérstakt verndarsvæði við voginn á sér drjúgan aðdraganda, enda hefur friðun og vernd tiltekinna húsa og afmarkaðra svæða innan byggðarlagsins verið órjúfanlegur hluti þeirrar umræðu um skipulagsmál, sem farið hefur fram á vettvangi hennar og meðal íbúanna um langt árabíl.

Á undanförunum árum hefur Djúpavogshreppur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum og skráningu á búsetuminjum í hreppnum, þ.e. gömlum húsakosti og fornleifum. Þær aðgerðir eru í anda þeirrar stefnu sveitarstjórnar „að skapa umhverfissvæna ímynd af sveitarfélaginu“ með því meðal annars „að friða og vernda svæði og staði sem talið er að hafi mikilvægt gildi í náttúrufrægu og menningarlegu tilliti“.<sup>3</sup>



Segja má að fyrsti vísir að viðurkenningu sveitarstjórnar á mikilvægi byggingararfsins fyrir tilvist og skipulag byggðarinnar væri settur fram í *Aðalskipulagi fyrir Búlandshrepp og Djúpavog 1989-2009*, þar sem eitt meginmarkmiða skipulagsins var að „[v]arðveita sérkenni landslags og byggðar svo og sögufræg hús (mannvirki) muni og minjar“.<sup>4</sup>


Með þessu markmiði skipulagsins urðu þáttaskil í þágu verndunar, því að undir lok 8. áratugarins voru allt aðrar áherslur í farvatninu. Voru þá uppi stórtækar hugmyndir um að nýta mesta hluta svæðisins kringum voginn undir iðnaðarlóðar með tilheyrandi mannvirkjagerð og innsta hluta vogsins undir allstóra smábátahöfn. Teiknistofan Höfði vann að gerð *Tillögu að aðalskipulagi fyrir Djúpavog 1978 – 1988*, þar sem þessar hugmyndir voru settar fram. Gerð þessa skipulags lauk aldrei, þó svo að ákveðnum þáttum þess hafi verið fylgt eftir, s.s. byggingu hafnargarðs árið 1995. Í aðalskipulagi fyrir Búlandshrepp og Djúpavog var meira litið til sérkenna landslags og því dregið mjög úr umfangi mannvirkja við voginn, þótt enn væri gert ráð fyrir uppbyggingu iðnaðar og atvinnureksturs umhverfis hann.

<sup>3</sup> *Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020*, s. 97.

<sup>4</sup> *Aðalskipulag [...] 1989-2009*, s. 72.



Tillaga að Aðalskipulagi á Djúpvogi 1978 – 1988, sem unnin var af Teiknistofunni Höfða í júní 1978.




Aðalskipulag fyrir Búlandshrepp og Djúpvog 1989 – 2009, sem unnið var af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur.

Eftir gildistöku aðalskipulags fyrir Búlandshrepp og Djúpavog var fyrrgreindu stefnumiði í þágu verndunar byggðar fylgt eftir með ákvörðunum um endurgerð nokkurra gagnmerkra húsa í kaupúninu, í fyrstu Löngubúðar og Geysis, sem lokið var viðgerð á 1997 og 2000, og síðan Faktorshúss og Djúpavogskirkju eldri, sem unnið hefur verið markvisst að endurbyggingu á nokkur undanfarin ár.

Við gerð *Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008-2020*, sem var frágengið og samþykkt haustið 2009, var mörkuð skýr og afdráttarlaus stefna um verndun byggingararfsins og sett fram þessi þrjú meginmarkmið:

- Stefnt skal að verndun og/eða lagfæringum menningarminja og í þeim tilfellum sem við á skal þeim fundið nýtt og/eða viðeigandi hlutverk.
- Lögð verður áhersla á gerð áætlunar um hvernig skuli staðið að verndun og/eða lagfæringum menningarminja.
- Stefnt skal að gerð áætlunar um lagfæringu merkra svæða sem hafa verið í niðurníðslu á undanförunum árum.<sup>5</sup>



Í þessu augnamiði var við gerð aðalskipulagsins grafið fyrir um þróun byggðar í kaupúninu frá öndverðu og kortlögð 42 horfin hús og önnur eldri mannvirki, ásamt þeim sem enn eru varðveitt. Til undirbúnings friðunar einstakra húsa var ákveðið „að unnin verði húsakönnun fyrir sveitarfélagið í samstarfi við Húsafriðunarnefnd ríkisins og að henni lokinni verði tekin ákvörðun um hvort friðuðum húsum í sveitarfélaginu verði fjölgað“. Jafnframt var ákveðið að óska eftir B-friðun á húsinu Geysi til viðbótar Löngubúð og Faktorshúsi, sem njóta friðunar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.<sup>6</sup>

## 1.2 Hverfisvernd og verndarsvæði við voginn

Með aðalskipulaginu var ennfremur samþykkt hverfisvernd á allmörgum svæðum í þéttbýlinu, vegna „sérstæðrar náttúru, athyglisverðs fugla- og dýralífs, þjóðminja og merkra húsa“. Lagt var bann við hverskyns röskun á þessum svæðum. Meðal þeirra eru svæði „umhverfis Djúpavog / Djúpavogshöfn og byggðin þar“, svo og svæðið við gömlu Djúpavogskirkju, Prestshúsið og lækniþústaðinn Dalí.<sup>7</sup> Fyrirnefnda svæðið var skilgreint þannig:

Gert er ráð fyrir hverfisvernd á svæði sem markast af botni Brandsvíkur í suðri. Þaðan liggja mörkin að lóðarmörkum Vogalands 9 (Höfða) í austri, með lóðamörkum að Vogalandi og með götunni að Íshúskletti. Þar sveigja þau til austurs að neðri mörkum íbúðarbyggðar við Vörðu og með þeim til suðvesturs að Hammersminni. Þaðan

<sup>5</sup> *Aðalskipulag [...] 2008-2020*, s. 5.

<sup>6</sup> *Aðalskipulag [...] 2008-2020*, s. 55-56 og 152.

<sup>7</sup> *Aðalskipulag [...] 2008-2020*, s. 152-154.

sjónhending yfir í norðurenda Brennicketts og þaðan yfir í suðvesturhorn lóðar við Bakka 1 (Geysi). Fylgir línan efri mörkum lóða við Bakka 1 (Geysi) og 3 (Sætún). Þaðan sjónhending yfir í suðausturhorn athafnalóðar við Mörk 3, norður með lóðamörkum að hafnarsvæði og með mörkum hafnarsvæðis fram í sjó í Djúpavogshöfn. Þaðan fylgir markalína fjöruborði yfir í suðurenda tanga í Brandsvík. Um er að ræða fallega, ósnortna fjöru, umhverfi og byggð við voginn.<sup>8</sup>

Ákvörðun um hverfisvernd þessa svæðis var tekin „vegna ásýndar og lífríkis fjöru, fjölskrúðugs fuglalífs og byggðar umhverfis voginn, sem hjarta staðarins“. Mælt var fyrir um, að fjörunni mætti ekki „spilla með jarðraski eða hverju því sem valdið getur mengun“.

Ennfremur bæri að „vanda til allrar stefnumótunar varðandi skipulagsgerð og framkvæmdir á svæðinu og gæta þess að aðhafast ekkert það sem valdið getur sjónrænni mengun eða spillt



ásýnd merkra bygginga á svæðinu“.<sup>9</sup>

*Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Þéttbýlisuppráttur. Miðsvæði er markað með appelsínugulum lit. Opin svæði til sérstakra nota eru mörkuð í grænum lit. Hverfisvernd er mörkuð með hvítum línunum yfir aðra landnotkun. Afmörkun verndarsvæðis er sýnd með rauðri línu.*

Svæðið við Djúpavogskirkju eldri, Prestshúsið og gamla læknisbústaðinn Dali markast af lóðum húsanna, en hverfisvernd þess byggir á „sérstöðu svæðisins í bæjarmyndinni“, einkanlega þess rýmis, sem húsinn myndar sín á

milli. „Svæðinu má ekki spilla með neinu því sem dregur úr gildi þessa rýmis og húsanna þriggja umhverfis það.“<sup>10</sup>

Í aðalskipulaginu var einnig skilgreint sérstakt miðsvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs, sem fellur í stórum dráttum saman við mörk þeirrar spildu, sem nú hefur verið skilgreind sem *verndarsvæði í byggð*.<sup>11</sup> Innan miðsvæðisins eru fimm landnotkunarflokkar, þ.e. miðsvæði, íbúðarsvæði, hafnarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði. Sjálft verndarsvæðið umhverfis voginn er 60-150 m breið skák meðfram strönd hans að austanverðu, inn fyrir botn

<sup>8</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 156.

<sup>9</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 156.

<sup>10</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 156.

<sup>11</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 129-130.




og út fyrir gömlu verslunarhúsin að vestanverðu (Löngubúð og Faktorshús), og síðan upp með götunni Búlandi að austanverðu og suður á hæðina *Aurinn* eða *Kirkjuaurinn*, þar sem gamla Djúpavogskirkja stendur. Af þessu er ljóst, að mestallt verndarsvæðið lýtur ákvæðum hverfisverndar samkvæmt gildandi aðalskipulagi, eins og fyrr er lýst. Af þessu sést að aðalskipulagið dregur því upp skýrar forsendur fyrir afmörkun verndarsvæðisins.

### 1.3 Deiliskipulag miðbæjarsvæðis

Í aðalskipulaginu kveður á um að unnið skuli vandað deiliskipulag fyrir miðsvæði Djúpavogs, sem samkvæmt skipulaginu nær nokkurn veginn yfir allt svæðið umhverfis voginn og suður á Kirkjuaurinn. Hefur sú deiliskipulagsvinna staðið yfir allt frá árinu 2014 (sjá nánar kafla 7.2).

Í skipulagsvinnunni er stefnt að því að koma á fót öflugum miðbæjarkjarna innan miðsvæðis, líkt og greinir í aðalskipulagi<sup>12</sup>, samhliða því sem verndun er í hávegum höfð. Leiðarljós deiliskipulagstillögunnar er „íbúar í fyrirrúmi“ og eru áherslur deiliskipulagsins þær að þróun svæðisins sé í þágu íbúa og miði að því að auka lífsgæði þeirra og staðarvitund. Til að fylgja þessu eftir eru lagðar fram fjórar megináherslur: 1) Öryggi, þ.e. að skapa öruggt umhverfi og aðskilja gangandi, hjólandi og akandi umferð eins og kostur er; 2) fjölbreytni, þ.e. að skapa fjölbreytt umhverfi og rými



fyrir margvíslega starfsemi; 3) tenging, þ.e. að skapa tengingu við sögu, menningu og náttúru; 4) heild, þ.e. að skapa sterka heild og heildstæða ásýnd þar sem ólíkir þættir og/eða hlutar tengjast með rökréttum hætti.

Með tímanum hefur þó ástæða til að yfirfæra þetta leiðarljós og áherslur yfir á stærra svæði innan þéttbýlisins og hafa mörk deiliskipulagsins færst út og nær afmörkun þess nú talsvert út fyrir þau mörk sem aðalskipulag kveður á um.

*Afmörkun deiliskipulags miðbæjarsvæðisins.*

<sup>12</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 131.

## 1.4 Cittaslow Djúpavogshreppur


Enn fleiri stoðum er skotið undir metnaðarfulla verndarstefnu Djúpavogshrepps með þátttöku sveitarfélagsins í hinum alþjóðlegu samtökum Cittaslow. Með aðild sinni skuldbindur sveitarfélagið sig til að vinna að verndun náttúru- og menningarminja, sem og að uppbyggingu og endurgerð byggðs umhverfis með hliðsjón af og virðingu fyrir staðháttum, sögu og menningu.<sup>13</sup>



## 1.5 Skráning menningarminja

Í samræmi við markaða húsverndarstefnu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps fól hún TGJ - Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, að gera heildstæða könnun á elsta hluta byggingararfs sveitarfélagsins. Þeirri könnun var lokið í desember 2014, en hún var síðan gefin út í aukinni og endurbættri mynd haustið 2015 (127 bls.).

Húsakönnunin nær til 19 húsa og mannvirkja utan þéttbýlisins og 16 bygginga á Djúpavogi, sem reistar voru fyrir 1940 og þykja merkilegar í menningarsögulegu tilliti.<sup>14</sup> Af þeim fjölda standa 8 hús innan verndarsvæðisins, þ.e. Langabúð, Faktorshús, Geysir, Framtíð, Sólvangur, Trítón, Djúpavogskirkja eldri og Dalir, sem síðar er lýst (sjá kort).



Til grundvallar greinargerð um varðveislugildi verndarsvæðisins við voginn fól sveitarstjórn Djúpavogshrepps Fornleifastofnun Íslands ses að annast skráningu fornleifa á svæðinu. Skráning og rannsóknir á vettvangi voru unnar í nóvember 2016 af Kristborgu Þórsdóttur fornleifafræðingi, sem skilaði ítarlegri skýrslu um fornleifar á verndarsvæðinu í janúar 2017 (67 bls. ásamt kortum).<sup>15</sup>

Á þeirri landspildu, sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur skilgreint sem verndarsvæði í byggð, eru skráðar 51 fornleif. Það má teljast mikill fjöldi á tiltölulega litlu svæði, en þar af eru aðeins 20 minjar (40%) sýnilegar. Fyrir liggja miklar ritheimildir og aðrar upplýsingar um forn mannvirki á svæðinu, þar með taldar gamlar ljósmyndir, sem margar voru teknar af Nicoline Weyvad og Hansínu Björnsdóttur, ljósmyndurum á Teigarhorni. Þessu efni eru gerð rækileg skil í fornleifaskýrslunni, auk þess sem allar sýnilegar fornleifar innan verndarsvæðisins voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000<sup>16</sup> (sjá kort).

<sup>13</sup> Sjá m.a. <http://www.djupivogur.is/cittaslow>

<sup>14</sup> *Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014 - Aukin og endurúttefin 2015*. Útg. í desember 2014. Aukin og endurúttefin í september 2015. TGJ. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík

<sup>15</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017). *Fornleifaskráning á Djúpavogi. Verndarsvæði í byggð*. FS637-16301. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.

<sup>16</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 7 og 58-63.



Verndarsvæðið við voginn - afmörkun verndarsvæðis í byggð.

Fornleifar eru skilgreindar sem hverskonar mannvistarleifar, 100 ára og eldri, skv. 3. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012, en á verndarsvæðinu voru auk þess skráðar ýmsar yngri minjar, sem ekki teljast til fornleifa í skilningi laganna. Rökin fyrir því verklagi eru þessi:

Ákveðin þáttaskil verða í sögu Djúpavogs þegar Kaupfélag Berufjarðar var stofnað 1920 og yfir 300 ára sögu danskrar verslunar lýkur á staðnum. Um svipað leyti eða skömmu síðar eykst vélbátatúngerð og í austanverðum veginum byggja kaupmennirnir Tanke Hjemgaard, Friðgeir Hallgrímsson og Sigfús Sveinsson fiskihús og bryggjur. Talið var nauðsynlegt að skrá hús og aðrar minjar sem tilheyra þeim tíma þegar uppbygging eykst á Djúpavogi í upphafi 20. aldar og byggð þéttist og var miðað við að skrá flest mannvirki og minjar sem eru frá því fyrir 1930.<sup>17</sup>

Auk áður nefndra úttekta á gömlum húsakosti og fornleifum á svæðinu eru fyrirbyggjandi skrár yfir örnefni í landi Djúpavogs (Búlandsness). Unnið er að því að færa inn á kortagrunn öll örnefni á miðsvæðinu og í nánasta umhverfi þess. Að því verki loknu má segja að takist hafi

<sup>17</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 58.

að ná settu marki sveitarstjórnar um heildarskráningu og kortlagningu allra þekktra búsetu- og menningarminja á miðsvæði þéttbýlisins og þá um leið hins skilgreinda verndarsvæðis við voginn.

## 1.6 Afmörkun og sérstaða verndarsvæðisins

Eins og fyrr segir markast verndarsvæðið af allbreiðri skák meðfram strönd Djúpavogs og götunni Búlandi. Heildarflatarmál þess er 7,5 hektarar. Svæðið nær til meginkjarna elstu



byggðar í kaupúninu, sem jafnframt er meðal elstu verslunarstaða landsins, þar sem föst verslun og búseta hefur haldist óslitið frá ofanverðri 16. öld.


*Smábátahöfnin og gömlu verslunarhúsin með hinn tignarlega Búlandstind í baksýn. (Ljósmynd. Andrés Skúlason, 2015).*

Sá menningarsögulegi arfur, sem varðveist hefur í gömlum húsakosti og ríkulegri flóru fornleifa á svæðinu, ásamt lítt

raskaðri fjöru og helstu kennileitum í nánasta umhverfi, felur í sér einstæð tækifæri til verndar og uppbyggingar. Með varðveislu og endurgerð þriggja elstu húsanna við vestanverðan voginn, þ.e. Löngubúðar, Faktorshúss og Geysis, að viðbætti Framtíð og Djúpavogskirkju eldri, hefur verið stigið þýðingarmikið skref til verndar þessari arfleifð og gamalgrónu svipmóti byggðarinnar. Heildstæð stefnumótun um frekari verndun húsa og annarra menningarsögulegra minja, svo og ígrunduð heildarsýn varðandi skipulag svæðisins og byggingu nýrra mannvirkja í anda eldri byggðar, eru forsendur þess að vel takist til við að varðveita þá ásýnd og uppbyggingu svæðisins til frambúðar.

Í 5. – 7. kafla er gerð nánari grein fyrir sérstöðu og varðveislugildi svæðisins, helstu skilmálum um verndun þess, skipulag og framtíðaruppbyggingu.





**DJÚPIVOGUR - 1957**

## 2. Lýsing á byggðinni

Í þessum kafla er gefið örstutt yfirlit um staðhætti og upphaf byggðar á Djúpavogi, en nánar segir frá sögu kaптúnsins í næsta kafla.

### 2.1 Staðhættir og landslag

Djúpivogur stendur yst á Búlandsnesi við Berufjörð sunnanverðan og er syðsta höfn hinna eiginlegu Austfjarða. Vogurinn skerst djúpt inn í landið og dregur nafn sitt af því. Austan við voginn er allhár hraunás eða klapparhryggur, sem heitir *Bóndavörðuhraun*. Málvenja heimamanna er að nefna „hraun“ þær klapparhæðir, sem eru áberandi landslagsform á þessu



svæði og liggja samsíða frá norðaustri til suðvesturs ásamt berggöngum með lægðum á milli. Norðaustur af Bóndavörðuhrauni gengur Langitangi út í mynni Berufjarðar, en fram af honum eru Svartasker og ýmsir boðar og ribbur, sem skýla höfninni í austlægum áttum.

*Horft frá bækistöð Sigfúsar Sveinssonar útgerðar- og kaupmanns um 1930 yfir á Hjallsklett og Fiskimannatanga handan vogsins, þar sem aðstæður eru nú gjörbreyttar. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

Norðvestan við voginn gengur *Fiskimannatangi* til norðurs út frá gamla verslunarstaðnum, ásamt viðbyggðum skeifulaga brimvarnargarði til skjóls fyrir norðanveðrum. Á þessum slóðum hafa stórfamkvæmdir síðustu áratuga, með landfyllingum vegna hafnargerðar, fiskvinnsluhúsa og annarra mannvirkja, gjörbreytt staðháttum og landslagi utan við gömlu



verslunarhúsin. Það svæði fellur því utan marka verndarsvæðisins við voginn. Sjálf höfnin er einkar góð frá náttúrunnar hendi og var reyndar talin ein af bestu höfnum landsins á ofanverðri 18. öld.<sup>18</sup> Innsiglingin er hins vegar þröng og vörðuð blindskerjum.

*Horft af Brennikleppi um 1960 norðvestur yfir byggðina upp af Ytri-Gleðivík. Næst til hægri er húsið Geysir og Sætún að baki því, en suður af gatnamótunum eru útihús frá Geysi og vegurinn að Hlíðarenda og Miðhúsum, þar sem nú er aðkomuleiðin að tjaldsvæði bæjarins. (Myndasafn Ásdísar Þórðardóttur.)*

<sup>18</sup> Ólafur Olavíus (1965), s. 185; *Ferðabók Sveins Pálssonar I*, s. 365.



Útsýni af Hraunsklettum til norðausturs yfir byggðina um 1930. Næst er grasbýlið og prestssetrið Hraun (byggt 1888) og Hraunskambur við neðanvert túnið, þá bærinn Ekra til hægri og Gamli barnaskólinn fyrir miðri mynd, tvílyft steinhús, sem byggt var 1912. Austan við skólahúsið er Geysir og til vinstri Langabúð með viðbyggðu Sláturhúsi við vestanverðan voginn. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)

Vestur af Fiskimannatanga eru *Ytri-* og *Innri-Gleðivíkur*, aðskildar af Gleðivíkur- eða Svalbarðstanga. Við innri víkina er fiskimjòlsverksmiðja við nýja löndunarhöfn og skipulagt iðnaðarsvæði, en fyrir botni víkurinnar hafa „*Eggin*“, hið einstæða listaverk Sigurðar



Guðmundssonar myndlistarmanns, varðað leiðina frá því að þeim var komið þar fyrir sumarið 2009.

*Grasbýlið Sólhóll var byggt undir Sólhólsklettum, sem hétu áður Stekkaklettur eftir samnefndum smábýlum í túninu. Meðal þeirra var Kaupstaðarstekkur, þar sem rekið var fyrsta veitingahúsið á Djúpavogi. Sólhólshúsið (eldra) var byggt um 1880 og rífið 1930. (Ljós. Nicoline Weyvad. Þjms. Th-18.)*

Meðal helstu sérkenna í umhverfi og staðhättum Djúpavogs eru fyrnefndir klapparhryggir og

fjölmargin kambar eða tröllahlöð. Um er að ræða háar og þunnar klettabríkur, ýmist órofin klettabelti eða stakar strýtur, sem liggja frá norðaustri til suðvesturs. Þessir berggangar eru hraunfyllur úr fornum gosrásum og urðu til við eldumbrot fyrir milljónum ára. Hinar sérstæðu jarðmyndanir njóta hverfisverndar og má hvorki raska né spilla þeim með neinum hætti. Hið stórbrotna landslag hefur haft mótandi áhrif á legu og svipmót byggðarinnar, sem liggur dreifð um lægðir, brekkur og sund milli klettagarða. Af þeim hæstu, svo sem *Brennikletti* (Brennukletti) og *Bóndavörðuhrauni*, er afar víðsýnt yfir byggðina, út yfir eyjar



og sker fyrir landi og um víðfeðman fjallahringinn frá Streitishvarfi í norðri til Hvalness í suðri.<sup>19</sup>



*Stórbrotið útsýni er hvarvetna af klettahryggjum kaupsins. Hér sér yfir byggðina upp af Ytri-Gleðivík og Djúpavogi og norður til fjallgarðsins handan Berufjarðar. (Ljósmynd. Andrés Skúlason, 2015.)*

## 2.2 Þróun byggðarinnar

Í byrjun 16. aldar var lagður grunnur að kaupstað í landi jarðarinnar Búlandsness. Þá fluttu þýskir Hansakaupmenn frá Bremen (svonefndir Brimarar) aðstöðu sína til kaupskapar frá Gautavík við innanverðan Berufjörð suður í Fýluvog (Fúlúvík) við Hamarsfjörð, sem er aðeins steinsnar sunnan við Djúpavog. Höfnina kölluðu þeir *Ostfiordt in Ostfiordt-Süssel* og ráku þar verslun fram um 1600. Síðustu árin áttu þeir í harðri samkeppni við samlanda sína frá Hamborg, sem fengu með klækjabrögðum leyfisbréf Danakonungs 20. júní 1589 til verslunar á Djúpavogi.



*Grasbýlið Borg undir Borgarkambi í upphaflegri mynd. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar.)*

Um verslun Brimara við Fýluvog eru nánast engar sýnilegar minjar lengur, en vogurinn lokaðist af sandburði nærri aldamótum 1900, svo að nú stendur aðeins eftir stöðuvatn langt uppi á landi, norður af enda flugvallarins, fyrir austan byggðina.

Á litlum tanga, norðanvert við voginn, er þó talsvert stór og tvíhólfa tóft, sem vel gæti verið frá dögum Hansakaupmanna. Úr vognum var síðast róið 1911.<sup>20</sup>

<sup>19</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 5-6 og 198-199; *Sveitir og jarðir* III, s. 416; Hjörleifur Guttormsson (2002), s. 95-96, 101 og 107.

<sup>20</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 31-34; Ingimar Sveinsson (1989), s. 25-26; Ingimar Sveinsson (2003), s. 8-11 og 21; Hjörleifur Guttormsson (2002), s. 103; Jón J. Aðils (1971), s. 52-53 og 298; Ari Guðjónsson (munnleg frásögn).

Þótt verslun væri starfrækt samfelld við Fýluvog frá byrjun 16. aldar og síðar við Djúpavog, eru ekki heimildir um aðra byggð í nágunda við kaupstaðina fyrstu aldirnar en hjáleiguna *Borgargarð* (Búlandsneshjáleigu), en bæjarstæði heimajarðarinnar *Búlandsness* er í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Djúpavogi. Á hjáleigunni voru 8 manns í heimili árið 1703 og



jafnmargt búðarfólk til húsa í kaupstaðnum. Nærri öld síðar, eða við manntal 1801, bjuggu 9 sálir á hvorum stað, en árið 1845 voru 21 til heimilis í Borgargarði og tveimur grasbýlum og 11 íbúar í Djúpavogshöndlunarstað.<sup>21</sup>

*Séð ofan af Brennicketti út yfir verslunarsvæðið við voginn um 1930. Norðan við húsinn eru Hjallsklettur og Fiskimannatangi, sem nú eru horfnir vegna hafnargerðar og annarra mannvirkja. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*



*Séð af Bóndavörðuhrauni yfir voginn og byggðina vestan og sunnan við hann um 1930. Næst er Framtíðin, pakkhús og bryggjan framundan. (Ljósm. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-9.)*

<sup>21</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 37-39; *Manntal á Íslandi 1801*, s. 468; *Manntal á Íslandi 1845*, s. 566-567.



*Horft til vesturs af Bóndavörðuhrauni um 1930 yfir hina dreifðu byggð milli hraunanna. Næst eru býlin Bjarg og Grund undir Brennikleppi, en austan við þau liggur nú gatan Hammersminni og íbúðarhúsabyggð. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Myndasafn Öldu Snæbjörnsdóttur.)*

Grasbýlin tvö voru *Stekkar* og *Hlíðarhús*, sem stofnað var til árin 1834 og 1845, að því er helst verður ráðið. Fyrstu húsráðendur á Stekkum voru Jórunn Tómasdóttir og Samúel Friðriksson snikkari (1793-1849), sem talinn var sonur Friðriks VI. Danakonungs. Bærinn var síðar ýmist nefndur *Beruffjarðar-*, *Djúpavogs-* eða *Kaupstaðarstekkur*. Frumbyggjar í Hlíðarhúsi voru Kristín Sigurðardóttir og Jón Jónsson, hafnsögumaður og trésmiður, sem líkt og fleiri grasbýlis- og þurrabúðarmenn þessara tíma sinntu smíðum og öðrum störfum við verslunina.



*Horft af Brennikleppi út yfir hafnarsvæðið og byggðina vestan við. Í baksýn eru Búlandstindur og Beruffjarðarfjöll, snævi þakin. (Ljós. Andrés Skúlason, 2014.)*

Til ársins 1860 bættist aðeins eitt býli við byggðina, þ.e. *Borgargarðsstekkur*, en það ár voru íbúarnir 68 talsins. Með auknum umsvifum í verslun og útgerð á næstu áratugum fjölgaði

smám saman grashúsum og þurrabúðum, svo að árið 1890 töldust húsin alls 17 og íbúarnir 110. Þá höfðu eftirtalin 12 hús risið til viðbótar og öll utan verslunarsvæðisins við voginn: *Borgargerði, Hlíðarendi, Sjólust, Hlíð, Hammersminni, Hraun, Lundur, Bjarg, Halldóruminni, Von, Brekka* og *Fagrahlíð*. Um það leyti mátti Djúpavogur með réttu teljast þorp, en fljótlega upp úr aldamótum voru þar 20 hús með túnkraga í kring, þar sem heyjað var fyrir kú eða fáeinum kindum. Árið 1910 voru íbúar þorpsins 132 talsins.<sup>22</sup>

Vaxandi bygging grasbýla og þurrabúða í þorpslandinu undir lok 19. aldar og byrjun hinnar tuttugustu lagði grunn að því byggðarmynstri, sem æ síðan hefur einkennt Djúpavog. Grasbýlin risu gjarnan undir kletti og fengu til afnota afmarkaða spildu og skjólsælan túnblett, sem gaf af sér hálf tónn eða heilt kírfóður. Aðrar slægjur og hagagöngu varð að sækja út fyrir þorpsmörkin. Staðhættir og búskaparlag íbúanna mótuðu þannig ásýnd og fyrirkomulag byggðarinnar, sem liggur dreifð um lægðir og hæðir milli klettaása, sem skipta þorpinu í þrjú meginhverfi, sunnan og vestan við voginn.<sup>23</sup>



*Flugsýn yfir Djúpavog sumarið 2005, þar sem glögg sést hvernig klettahryggir skipta byggðinni í aðskilin hverfi. (Ljós. Andrés Skúlason.)*

Miðsvæðis er samfelldur byggðarkjarni, sem liggur suður eftir lægðinni upp frá Ytri-Gleðivík, vestan og sunnan við voginn, þar sem mörg elstu íbúðarhúsin byggðust sem grasbýli og þurrabúðir á fyrrihluta síðustu aldar. Annað hverfi liggur suður af austanverðum veginum og vestan við Bóndavörðuhraun, en vestast í þorpslandinu er íbúðarhúsakjarni undir Borgar- og Borgargerðiskömbum, þar sem samnefnd grasbýli og Borgargarður áttu fyrrum landnytjar.

<sup>22</sup> ÞÍ. Manntöl 1860, 1890 og 1910; Ingimar Sveinsson (1989), s. 37-56; Hjörleifur Guttormsson (2002), s. 104-105; *Sveitir og jarðir* III, s. 417.

<sup>23</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 5-6; Hjörleifur Guttormsson (2002), s. 105-107.

### 3. Kaupstaður við voginn

Frá því að fyrstu verslunarhúsin risu á svæðinu niðri við voginn hefur það verið kjarni byggðarinnar. Fram yfir miðja 19. öld áttu flestir íbúanna þar aðsetur og þangað lögðu aðkomumenn leið sína, ýmist til verslunar eða sjóróðra. Þrátt fyrir breytta tíma og aðstaður þjónar hafnarsvæðið ennþá sem miðstöð samfélagsins og dregur til sín sívaxandi fjölda ferðafólks á öllum árstímum.

#### 3.1 Söguágrip

Verslun Hamborgarmanna á Djúpavogi og Brimara við Fýluvog stóð aðeins í fáein ár og var bönnuð eins og annar kaupskapur Þjóðverja á Íslandi með lögleiðingu einoknarverslunarinnar árið 1602. Verslunarsvæði Djúpavogshöndlunar náði frá Gvendarnesi við Stöðvarfjörð suður að Skeiðará. Fyrstu árin var verslunarleyfið á hendi kaupmanna frá Málmei, en frá 1619 til 1787 sigldu að miklu leyti á Djúpavog kaupmenn frá Kaupmannahöfn. Síðasti verslunarstjóri konungsverslunarinnar þar, á árabílinu 1778-1787, var Georg A. Kyhn, sem einnig rak verslun á Útstekk við Reyðarfjörð og víðar um land.<sup>24</sup>



Verslunarstaðurinn Djúpavogur við Beruffjörð árið 1786, - teikning úr leiðangri Pouls de Løvenørn sjóliðsforingja. Efst og lengst til vinstri eru tvö hús, sem ekki er vitað til hverra nota voru, en norður af þeim er Langabúð eða forverar hennar, þ.e. Pakkhús (frá 1764) og Sláturhús (frá 1779), sem tengd eru saman með yfirbyggðu porti. Framan við húsina standa Krambúðin (a) frá 1750 og Faktorshús eða íveruhús verslunarstjóra (b) frá 1779. Á milli þeirra er Plássíð og niður af því bryggja og önnur mannvirki. Norður af þessum húsum er háreist, lítið hús með dyrum og tveimur gluggum (trúlega íveruhús verslunarþjóna), og næst því Síbería (Beykisbúð), sem snýr gafla að sjó. Nokkru fjær eða vestar standa enn fremur tvö óþekkt timburhús. Lengst til hægri ris Hjallsklettur og uppi á honum stendur Hjallurinn, sem var „et ottekantet Lægtehuus“ eða áttliðað rimlahús, skv. lýsingu. (Úr Poul de Løvenørn (1822), s. 33.)

Fróðlegt er að minnast hér þeirra voðaverka, sem alsírskir sjóræningjar unnu í kaupstaðnum sumarið 1627, er þeir gerðu strandhögg á Austfjörðum. Við sólarupprás 6. júlí sigldu þeir á tveimur skipum inn á Beruffjörð og hremmdu þar danskan bát úr kaupstaðnum með fjórum mönnum áður en þeir vörpuðu akkerum undan Berunesi. Þaðan reru þeir á þremur bátum suður yfir fjörðinn og lagði einn þeirra að dönsku kaupskipi á höfninni, þar sem skipverjar voru í fasta svefni og fengu engum vörnum við komið.

<sup>24</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 34-37; Ingimar Sveinsson (1989), s. 27-33.

Hinir bátarnir tveir renndu hljóðlega upp í flæðarmálið – annar sunnan hafnarinnar, en hinn norðan. Hlupu víkingarnir á land upp sem fætur toguðu og umkringdu kaupmannshúsin og búðirnar, svo að engum, sem þar var inni, skyldi auðnast að komast undan á flótta – flykktust síðan viðstöðulaust inn með brugðna branda. Hér fór sem úti á skipinu: Fólkið, sem vaknaði við þessa atburði af værum blundi, vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið, og var hver gripinn, þar sem hann var kominn – sumir naktir í rekkjum sínum, aðrir á hlaupum um húsin. Var allt fólkið fært í fjötra á svipstundu, dregið niður í fjöru og flutt á tveimur bátum út í víkingaskipin. Voru þeir fimmtán, sem fangaðir voru á Djúpavogi þennan morgun, allt danskt fólk nema einn.<sup>25</sup>



*Djúpvogur sumarið 1836, - teikning Auguste Mayer landslagsmálara. Að baki Krambúðar og íveruhúss verslunarstjórans standa fjögur hús í samfellðri röð með bili milli húsagafla. Óvíst er um nöfn og notkun tveggja syðri húsanna, en norður af þeim eru Pakkhúsið frá 1764 og Sláturhúsið frá 1779. Fyrir miðri mynd er Hjallurinn á Hjallskletti. (Úr Íslandsmyndum Mayers 1836, s. 131.)*

Með tilskipun Danakonungs 13. júní 1787 var verslun á Íslandi gefin frjáls öllum þegnum ríkisins. Árið eftir keypti Jens Lassen Busch (1747-1822) kaupmaður verslunarhúsin á Djúpavogi og rak þar verslun til 1818, er hann seldi reksturinn danska fyrirtækinu Örum & Wulff. Stofnendur þess voru Niels Örum og Jens A. Wulff, sem áður höfðu verið í þjónustu Kyhns kaupmanns og rekið verslun í samkeppni við hann á Eskifirði. Verslun sína á Djúpavogi ráku þeir sem selstöðuverslun að þeirrar tíðar hætti, líkt og aðrar verslanir sínar austanlands, þ.e. á Eskifirði, Seyðisfirði og Vopnafirði. Þeir bjuggu sjálfir í Kaupmannahöfn, en fólu reksturinn í umsjón verslunarstjóra, sem búsettir voru á staðnum.

Fyrsti verslunarstjóri Örum & Wulffs var Jón Stefánsson (1767-1818), sem var Breiðdælingur að uppruna og hafði áður þjónað verslun J. L. Busch um árabíl. Næstur tók við starfinu Hans Jónatan (1784-1827), þeldökkur strokuþræll af dönskum og vestur-indískum uppruna. Hann varð faktor árið 1819 og kvæntist árið eftir Katrínu Antoníusdóttur frá Hálsi. Ævintýralegu lífshlaupi hans hafa verið gerð verðug skil í bókarformi og heimildarkvikmynd. Þriðji

<sup>25</sup> Jón Helgason (1983), s. 31-32.

faktorinn, sem hér skal nefndur, var Niels P. E. Weyvadt (1815-1883), sem stjórnaði Djúpavogsverslun í 40 ár. Hann var jafnframt athafnasamur útgerðarmaður og rak ennfremur búskap á Teigarhorni, þar sem hann bjó síðast og byggði 1880-1881 íbúðarhús af timbri, sem nú er friðað og endurbyggt sem eitt af djásnum fólkvangsins.



*Verslunarhúsin við Djúpavog um 1872. Lengst til vinstri og fyrir vogsbotninum eru verslunarhús Suðurkaupstaðar (byggð 1862-1864), þar sem samnefnd verslun var rekin 1862-1866 og O. C. Hammer hvalfangari hafði síðan aðstöðu 1866-1871. Á verslunarlóð Örum & Wulffs hafði orðið sú breyting frá 1836, að búið var að byggja Faktorshúsið (byggð 1848), sem snýr langhlið að voginum og færa Löngubúð að fullu í núverandi búning. Sunnan við Löngubúð standa tvö timburhús, annað með keilulaga eða toppmynduðu þaki. Hlutverk þeirra er óþekkt og ennfremur heiti og notkun þess keilulaga timburhúss, sem stendur undir kletti, nýrst í húsaþyrpingunni. Kann þó að vera lífrarbræðsla eða reykhus. (Litad teikning úr The Illustrated London News 24. ágúst 1872. Einkaeign.)*



*Hafísrek inni á Djúpavogi ísaveturinn mikla 1873-1874. Bryggja Suðurkaupstaðar í forgrunni og fjær gamli Hjallurinn á Hjallskletti, en hákarlaskátur innikróaðar á voginum, líklega Ingólfur, Þórdís og Bonnesen, sem gerðar voru út frá Djúpavogi. (Ljós. Nicoline Weyvadt. Minjasafnið á Akureyri F1-157; frummynd Þjms. Th-21.)*



*Verslunarhúsin við voginn, trúlega um 1880. Næst til vinstri er Suðurkaupstaður, en verslunarhús Örum & Wulffs fjær. (Ljós. Noline Weyvad. Úr Ingimar Sveinsson (1989), s. 61.)*

Í rúm 100 ár var verslun Örum & Wulffs nánast einráð á Djúpavogi, eða allt til þess að Kaupfélag Berufjarðar var stofnað árið 1920 og keypti eignir fyrirtækisins. Var það síðan burðarás verslunar og atvinnulífs á staðnum um næstu áratugi og rak þar umfangsmikla starfsemi allt til ársins 1986. Ýmsir fleiri aðilar stunduðu verslun og útgerð á staðnum frá því um 1860. Um það leyti byggðu í félagi tveir danskir kaupmenn, Henrik H. Svendsen (1820-1862) og Elis Iversen (1822-1865), verslunarhús fyrir botni vogsins, sem nefnt var Suðurkaupstaður. Sú verslun var skammlíf, en árið 1866 keypti húsinn Otto Christian Hammer (1822-1892), danskur sjóliðsforingi, sem gerði út þilskip til hval- og hákarlaveiða frá Djúpavogi, svo og víðar austanlands til ársins 1871.



*Verslunarhús Örum & Wulffs á árabílinu 1880-1890. Aftast er Langabúð og Krambúðin framan við hana til vinstri. Utan við Krambúðina er Plássíð, þar sem lestamenn tjölduðu fyrrum, en Faktorshúsið til hægri. Til hliðar við það sér í gafl Siberíu, og á kletthrygg, norðvestur af húsunum, stendur Kornmyllan, sem var rifin nærri aldamótum. (Ljós. Noline Weyvad. Héraðsskjalasafn Austfirðinga / Þjms. Th-5.)*





Útsýn af Bóndavörðuhrauni norðvestur yfir voginn skömmu eftir aldamótin 1900. Í forgrunni er Smeltiríð (lifrabræðslan) fyrir miðri mynd og gamla Íshúsið til hægri, en handan vogsins rýkur úr strompi Bræðsluhússins vestan við hana. Kornmyllan og Hjallurinn eru horfin, en ennþá stendur keilulaga húsið norðan við Síberíu, sem líklega var lifrabræðsluhús. (Ljósm. Noline Weyvadt. Úr Ingimar Sveinsson (1989), s. 71.)

Frá því um 1830 stunduðu verslunarstjórar Örum & Wulffs, Christian D. Thaae og Niels P. E. Weyvadt, hákarlaveiðar á þilskipum af miklum þrótti, ásamt bændum við Berufjörð og fleiri athafnamönnum, uns þorsk- og síldveiðar náðu yfirhöndinni á síðasta fjórðungi aldarinnar.



Byggðin sunnan og vestan við voginn 1903-1905, séð af Bóndavörðuhrauni. Suðurkaupstaður er fyrir botni vogsins og suður af honum grasbýlið Grund undir Brennikleppi. Vestan við klettinn er Djúpavogskirkja (byggð 1893) á Aurnum lengst til vinstri, en fjær standa húsín Sólhóll (byggð 1880) og Hraun (byggð 1888) undir samnefndum klettum. Utan við kirkjuna er þurrabúðin Hlíðarendi undir Hlíðarendakleppi, þá gripahús frá Geysi og enn utar Hótel Geysir (byggð 1898). Lengst til hægri eru verslunarhús Örum & Wulffs. (Ljósm. Noline Weyvadt. Þjms. Th-7. Myndasafn Djúpavogshrepps.)



*Byggðin við voginn um eða fyrir 1920. Lengst til vinstri eru Langabúð og gamla Krambúðin (rifin um 1930). Nokkru sunnar er Geysir og örlítið sunnar eru útihúsin við enda Hlíðarendakletts, en austan við klettahygginn standa gamla verslunarhúsið í Suðurkaupstað og tómthúsið Hlíðarendi, svart að lit. Lengst til vinstri, við austanverðan voginn, er Íshús verslunar Örum & Wulffs (gamla Íshúsið) og allnokkru innar mótar óljós fyrir Smeltirínu, tjörguðu timburhúsi. Næst innan við það er lítið og ljósleitt hús, þ.e. Ísgeymsluhús Framtíðarinnar. Ögn sunnar stendur nýlegt Pakkhús, sem byggt var eftir 1916 í stað þess eldra, en Kolaskúrinn er óbyggður. Næst Pakkhúsinu stendur íbúðar- og verslunarhús Framtíðarinnar og að baki því eru útihús, þar af fjósið lengst til hægri. (Ljósm. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-17.)*

Árin 1906-1908 rak Gustav J. Th. Iversen, fyrrum verslunarstjóri Örum & Wulffs, eigin verslun í myndarlegu timburhúsi, sem hann keypti tilhöggvið frá Kaupmannahöfn og reisti við voginn. Þau ár var húsið nefnt *Suðurkaupstaður*, enda var sá eldri með því nafni þá löngu aflagður. Frá þeim tíma hefur húsið þjónað verslunar- og hótélrekstri á staðnum í rúm 110 ár. Verslun Iversens lagði upp laupana 1908, en næsta árið veitti hann forstöðu félagsverslun bænda, sem rekin var í húsinu. Frá 1909 til 1925 var starfrækt þar útibú Framtíðarinnar á Seyðisfirði og húsið upp frá því nefnt Framtíðin. Árin 1925 til 1946 var þar til húsa verslun Carls Bender, síðan póst- og símstöð 1946-1954 og verslun að nýju 1954-1966, en eftir það hótélrekstur til þessa dags. Eldri gisti- og greiðasala í kauptúninu var til húsa í Kaupstaðarstekk, Hótel Lundi (1884-1896) og Hótel Geysi (1898-1908), en það hús stendur enn skammt suðvestur af Löngubúð, eins og brátt verður lýst.

Undir lok 19. aldar lagðist útgerð þilskipa af á Djúpavogi, svo að um nokkurt skeið voru fiskveiðar að mestu stundaðar á árabátum á grunnmiðum. Talið er að fyrsti vélbáturinn hafi komið til Djúpavogs árið 1905 og á næstu árum fjölgaði smám saman slíkum bátum. Þaðan voru auk þess gerðir út á vertíðum viðlegubátar frá Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði. Þar komu helst við sögu fjórir austfirskir athafnamenn, sem byggðu fiskverkunarhús, sjóbúðir og bryggjur við voginn og höfðu þar mikil umsvif á árabílinu 1920-1930. Þessir kaup- og útgerðarmenn voru Sigfús Sveinsson og Lúðvík Sigurðsson á Norðfirði, Friðgeir Hallgrímsson á Eskifirði og Tanke Hjemgaard á Seyðisfirði. Mannvirkja frá þeirra tíð er getið

hér á eftir, en kaflaskil urðu í útgerðarsögu þorpsins eftir 1946 með stofnun útgerðarfélaganna í eigu heimamanna, kaupum á stórum fiskiskipum og byggingu frystihúss og hafnarbryggju.<sup>26</sup>



*Djúpavogur um 1930. Suðaustan við voginn má sjá þrjár bryggjur útgerðarmanna. Lengst til vinstri er Framtíðarbryggjan og upp af henni sést bakhlíð Pakkhússins. Ögn utar sér ofan á þak Íshúss Framtíðarinnar, en fyrir miðri mynd er bryggja Friðgeirs Hallgrímssonar, framundan Sólvangi. Til hægri eru bryggja og hús Sigfúsar Sveinssonar, en í horni myndarinnar er gamla Íshúsið ásamt Ísgeymsluhúsi, sem byggð voru 1880 af Örum & Wulff. Fyrir norðan voginn eru bryggja og eignir Kaupfélags Berufjarðar (áður Örum & Wulffs), en gamla Krambúðin er horfin. (Ljósm. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-74.)*

### 3.2 Aðkomuleiðir í plássið og aksturs- og gönguleiðir innan þess

Athafnasvæðið við voginn hefur verið þungamiðja byggðarinnar frá fyrstu tíð, en þaðan lágu alfaraleiðir inn með Berufirði og Hamarsfirði. Innan frá bænum Búlandsnesi lá leiðin út að svonefndum Háaurum, sem eru niður undan kirkjugarðinum, þar sem núverandi akvegur liggur af þjóðveginum ofan í þorpið. Á Háaurum greindist vegurinn, eins og segir í örnefnalýsingu (sjá yfirlitskort):

Venjulega gönguleiðin var um Borgargarðsskot og túnið í Borgargarði, en utan við það komu vegirnir aftur saman. Reiðvegurinn lá hinsvegar frá Háaurunum norður fyrir Olnboga og nefndist Norðurgata. Við Olnbogann komu saman Norðurgata og vegurinn frá Teigarhorni og lá leiðin síðan út á Djúpavog. [...] Vegurinn upp frá þorpinu lá um

<sup>26</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 37-74; Ingimar Sveinsson (1989), s. 27-36, 57-62, 89-101, 111-138, 161-162 og 181-192; Ingimar Sveinsson (2003), s. 15-21; *Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009*.

Kaupstaðarklif, allbratta brekku milli kletta. Vegur var síðan lagður annarsstaðar þegar bifreiðaumferð jókst<sup>27</sup>



*Horft til vesturs af Kaupstaðarklífinu sumarið 1836 með augum Auguste Mayer landslagsmálara. Götuslóði liggur að Borgargarðsklettum, sem eru ofan við reiðmennina til vinstri. Fyrir miðri mynd er Miðmorgunspúfa og lengst til hægri Hálsfjall, en undir því eru svokallaðir Hálsar. (Teikn. Auguste Mayer. Íslandsmyndir Mayers 1836, s. 127.)*



*Daníel Færeyingur (lengst til vinstri) og fleiri ferðalangar á leið upp Kaupstaðarklífið með sláturafurðir. (Ljós. óþekktur. Úr Ingimar Sveinsson (1989), s. 77.)*

<sup>27</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 195-197 (lýsing Birgis Thorlacius frá Búlandsnesi).



*Horft niður Kaupstaðarklifrið um 1960. Steinhúsin þrjú sem næst standa eru Vegamót, Þórsmörk og Ásgarður. (Myndasafn Sigurðar Gíslasonar.)*

Nú er meginaðkomuleiðin fyrir akandi umferð ofan í voginn um göturnar *Búland* og *Vogaland*, en frá þeirri síðarnefndu liggur gatan *Bakki* inn á svæðið, vestan við voginn. Hún flytur umferðina áleiðis og fram á brekkubrún, en sveigir síðan til vesturs sunnan við

Löngubúð, þar sem gatan *Búð* liggur niður brattann, austan við gömlu verslunarhúsin, og niður á hafnarsvæðið. Undir *Brennikletti* liggur *Vogaland* áfram á uppfyllingu fyrir botni vogsins að gatnamótum vestan við *Hótel Framtíð*, en þaðan sveigir gatan út ströndina að



austanverðu. Frá *Vogalandi* sveigir *Hammersminni* hins vegar suður eftir íbúðahverfinu í slakkanum milli *Brennikletts* og *Bóndavörðuhrauns*.

*Útsýn af kambinum rétt fyrir 1970. Gamla alfaraleiðin frá Kaupstaðarklifinu hlykkjast niður í byggðina. (Ljós. Ingimar Sveinsson.)*

Almennt má segja að gönguleiðir um svæðið fylgi götum. Helsta gönguleið innan svæðisins er um

Bakka og er unnið að afmörkun og uppbyggingu göngugötu austan götunnar frá *Vogalandi* að gömlu verslunarhúsunum og niður á hafnarsvæðið. Innan verndarsvæðisins eru þrjár gönguleiðir, sem ekki fylgja götum. Fyrsta má nefna gönguleið neðan við *Kallabakka*, milli hafnarsvæðis og *Vogalands*. Síðan er gönguleið efst á *Bjargstúni*, sem liggur frá verslunar- og



veitingastaðnum *Við Voginn* að gatnamótum *Hammersminnis* og *Vörðu*. Loks er gönguleið frá *Hótel Framtíð* í nokkuð beina stefnu að *Grunnskóla Djúpavogs*, sem stendur við *Vörðu*.

*Horft niður Kaupstaðarklifrið í sumarbyrjun 2017. Gamla alfaraleiðin er nú snyrtilegur og malarborinn göngustígur með áþekkri ásýnd og fyrr á öldum. (Ljós. Andrés Skúlason.)*



Aðkomuleiðir inn á svæðið og aksturs- og gönguleiðir innan svæðisins.



Frá gatnamótum Bakka og Vogalands liggur einnig afleggjari suður á tjaldsvæðið. Handan hans er verslunar- og veitingastaðurinn Við Voginn, en til vinstri er Bakkabúð, þar sem áður var bensínstöð með þvottaplani. (Ljósm. Andrés Skúlason, 2015.)

### 3.3 Opin svæði og útsýnisstaðir

Byggð á verndarsvæðinu er nokkuð gisin, svo að talsverðan hluta þess þekja spildur, sem aðgengilegar eru almenningi og líta má á sem opin svæði. Það á sérstaklega við um botn vogsins og út með honum að austanverðu. Samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru opin svæði skilgreind mun þrengra. Þar er gert ráð fyrir útvistarsvæði í fjörunni við botn vogsins, á Bjargstúni og við norðurenda Hlíðarendakletts. Tjaldsvæðið á Djúpavogi, sem staðsett er í lægðinni milli Brennicketts og Hlíðarenda-/Hlíðarhúscketts, er einnig að hluta til innan verndarsvæðisins. Í tengslum við afmörkun á göngugötunni við Bakka er einnig gert ráð fyrir opnu svæði kringum gömlu bensínstöðina og á gamla þvottaplaninu á Kallabakka.



*Tjaldsvæðið er á friðsælum stað í slakkanum milli Brennikledds og Hlíðarenda- og Hlíðarhúskletta. Íbúðarhúsið Miðhús (byggt 1946) gegnir nú hlutverki þjónustuhúss tjaldsvæðisins. (Ljós. Andrés Skúlason, 2015.)*

Víða er útsýni gott innan verndarsvæðisins og sýnu best efst á Brennikleddi. Þaðan má skyggjast yfir samfelld verndarsvæðið, allt frá gömlu Djúpavogskirkju í suðri að húsinu Trítón í norðri. Á aflögðu bílaþvottaplani við Bakka má njóta fallegs útsýnis yfir höfnina og allt norður á Berufjarðarströnd. Austan vogsins eru enn fremur fallegir útsýnisstaðir, þar sem áður stóðu Friðgeirsbryggja og Sigfúsarskúrar. Þaðan blasa við gömlu verslunarhúsin handan vogsins og yfir byggðinni trónir hinn formfagri Búlandstindur.



*Útsýni af Brennikleddi yfir Djúpavogshöfn og byggðina næst vognum. Fremst er veitingastaðurinn Við Voginn, en lengst til vinstri er húsið Geysir, sem nú þjónar sem ráðhús Djúpavogshrepps. Framundan því, á svonefndum Kallabakka, er aflögð bensínstöð með þvottaplani, en ögn fjær standa gömlu verslunarhúsin ásamt útgerðar- og hafnarmannvirkjum. Gatan Vogaland liggur þvert fyrir botni vogsins og hlykkjast síðan út með honum að austanverðu. Undir klettinum til hægri sést hluti Bjargstúns, en fjær standa hús Hótelis Framtíðar og húsið Trítón yst á ströndinni. (Ljós. Páll Jakob Lindal, 2017.)*



**DJÚPIVOGUR - 1978**



## 4. Verndarsvæðið við voginn

Í þessum kafla er fjallað um allar þær minjar og fornu mannvirki, sem heimildir finnast um að verið hafi innan skilgreinds verndarsvæðis. Margt af því er löngu horfið sjónum, en annað stendur eftir og tengir saman fortíð og nútíð á lifandi hátt. Meðal þess eru 8 gömul hús, sem byggð voru fyrir 1931 og njóta ýmist friðlýsingar og friðunar skv. lögum eða þykja varðveisluverð vegna menningarsögu- og byggingarlistarlegs gildis. Hér er einnig getið lauslega yngri húsa og mannvirkja, sem byggð hafa verið á verndarsvæðinu á síðustu áratugum og setja sinn svip á ásýnd þess.

### 4.1 Minjar og forn mannvirki

Ströndin frá botni Brandsvíkur við austanverðan voginn og meðfram honum, inn fyrir botn og langleiðina út undir höfnina að vestanverðu, skartar ennþá nánast ósnortinni fjöru, þrátt fyrir rösklega 400 ára búsetu og athafnalíf. Verndarsvæðið er að öðru leyti talsvert raskað af framkvæmdum að fornu og nýju, bæði hafnargerð, vegalagningu og annarri mannvirkjagerð. Engu að síður eru skráðar um 50 fornleifar og minjastaðir innan verndarsvæðisins, sem teljast verður einstætt á jafn afmörkuðu rými. Meðal þeirra eru átta gömul hús (byggð fyrir 1931), sem enn eru varðveitt, svo og 20 sýnilegar fornminjar. Þær eru hnitsettar á korti af




verndarsvæðinu með rauðum deplum og gulum útlínum. Þeir minjastaðir, sem einungis eru heimildir um og ekki sjást lengur á yfirborði, eru hins vegar aðeins auðkenndir með rauðum deplum.

*Lestun kaupskipa á Djúpavogi. Útskipun á fiski og öðrum afurðum frá „Danish Fising Company's Station at Berufjörð“. (Einkaeign. Myndin er merkt Mc Farlane & Erskine, Lith., Edin.)*

*Til vitnis um forna verslun á Djúpavogi eru meðal annars krítarpípur frá 17. eða 18. öld, sem fundust við dýpkun hafnarinnar um 1970. Gripirnir eru í eigu Sigurðar Guðjónssonar á Djúpavogi. (Ljós. Andrés Skúlason.)*




Minjar á verndarsvæðinu gefa dágóða mynd af sögu og þróun byggðarinnar við voginn, allt frá því að fyrstu verslunarhúsin voru reist þar undir lok 16. aldar. Fornleifaskýrsla Kristborgar Þórsdóttur frá 2017 er því ákjósanleg leiðarlýsing um verndarsvæðið, sem ferðast verður um í þessum kafla. Til hagræðis er svæðinu skipt í þrennt, þ.e. *verndarsvæðið vestan, sunnan og austan vogsins*.



Þrjár hlutar verndarsvæðisins við voginn - svæðið vestan vogsins (fjólublátt), svæðið sunnan vogsins (appelsínugult) og svæðið austan vogsins (grænt).

Auk skýrslu Kristborgar<sup>28</sup> er leitað fanga um fróðleik í Húsakönnun TGJ frá 2014, fasteignaúttektum frá árunum 1916, 1930 og 1940, byggðarsöguritam og ýmsum öðrum heimildum, þar sem getið er helstu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja. Öll hús og minjastaðir eru tölusett og nafngreind á korti ásamt nokkrum örnefnum til viðmiðunar.

<sup>28</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 13-63.



Skráðar fornleifar innan verndarsvæðisins við vögin

## 4.2 Verndarsvæðið vestan vogsins

Ástæðulaust er að ætla annað en að verslunarhús hafi frá öndverðu staðið á því svæði við vestanverðan voginn, þar sem nú standa ennþá *Langabúð* (1) og *Faktorshús* (2) (sjá kafla 4.2.1.1 og 4.2.1.2). Má raunar telja líklegt, að danskir kaupmenn hafi yfirtekið hús Hamborgarkaupmanna við brotthvarf þeirra eftir 1602 og nýtt þau um næstu áratugi. Á þessu svæði er vitneskja um ýmsa minjastaði og mannvirki, sem nú sjást engin merki um lengur. Meðal þeirra eru nokkur timburhús, sem skv. ritheimildum og ljósmyndum stóðu þar allt frá 17. öld. Um uppruna, líftíma og notkun nokkurra húsa, sem nú eru löngu horfin, verður ekki fullrytt lengur, auk þess sem sum þeirra gegndu breytilegum hlutverkum í tímans rás.



*Endurgerð þeirrar teikningar, sem gerð var í leiðangri Pouls de Løvenørn 1786 og birtist í strandlýsingu hans (útg. 1822). Efst og lengst til vinstri eru tvö timburhús, sem ekki er vitað til hverra nota voru. Fremst standa Krambúðin (frá 1750) til vinstri og íveruhús verslunarstjóra eða Faktorshús (frá 1779) til hægri með afgirtum garði framan við, en á milli húsanna er Plássíð. Bakatil eru Pakkhúsið (frá 1764) til vinstri og Sláturhúsið (frá 1779), sem mynda Löngubúð, en á milli þeirra er yfirbyggt port með stórum dyrum. Norður af Sláturhúsinu er háreist tréhús með tveimur gluggum, sem trúlega var íveruhús verslunarþjóna, en utan við húsið stendur Síbería (Beykisbúð) og snýr gafla að sjó. Nokkru fjær eða norðvestan við Síberíu stendur emfremur hús, sem óþekkt er hvaða hlutverki gegndi. (Úr Langabúð 1997.)*

### 4.2.1 Gömlu verslunarhúsin - Búð

Varðveist hafa tvær úttektir eða skoðunargjörðir, sem gerðar voru á verslunarhúsunum á 18. öld, þ.e. árin 1742 og 1758.<sup>29</sup> Skv. þeirri eldri voru þá þessi hús á staðnum: 1) *Íbúðarhús verslunarþjóns*, sem einnig var notað sem beykis- og mörgeymsluhús, 2) *verslunar- og vörugeymsluhús* (þ.e. krambúð og pakkhús), 3) *sláturhús*, og 4) *lítið hús*, sem ekki er ljóst til hvers var notað. Árið 1758 voru talin aðeins þrjú hús, þ.e. fyrrnefnd íbúðar- og verslunarhús og nýtt *sláturhús*, sem þá hafði verið byggt í stað hins gamla.<sup>30</sup> Virðist raunar sem láðst hafi að tilgreina svonefnda *Krambúð*, sem byggð var 1750 (sjá síðar). Að öðru leyti voru húsin sögð „gömul“,<sup>31</sup> enda voru þau elstu reist skömmu fyrir 1640.<sup>32</sup>

<sup>29</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 9-10.

<sup>30</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 9-11.

<sup>31</sup> Sjá Ingimar Sveinsson (1989), s. 181.

<sup>32</sup> Hjörleifur Stefánsson (1993), s. 83.

Á næstu árum voru byggð þrjú ný hús í stað hinna eldri. Árið 1764 var reist *Pakkhús* af



bindingsverki og árið 1779 var byggt nýtt *Sláturhús* af láréttum stökkum eða plönkum við norðurgafli pakkhússins. Þessi hús stóðu á sama grunni og núverandi Langabúð, en þetta sama ár (1779) var einnig reist nýtt og plankabyggt íveruhús fyrir verslunarstjóran, framan við Sláturhúsið.<sup>33</sup>

*Skotskífa frá 1791 og gerð fyrir J. L. Busch kaupmann. Meðfram brún hennar er gulur rammi með þessari áletrun: IENS LASSEN BUSCH. D: 1. IUNI. MDCCXCI. Í miðju skýfunnar er olíumálverk af verslunarstaðnum á Djúpavogi, en á legunni er tveggja mastra kaupskip undir dönskum fána (sjá nánar meginmál). Þjms. Lpr/1997-331.*

Þetta var meðal annars sá húsakostur á verslunarstaðnum,

sem Jens L. Busch keypti af konungi árið 1788, eins og sjá má á teikningu frá árinu 1786. Þó verða einungis greind fjögur hús á annarri mynd, sem þekkt er af Djúpavogskaupstað frá þessum tíma. Hún prýðir skotskífu, sem gerð var fyrir Busch kaupmann árið 1791. Myndin er fremur óskýr og óvíst hversu sannferðug heimild hún er. Eftirtalin hús má þó með vissu greina: Til vinstri og nær sjónum var *Krambúðin*, þ.e. verslunar- og vöruheimslohu síð frá 1750, og á bak við hana stóð *Pakkhúsið* frá 1764. Örskammt frá norðurgafli þess stóð *Sláturhúsið* frá 1779, en neðan við það og nær voginum var *Íbúðarhús verslunarstjórans*, sem byggt var sama ár. Norðan við þessi hús virðist einnig móta fyrir húsi, sem hlyti þá að vera *Síbería*, sem var plankabyggt hús og reist af Busch kaupmanni sem beykisbúð árið 1789.<sup>34</sup> Umhverfis húsapyrpinguna var garður og lítil bryggja fram af húsunum út í voginn. Sunnan við þau var ennfremur slegið tún með rifgörðum og ofan við það virðast hafa staðið eitt eða tvö hús, jafnvel af torfi og grjóti, að því er best verður séð.<sup>35</sup>

Sumarið 1814 hafði skoski trúboðinn Ebenezer Henderson viðdvöl á Djúpavogi og gisti hjá Jóni Stefánssyni verslunarstjóra. Fékk hann til íbúðar stóra stofu og vakti það furðu hans „að finna þar allstórt bókasafn lestrarfélags“, sem Jón stofnaði. Henderson leist einnig vel á aðstæður í plássinu og lýsti þeim svo: „Er þar ein sölubúð og nokkrar vöruskemmur. En öll eru þessi hús fremri því, er annars gerist, bæði að stærð og falletu byggingarlagi.“<sup>36</sup>

<sup>33</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 11.

<sup>34</sup> Í fasteignamati 1930 og 1942 var byggingarár Síberíu þó talið 1798, sem áreiðanlega er misritun.

<sup>35</sup> *Skotskífur úr fórum* [...], s. 8-9.

<sup>36</sup> Henderson, Ebenezer (1957), s. 136-137.



Skotskífa frá 1848, gerð fyrir Jens A. Wulff yngri (1817-1873) kaupmann. Meðfram brún hennar er málaður borði með þessari áletrun: I. A. WULFF. DEN 14 JUNI 1848. Austan við voginn eru tveir karlmenn og úti á legunni tveggja mastra galeas-kaupskip fyrir fullum seglum (sjá nánar meginmál). Þjms. Lpr/1997-335.

Yngri teikningar sýna enn fremur aðstæður og húsakost í kaupstaðnum síðar á öldinni, þótt sitthvað kunni að skorta á nákvæmni þeirra. Um er að ræða teikningu Auguste Mayer frá 1836 og málverk óþekkts listamanns á skotskífu J. A. Wulffs kaupmanns frá 1848. Samkvæmt þeirri mynd var skipan verslunarhúsanna með líku sniði og fyrir er lýst. Pakkhús og Sláturhús voru þá einnig tilsýndar sem ein bygging undir sama þaki, þótt aðskilin væru með porti. Norðan við húsalengjuna stóðu tvö timburhús,



trúlega íveruhús verslunarþjóna nær og Síbería (beykisbúðin) fjær. Allnokkru norðar, til hægri við seglabúnað skipsins, voru einnig teiknuð tvö aðskilin hús, sem engar heimildir eru um, og enn fremur tvö eða þrjú torf- eða timburhús sunnan við verslunarhúsin. Framan við þau var „hlaðið virki eða garður og við hann [byggt] smáhýsi, líklega kamar“. Annað áþekkt hús stóð á lágum stólpum „í fjörunni framan við garðinn, á móts við hliðið í garðinum“.<sup>37</sup>

Þessi silfurpeningur fannst í gólfri Faktorshússins í janúar 2008, þegar unnið var að viðgerð á húsinu. Myntin er úr norsku silfri og slegin í Kónsbergi árið 1653. Á framhlið hennar er mynd af ljóni, sem hangir á öxi, sem er þjóðartákn Norðmanna. Í borðanum umhverfis stendur: FRIDERIC III. DG. DAN: Er myntin því merkt Friðriki III. Danakonungi, sem ríkti 1648-1670. Á bakhlið peningsins stendur í miðju: II SKILDING DANSK, og umhverfis þessi áletrun: NOR. VAN. GOTO. REX. 1653. Er myntin því tveggja skildinga og slegin 1653. Andrés Skúlason fann myntina og færði Þjóðminjasafni Íslands hana til varðveislu.

Miklar breytingar voru gerðar á húsum verslunarinnar á árunum 1848-1852 með endurbyggingu þeirra. Fyrsta skrefið var stigið árið 1848 með nýju íveruhúsi verslunarstjóra, svonefndu Faktorshúsi, sem enn stendur og er meðal elstu timburhúsa á landinu. Það var byggt á grunni gamla íveruhússins frá 1779, sem sneri gafla að voginum, en nýja húsið langhlið (sjá síðar). Árið eftir (1849) var Sláturhúsið frá 1779 rífið og endurbyggt sem bindingsverkshús á sama grunni og að verulegu leyti úr byggingarefni gamla íbúðarhússins. Þetta hús er nú norðurendi Löngubúðar.

<sup>37</sup> Skotskífur úr fórum [...], s. 18-19.



*Verzlunarhúsaþyrpingin um 1900. Afíast er Langabúð, en framan við hana stendur Krambúðin (timbur- og salthús) ásamt lágreistu Kolahúsi og til hægri Faktorshúsið með sambyggðri Búð (byggð fyrir 1900). Á bakvið húsið sér í suðurgafli Siberíu (Beykisbúðar), og lengst til hægri er keilulaga hús, sem sennilega var lifrarbræðsla eða reykhus. (Ljósmynd N. N. Weyvadt. Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

Fjórum árum síðar (1852) var loks rífið Pakkhúsið frá 1764 og á grunni þess reist nýtt pakkhús af gömlu og nýju byggingarefni. Það var bindingsverkshús og jafnbreitt hinu eldra, en nokkru lengra.

Það myndar suðurenda núverandi Löngubúðar. Gaflar nýju húsanna sneru saman, en á milli þeirra var nokkurt bil eða port, sem sennilega var með yfirbyggðu þaki frá upphafi.<sup>38</sup> Virðist



reyndar sem það fyrirkomulag hafi komist á snemma, sbr. teikningu frá 1786.

*Lengst til vinstri sést í norðausturhorn Löngubúðar, sem ber í hjálkahúsið Siberíu, en fyrir miðri mynd er Faktorshúsið ásamt viðbyggðri Búð (byggð fyrir 1900). Framan við Faktorshúsið er afgirtur blómagarður og niður af honum Bryggjuhúsið, eða svokallaðir Plan- eða Bryggjuskúrar. Í baksýn er Hjallsklettur. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

Þessar breytingar á

verslunarhúsunum um miðbik 19. aldar má glögg sjá á mynd, sem birtist í *The Illustrated London News* 24. ágúst 1872. Þar gefur einnig að líta nokkur önnur hús, sunnan og norðan við verslunarhúsin, sem engin vitneskja er um, eins og getið er þar í myndatexta. Ljósmyndir N. N. Weyvadt, Hansínu Björnsdóttur og fleiri ljósmyndara frá næstu áratugum veita enn fremur haldgóðar upplýsingar um þróun byggðarinnar og einstakra húsa, ásamt öðrum heimildum.


#### 4.2.1.1 Langabúð – Búð 1

*Langabúð* (1) er elsti varðveitti hluti þeirrar húsaþyrpingar, sem byggð var á gamla verslunarstaðnum um og eftir miðja 18. öld og átti að einhverju marki rætur í enn eldri húsum, er byggð voru skömmu fyrir 1640. Langabúð varð til úr tveimur húsum, þ.e. sláturhúsi frá 1779 og pakkhúsi frá 1764, sem voru rífin og endurbyggð um miðja 19. öld. Árið 1849 var Sláturhúsið, sem upphaflega var stökkahús, endurbyggt sem bindingsverkshús, að miklu leyti

<sup>38</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 11-13; Guðrún Kristinsdóttir (1999), s. 101.

úr meira en tveggja alda gömlu íveruhúsi verslunarstjórans, sem rífið var árið áður. Sláturhúsið myndar nú norðurenda Löngubúðar, eins og kemur fram í þessari lýsingu Hjörleifs Stefánssonar arkitekts:

[Nýja sláturhúsið] var jafn breitt gamla sláturhúsinu en lítið eitt lengra. Þetta sláturhús er nú norðurendi Löngubúðar. Þar má víða sjá að húsgrindin er gerð af endurnotuðum byggingarhlutum. Þar eru gildir loftbitar með strikuðum brúnum en slíkt skraut tíðkaðist eingöngu í vönduðum húsum á þeim tíma. Útveggjastoðirnar hafa flestar áður verið láréttir stokkar í útveggjum íbúðarhússins og djúpar raufar á jöðrum þeirra eru ummerki um fyrri notkun.<sup>39</sup>



Austurhlíð Löngubúðar eins og hún mun hafa lítið út skömmu fyrir 1900. (Teikning Hjörleifur Stefánsson.)



Austurhlíð Löngubúðar 1976, þegar Hjörleifur Stefánsson arkitekt mældi og teiknaði húsið.




Austurhlíð Löngubúðar, tillaga Hjörleifs Stefánssonar frá 1985, sem fylgt var við endurgerð hússins.

Suðurenda Löngubúðar myndar hins vegar það Pakkhús, sem reist var árið 1852 á grunni gamla pakkhússins (frá 1764) af öllu nothæfu timbri þess og nýju byggingarefni eftir þörfum. Nýja húsið var nokkru lengra en hið eldra, en bæði endurbyggðu húsin voru jafnbreið. Þau sneru göflum saman og á milli þeirra var nokkurt bil eða port, aflukt með veggjum og án timburgólfs. Var það sennilega með yfirbyggðu húspaki frá upphafi. Úr portinu var gengt í

<sup>39</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 11.



bæði húsin og stórar vörudyr voru á austurbili portsins með skábraut fyrir framan. Fyrir aldamótin 1900 munu húsin hafa verið orðin algerlega sambyggð, svo að tilsýndar voru sláturhúsið og pakkhúsið sem eitt hús undir sama þaki.<sup>40</sup>



Langabúð, grunnmynd og þversnið - Tillaga að endurgerð

*Grunnmynd og þversnið Löngubúðar ásamt tillögum Hjörleifs Stefánssonar að endurgerð og breyttri notkun hússins.*

Langabúð er eitt elsta varðveitta verslunarhús landsins og hefur að formi til ekki breyst frá upphaflegri mynd. Húsið er einnar hæðar timburhús á háum, steinhlöðnum sökkli, með bröttu risi (þakhalli 45°) og mæni yfir miðju húsi. Gólf eru úr timbri og á þaki tjörguð timburklæðning, en standandi borðaklæðning á útveggjum, rauð að lit.<sup>41</sup> Fyrir liggja nákvæmar uppmælingar og teikningar af Löngubúð, sem unnar voru af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt 1976 og síðar. Hér verða til fróðleiks aðeins birtar úttektir, sem gerðar voru árin 1916, 1930 og 1940 vegna fasteignamats.

Árið 1916 var Langabúð kölluð „Vöruhús“ og sögð „[f]ornt timburhús af traustum viðum með tjörguðu þaki“, 38,43×7,56 m að gólfleti og 2,21+5,5 m á hæð.<sup>42</sup> Árið 1930 var húsið nefnt „Langabúð“ og uppgefin stærðarmál þess nánast hin sömu og áður, nema rishæðin 5,9 m. Húsið var sagt timburhús með járnvörðu þaki og lofti og gólfi úr timbri, byggt 1850. Niðri voru tvö þverskilrúm, en loftrýmið í einu lagi.<sup>43</sup> Árið 1940 var búðin „mjög stæðileg“, loftið „óskipt rúm“ og neðri hæðin „skipt í 3 klefa með timburskilrúmum“.<sup>44</sup>

Frá því að Langabúð reis og fram yfir miðja síðustu öld var húsið miðstöð atvinnulífs og helsti vettvangur félagslífs á Djúpvaggi, á sama hátt og gömlu verslunarhúsin höfðu reyndar

<sup>40</sup> Hjörleifur Stefánsson (1993), s. 83; Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 11-13; Guðrún Kristinsdóttir (1999), s. 101; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 9-10.

<sup>41</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 11.

<sup>42</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2.

<sup>43</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>44</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

verið frá öndverðu. Þar var starfrækt verslun Örum & Wulffs til ársins 1920 og síðan margvísleg starfsemi á vegum Kaupfélags Berufjarðar eftir stofnun þess og yfirtöku á eignum verslunarfélagsins sama ár. Sláturhús var rekið í sambyggðu húsi frá 1926 til 1950, en sjálf Langabúðin notuð sem ullargeymsla og byggingavöruverslun með tilheyrandi vörulager fram undir 1985. Eftir það var húsið nýtt sem geymsla og trésmíðaverkstæði um skeið.<sup>45</sup>



*Endurgerð Langabúð árið 2014. Húsið er samtals 621 fermetri að gólfleti. (Ljósm. Páll Jakob Línadal.)*

Langabúð á sér langa og viðburðaríka sögu, eins og meðal annars er dregið á í þessari frásögn Hjörleifs Stefánssonar:

Á pakkhússloftinu voru stórar trékistur og stúvur fyrir korn og frá þeim voru trérennur niður á neðri hæðina þar sem kornið var sekkjað og afgreitt til viðskiptavina. Á Löngubúðarloftinu er enn gífurlega stór járnslagin kista, sem vel kann að vera eldri en húsið. Kistan var notuð til að geyma í dýran varning ýmiss konar. Munnmælasaga hermír að eitt sinn á dögum einokunarverslunarinnar hafi það viljað til um haustið þegar verslunarhúsunum var lokað og starfsmennirnir sigldu burt til Kaupmannahafnar með haustskipi, að vinnumaður frá Búlandsnesi hafi lokast inni í kistunni. Leið svo og beið um veturinn. Þegar verslunarþjónar komu til Djúpavogs næsta vor og luku upp Löngubúð og kistunni stóru þá kom þar út vinnumaður feitur og sællegur eftir að hafa nærst á sveskjum og rúsínum allan veturinn.

Reimt hefur lengi verið í Löngubúð og fyrir því örugg vissa að svo sé enn. Draugur að nafni Skála-Brandur er sagður halda til á Löngubúðarloftinu. Annar draugur hélt til rétt sunnan við

<sup>45</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 15; Ingimar Sveinsson (1989), s. 181; Guðrún Kristinsdóttir (1999), s. 101.

Löngubúð. Þar rann lækjarsytra til sjávar og við búðarhornið var „sliskja“, einföld brú, yfir lækinn. Við brúna hélt draugurinn til og hafði jafnan höfuðið í handarkrikanum.<sup>46</sup>

Sumarið 1975 ferðuðust Gunnlaugur Haraldsson, þáverandi minjavörður Austurlands, og Þórður Tómasson, safnvörður í Skógum, um syðstu byggðir Múlaþings við öflun gripa fyrir minjasöfn og skráningu menningarminja. Vitjuðu þeir m.a. Löngubúðar og vöktu máls á nauðsyn þess að varðveita hana vegna hins mikla menningarsögulega gildis hennar. Voru þá um sumarið teknar upp viðræður milli Safnastofnunar Austurlands (SAL) og Kaupfélags Berufjarðar. Í framhaldi af því hófst undirbúningur viðgerðar að frumkvæði SAL. Var fljótlega leitað ráðgjafar Harðar Ágústssonar listmálara og Hjörleifur Stefánsson arkitekt fenginn til að mæla upp húsið og teikna. Langabúð var síðan friðuð í A-flokki 30. mars 1979 skv. 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969, og síðan 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Húsið nýtur einnig friðunar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og er varðveitt í bláum verndarflokki.



Samkoma í Löngubúð sumarið 2014. (Ljós. Andrés Skúlason.)

Árið 1984 lá fyrir að starfsemi í húsinu yrði fljótlega aflögð, en þá hófst bygging nýs verslunarhúss Kaupfélags Berufjarðar á Kirkjuarnum, sem vígt var sumarið eftir. Varð því að bregðast skjótt við með viðgerð á Löngubúð til að tryggja varðveislu hennar. Í því skyni var stofnað hinn 12. september 1984 Félag áhugafólks um endurbyggingu Löngubúðar. Félagið beitti sér fyrir öflun styrkja svo að framkvæmdir gætu hafist og stóð síðan fyrir viðgerðum á Löngubúð til 18. júní 1989. Þá eignaðist sveitarfélagið Löngubúð að gjöf í tilefni 400 ára verslunarafmælis Djúpavogs, en Kaupfélag Berufjarðar hætti starfsemi í ársbyrjun

<sup>46</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 13-14.

1987. Árið áður (1986) hafði sjálfseignarstofnunin Minjavernd tekið að sér að hafa yfirumsjón með endurbyggingu hússins með faglegu liðsinni Hjörleifs Stefánssonar arkitekts, sem vann alla uppdrætti. Viðgerðum Löngubúðar lauk sumarið 1997 og var húsið þá opnað almenningi sem menningamiðstöð Djúpavogs.<sup>47</sup>



*Langabúð og Faktorshús 2014. (Ljós. Andrés Skúlason.)*

Sumarið 1997 voru opnaðar tvær fastasýningar eða minningarstofur í húsinu til heiðurs tveimur þjóðþekktum einstaklingum frá Djúpavogi. Annars vegar er um að ræða sýningarrými helgað ævi og störfum Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara og myndskera og hinsvegar minningarstofu um Eystein Jónsson alþingismann og ráðherra og konu hans Sólveigu Eyjólfsdóttur. Í Löngubúð er einnig kaffihús, veitingasala og lítill viðburðasalur og er við hæfi í ljósi langrar og merkrar sögu Löngubúðar að hluti hússins sé nýttur undir ýmsa menningarviðburði og fundi á Djúpavogi. Á efri hæð Löngubúðar er vísir að byggðasafni, meðal annars ýmsar verslunarminjar og þar er einnig sérstök listmunageymsla á gripum úr safni Ríkarðs.

---

<sup>47</sup> Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 15; Guðrún Kristinsdóttir (1999), s. 101-102; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 10; Már Karlsson (2010), s. 112-116.

#### 4.2.1.2 Faktorshús – Búð 3

Faktorshúsið (2) er næst elst þeirra húsa, sem standa á Djúpavogi. Það var friðað 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og sömuleiðis skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, og er varðveitt í bláum flokki. Það var reist árið 1848 sem íveruhús verslunarstjóra Örum & Wulffs, sem þá var Niels Weyvad. Húsið var byggt af



nýjum viðum á grunni eldra íveruhúss faktors frá 1779, en viðir þess voru nýttir við endurbyggingu Sláturhússins 1849 (nú norðurenda Löngubúðar), eins og fyrr er lýst. Við byggingu nýja hússins var gerð sú meginbreyting, að því var snúið um 90°, svo að langhlið sneri að voginum í stað gafls áður.

*Faktorshúsið um 1880. (Ljós. Noline Weyvad. Þjms. Th-72. Myndasafn Héraðsskjalasafns Austfirðinga – myndhluti.)*



*Faktorshúsið ásamt Sölubúð um 1900. Húsin eru járnklædd, þar af veggir Faktorhússins með sléttu járn. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

Húsið er byggt í dansk-íslenskum stíl. Það var frá upphafi einlyft bindingshús með háu krossreistu mænispaki (45° þakhalli), lofti, háalofti og litlum kvisti á hvorum þakhelmingi. Húsið var timburklætt með listaklæðningu og stóð upphaflega á grjóthlöðnum grunni með litlum geymslukjallara.

*Faktorshúsið um 1900. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur – myndhluti.)*



Við endurgerð hússins, sem hófst 2007, var ákveðið að endurbyggja það á steiptum kjallara (sjá síðar), en fylgja að öðru leyti sem mest virðingargerð frá 1882 um skipulag og frágang hússins. Um það segir m.a.

í verklýsingu: „Þak og kvistir verða timburklæddir með rennisúð, kreósótarvarinni og tjöruborinni, vindskeiðar, gluggar og gluggaumgerðir verða hvítmáluð. Gert verður við sökkul



og kjallarahleðslur og endurhlaðin sýnileg hleðsla þar sem steyppt hefur verið.“<sup>48</sup>

*Faktorshúsið eftir 1925. (Myndasafn Nömmu Þórhallsdóttur – myndhluti.)*

Faktorshúsið hefur sætt talsverðum breytingum á langri ævi, þó að í meginráttum hafi það haldið upprunalegu formi og byggingarlagi. Til glöggvunar eru

hér tekin saman helstu atriði úttekta, sem gerðar voru á húsinu vegna fasteignamats árin 1916,



1930 og 1940. Illu heilli vantar þar lýsingu á gömlu *sölubúðinni*, sem var viðbyggt timburhús á einni hæð sunnan við húsið og reist skömmu fyrir 1900. Með tilkomu hennar var sennilega að miklu leyti aflögð sú sölubúð, sem áður hafði verið starfrækt í gömlu *Krambúðinni*, sunnan við Faktorshúsið.

*Faktorshúsið, Síbería og Langabúð um 1952. Bryggjuhúsin lengst til vinstri. (Úr Samvinnunni, 46. árg. 1952, s. 92.)*

*Svipmynd úr Sölubúð Kaupfélags Berufjarðar áður en henni var breytt í kjörbúð. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



Árið 1916 var Faktorshúsið nefnt „Íbúðar- og verzlunarhús“ Örum & Wulffs og talið „[m]jög gamalt timburhús allstæðilegt, enda vel við haldið.“ Húsið var að mestum hluta talið byggt árið 1848 og hafði upphaflega „verið traust og vandað“, en á því höfðu verið gerðar ýmsar viðgerðir. Það mældist 15,12×10,08 m að gólfleti.

Vegghæð frá kjallara var 2,52 m og rishæð hússins 5,04 m.<sup>49</sup> Árið 1930 voru stærðir hússins taldar nánast þær sömu að því viðbættu, að hæð sökkuls var 1,3 m. Í honum var „[l]ítilsháttar

<sup>48</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 13-16.

geymslukjallari“. Húsið var ein hæð með mjög háu risi og kvisti á austurhlið. Útveggir og þak voru af tré og hvorttveggja járnvarið. Gólf og loft voru einföld, en skilrúm í húsinu tvöföld. Á aðalhæð voru þrjár stofur, skrifstofa, tvær forstofur, eldhús og þakkhús. Í rishæð voru 6 svefnherbergi, stigagangur og vörugeymsluft, en yfir því „skambitaloft“ sem óskipt geymsla. Í húsinu var vatns- og skolpleiðsla, tveir hlaðnir reykháfar úr múrsteini, eldavél og ofnar í fimm herbergjum.<sup>50</sup>



*Faktorshúsið um 1980. (Myndasafn Ingimars Sveinssonar – myndhluti.)*

Árið 1940 var heildarlengd Faktorshússins sögð 22,6 m, því að tveimur árum fyrr (1938) hafði verið byggð steinsteypt *Sölubúð* á einni hæð með kjallara við suðurgafli hússins í stað þeirrar eldri, sem þá var „orðin grautfúin og að falli komin“. <sup>51</sup> *Sölubúðin* var með tvöföldum útveggjum og

lágreistu valmapaki. Hún var 7,5 m á lengd og 10,1 m á breidd, þ.e. jafnbreið húsinu, en vegg hæð 3 m frá kjallara og 1 m rishæð. Kjallari var undir allri búðinni og notaður sem vörugeymsla, 2,4 m á hæð með steypum milliveggjum.<sup>52</sup>

Lýsing á sjálfu Faktorshúsinu var áþekkt hinni eldri. Kjallarinn var þó sagður aðeins „lítill hola fyrir miðstöð“ og 12 m<sup>3</sup> *anddyri* (útbygging) hafði verið byggt við húsið að vestanverðu. Þá var í húsinu miðstöðvarhitun frá „kolakyndistöð“ í kjallara, sem sett var upp 1938, vatnssalerni og baðherbergi, en á aðalhæð voru 9 íbúðarherbergi, tvær forstofur, eldhús, baðherbergi og vörugeymsla. Í rishæð voru 7 svefnherbergi og stigagangur. Húsið áleist í „þóknanlegu ástandi“, en gólfín sögð „mjög slitin“. <sup>53</sup> Fáum árum síðar var reist vindraftstöð til lýsingar á öllum húsum og bryggju kaupfélagsins. Hún var 15 m hátt grindarmastur, pýramídalagaður þrífótur, sem komið var fyrir á steypum stöpli á Mylluklettunum ofan við Löngubúð.<sup>54</sup>

Faktorshúsið var íveruhús verslunarstjóra Örum & Wulffs frá 1848 til 1920 og síðan kaupfélagsstjóra Kaupfélags Berufjarðar, sem keypti eignirnar í lok þess árs. Margir koma við sögu hússins á þeim langa tíma, sem búið var í því. Fyrstu húsráðendur voru hjónin Niels Peter Emil Weyvadt (1815-1883) verslunarstjóri og Sophie Brochdorf Weyvadt, f. Tvede (1826-1902), en þeir síðustu voru hjónin Þorsteinn Sveinsson (1924-) kaupfélagsstjóri og Ásta

<sup>49</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2.

<sup>50</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930. Árið 1940 var annar reykháfurinn þó sagður steinsteyptur, sbr. ÞÍ. Fasteignamat 1942.


<sup>51</sup> Már Karlsson (2010), s. 92.

<sup>52</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>53</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>54</sup> Már Karlsson (2010), s. 92-93.

Magnúsdóttir (1926-1974), sem bjuggu þar til ársins 1958, er aðsetur kaupfélagstjóra var aflagt í húsinu með byggingu íbúðarhússins Kambs (nú Kambur 10).<sup>55</sup>



Teikningar Teiknistofunnar Argosar ehf. af Faktorshúsinu.

Á aðalhæð hússins var jafnan skrifstofa verslunarinnar, ásamt íbúð factors/kaupfélagstjóra meðan þar var búið. Auk hans störfuðu þar gjaldkeri, bókhaldari og fleira starfsfólk, er tímar liðu. Um 1983 voru höfuðstöðvar kaupfélagsins (og Búlandstinds hf.) fluttar úr húsinu á efri hæð nýja frystihússins. Um 1940 var einnig lítil vörugeymsla á aðalhæð hússins, en innangengt var fram í sölubúðina. Um 1960 var enn fremur komið fyrir bókaverslun í húsinu og í risinu voru lengi leigð út tvö eða fleiri herbergi til íbúðar.<sup>56</sup>



Norðurgafll og vesturhlið Faktorshússins eftir gagngerar endurbætur. Efri myndin var tekin 2014 (Páll Jakob Línadal) og sú neðri haustið 2015 (Andrés Skúlason).



Framan af var aðeins aflöng geymslukompa í suðurhluta kjallarans með útidyrum á austurhlið, þar sem síðar varð „kolakyndistöð“. Um 1964 var landið lækkað milli Faktorshússins og Bryggjuskúranna og komið þar fyrir aðgerðarplani til síldarsöltunar o.fl. Til styrktar hússinu voru steypdir grunnveggir að austan- og norðanverðu í stað grjóthlaðins sökkuls og aukið

<sup>55</sup> Sveinn Þorsteinsson (munnleg frásögn).

<sup>56</sup> Már Karlsson (2010), s. 104-112; Sveinn Þorsteinsson (munnleg frásögn).



við geymslurými í norðurhluta kjallarans með dyrum á norðurvegg. Í kjallara sölubúðarinnar var lengstum vörugeymsla, en síðar rafmagnsverkstæði kaupfélagsins og afgreiðsla Papeyjarferða. Verslunin var aflögð árið 1985 með tilkomu nýrrar verslunar á Aurnum (Kjörbúðin), en frá þeim tíma gegndi Faktorshúsið marvíslegu hlutverki, meðal annars sem verbúð, félags- og tómstundaaðstaða fyrir unglunga, bókasafn, æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir og fleira.<sup>57</sup>



*Suðurgafli og austurhlíð Faktorshúss 2016. (Ljósm. Andrés Skúlason.)*

Þegar Kaupfélag Berufjarðar hætti starfsemi árið 1987 varð Faktorshúsið eign Búlandstinds hf., sem síðan seldi það fyrirtækinu Snarvirkja hf. vorið 1991. Á þess vegum var rekið rafmagnsverkstæði í kjallara sölubúðarinnar í nokkur ár, en haustið 1995 keypti Útgerðarfélagið Trítón ehf. á Djúpavogi húsið. Á þeim tíma komu fram

tilmæli frá Húsafríðunarsjóði um verndun hússins, sem meðal annars leiddu til þess að Djúpavogshreppur keypti Faktorshúsið árið 1997.<sup>58</sup>

Undirbúningur að endurgerð hússins hófst árið 2004 með því að leitað var faglegrar leiðsagnar Teiknistofunnar Argos ehf., þ.e. arkitektanna Stefáns Arnar Stefánssonar og Grétars Markússonar. Þeir mældu og teiknuðu húsið, sem lýst var þannig í greinargerð þeirra:

Faktorshúsið er einlyft timburhús með krossreistu þaki og stendur á háum steinsteyptum kjallara, um 15,1 m að lengd og 10,2 m á breidd. Við suðurstafn hússins er einlyft steinsteypt viðbygging á háum kjallara og á því valmaþak, um 7,5 m að lengd og 10,5 m á breidd. Kjallaraveggir Faktorshúss eru í fullri hæð að framanverðu en jafnháir jarðvegsyfirborði á bakhlið. Þeir eru sementskústaðir. Á miðri framhlíð kjallara eru dyr og aðrar á norðurstafni. Veggir hússins eru klæddir sléttu járni nema bakhlið sem klædd er vatnslæðningu. Þakið er bárujárnsklætt og á framhlíð eru tveir þakkvistir með risþaki; lítill kvistur fyrir miðju húsi og annar stærri sunnar á þakinu og á þeim tveggja rúðu gluggar. Lítill kvistur með risþaki er á bakhlið, þakgluggi og reykháfur nærri mæni. Á framhlíð hússins eru sex fjöggra rúðu krosspósta gluggar og einn augnstunginn tveggja rúðu gluggi. Tveir augnstungnir tveggja rúðu gluggar eru á norðurstafni, krosspóstagluggi og tveir gluggar með hlera fyrir. Tvennar dyr eru á bakhlið, einn krosspóstagluggi og tveir augnstungnir gluggar með einni rúðu. Þriggja rúðu gluggi er efst á suðurstafni.

Inn af útidyrum á bakhlið er forstofa og gangur inn af henni. Herbergi er í norðvesturhluta hússins og tvö stór við framhlíð. Sunnan við forstofu er önnur forstofa minni, en útidyr þar aflagðar, og stigi upp á loft. Í suðausturhorni er lítill forstofa inn af útidyrum og herbergi inn af henni, kompa og salerni. Úr forstofunni eru dyr á suðurgafli að viðbyggingu. Framloft er á

<sup>57</sup> Mór Karlsson (2010), s. 92 og 113; *Morgunblaðið* 4. jan. 2007, s. 21; Andrés Skúlason (munnleg frásögn); Sveinn Þorsteinsson (munnleg frásögn).

<sup>58</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn).

rishæð upp af stiga, þrjú herbergi við norðurgافل, tvö við framhlið og önnur tvö við bakhlið. Á hanabjálkalofti er herbergi í hvorum enda hússins. Veggir og loft hússins eru plötuklædd nema hanabjálkaloft en gaflar þar eru óklæddir að innan, þverpil er úr standþili og skarsúð er á sperrum.<sup>59</sup>

Framkvæmdir við endurbyggingu Faktorshússins hófust árið 2007 með því að sölubúðin ásamt kjallara við suðurgافل hússins var fjarlægð og nauðsynlegar umbætur og breytingar gerðar á undirstöðum og kjallara hússins. Frá þeim tíma hefur verið unnið markvisst að endurgerð þess undir stjórn Argosar ehf. og Djúpvogshrepps með tilstyrk Húsafríðunarsjóðs. Fyrirhuguð notkun hússins að lokinni endurgerð er m.a. aðstaða fyrir upplýsingamiðstöð ferðaþjónustu og skrifstofu minjavarðar Austurlands.



Yfirlitsmynd af Löngubúð og Faktorshúsi skv. áformum um endanlegan frágang húsa og umhverfis. Teiknistofan Argos ehf. 2015.

#### 4.1.2.3 Krambúð og Kolahús

Áður en skilist verður við gömlu verslunarhúsin skulu sögð nánari deili á þeim, sem nú eru horfin, en stóðu fram á 20. öld. Þeirra elst var *Krambúðin* (3), sem var stórt og stæðilegt hús, austan við Löngubúð, og byggt árið 1750. Að líkindum glataði það hlutverki sínu sem krambúð á ofanverðri 19. öld, en *sölubúð* eða svokölluð *Búð* (4) var byggt framan við Faktorshúsið skömmu fyrir aldamótin 1900 (sjá nánar *Faktorshúsið*).

Samkvæmt fasteignamati 1916 var Krambúðin talin „[m]jög fornt timburhús með tjörguðu þaki“ og nefnd „vöruhús“, enda þjónaði hún lengi sem timbur- og salthús. Húsið var með háu mænisþaki og mældist 13,86×7,88×1,58+6,4 m að stærð. Framan við það var byggtur áfastur timburskúr með járnþaki nærri aldamótum 1900, svonefnt *Kolahús* (5), sem var 10,08×3,47×2,21 m að stærð.<sup>60</sup> Bæði húsin voru rifin um 1930.



*Krambúðin um 1880. Nokkru síðar var áfastur skúr, svonefnt Kolahús, byggt framan við búðina. (Ljósmynd Nicoline Weyvad. Myndasafn Héraðsskjalasafns Austfirðinga – myndhluti.)*

<sup>59</sup> <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/austurland/nr/691>.

<sup>60</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 21-22; *ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II*, s. 2.

#### 4.1.2.4 Síbería – Beykisbúð – Mörbúð

Annað elsta húsið, sem stóð skammt austan við Löngubúð, var *Síbería* (6). Það lét J. L. Busch kaupmaður reisa árið 1789 sem athvarf beykis, enda var það iðulega nefnt *Beykisbúð*. Ennfremur þjónaði það síðar sem mörgeymsla og var því einnig nefnt *Mörbúð*. Skv. fasteignamati 1916/18 var húsið „[f]ornt timburhús með bikuðu þaki“ og nefnt *Vöruhús*. Það var upphafleg ein hæð með háu mænispaki og byggt af láréttum stokkum (plankabyggt), 12,29×5,9 að gólfleti og 2,2+4,73 m á hæð.<sup>61</sup> Í fasteignamati 1930 var pakkhúsið nefnt *Beykisbúð* og byggingarár þess talið 1798. Örlitlu munaði á grunnmálum hússins frá eldri úttekt og voru þau sögð 12,5×6,5 m. Þakið og annar stafninn voru nú járnvarin og gólf jarðhæðar steinsteypt. Á lofti var afþiljað íbúðarherbergi.<sup>62</sup>

Á árunum 1934-1935 var húsið endurbyggt og því breytt í tvílyft hús með lágu risi. Grunnmál



þess héldust óbreytt, en við breytinguna varð veggghæð þess 4,5 m og rishæð 1,6 m, skv. fasteignamati 1940. Útveggir og þak voru pappalögð og járnklædd og báðar hæðir innréttadar með panelskilrúmum. Neðri hæðin var þrískipt og þjónaði sem geymsla og mörbræðsla, en á efri hæð voru verbúðir með tveimur herbergjum, eldhúsi og gangi.<sup>63</sup>

*Húsið Beykisbúð eða Síbería, sem byggt var 1789, í upphaflegri mynd. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur – myndhluti.)*



*Síbería eftir umbreytingu. Húsið brann síðla árs 1966. Framan við það var vatsbrunnur. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar.)*

Auk þess að þjóna sem vörugeymsla og mörbræðsla næstu árin, voru í húsinu íveruherbergi og jafnvel kennsluástaða um skeið. Árin 1940-1945 voru þar til húsa Kristín Björnsdóttir og Kjartan Karlsson, gjaldkeri kaupfélagsins, sem síðar bjuggu á Borg. Frá einum íbúa hússins, sem lengi átti

athvarf í suðurenda þess, segir á þessa leið:

Í Síberíu bjó einbúi, Árni Þorsteinsson, er hafði orðið einkennilegur af ástarsorg. Löngu seinna sá hann fyrrverandi kærustu sína, varð starsýnt á hana og mælti stundarhátt: „Og út af þessu er maður búinn að vera vitlaus í þrjátíu ár“, - hristi höfuðið og gekk burt, en hélt áfram að vera sérkennilegur.<sup>64</sup>

<sup>61</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2. Árið 1920 var húsið ýmist nefnt *Mörbúð*, *Síbería* eða *Beykisbúð* og samþykkt árið eftir „að koma Beykisbúðarloftinu (Síberíunni) í þannig stand að menn langt að komnir gætu haft þar gistingu“, sbr. Már Karlsson (2010), s. 86-87.

<sup>62</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>63</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>64</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 198. Sjá einnig Már Karlsson (2010), s. 221-223.

Meðal þeirra sem höfðu aðstöðu í Síberíu um og fyrir 1960 var Jón Dagsson (1906-1963) trésmiður, sem rak þar verkstæði á neðri hæðinni.<sup>65</sup> Frá árinu 1962 hafði mjólkurvinnslustöð Kaupfélags Berufjarðar aðsetur í húsinu og var þá settur þar upp stór olíuketill vegna vinnslunnar. Hann var orsök þess, að eldur varð laus í húsinu aðfaranótt 14. nóvember 1966,



og brann það til kaldra kola á rúmum tveimur klukkutímum með öllu sem í því var.<sup>66</sup>

*Sauðfjárslátrun á blóðvellinum í brekkunni ofan við Löngubúð, þar sem seinna var reist sláturhús. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-30. Myndasafn Djúpavogshrepps.)*

#### 4.1.2.5 Sláturhús og Olíugeymsluhús

Fyrir ofan og fast vestan við Löngubúð, þar sem nú er malarvegur, var fyrrum blóðvöllur verslunarinnar. Þar var sauðfé

slátrað á haustin undir berum himni, uns *Sláturhús (7)* með *skurðarklefa* og yfirbyggðri *fjarrétt* var reist árið 1926. Húsið var áfast vesturhlíð Löngubúðar og stóð hornrétt á portið, 10,7×5 m að gólfleti með 2,2 m veggghæð og risi. Það var steinsteypt með steypu gólfi og járnþaki á sperrum og langböndum. Sambyggð húsinu var steinsteypt fjarrétt með samskonar



þaki og trérimlum í gólfi, 10,2×5×2 m að stærð.<sup>67</sup> Húsið var í notkun til 1950 og síðan rífið.<sup>68</sup>

Spölkorn norðvestur af Löngubúð stóð einnig lítið *Olíugeymsluhús (8)* úr torfi og grjóti með járnþaki,<sup>69</sup> sem líklega var byggt um eða eftir aldamótin 1900. Óþekkt er, hvenær húsið var rífið.

*Olíugeymsluhúsið til vinstri og Sláturhúsið til hægri á myndinni, sem tekin var 1940. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*

#### 4.1.2.6 Bryggja og bryggjuhús

Á öllum myndum af verslunarhúsunum, allt frá 1786, má sjá trébryggju framundan þeim. Staðsetning hennar var breytileg frá einum tíma til annars, ýmist fram af Krambúðinni eða Faktorshúsinu. Sömuleiðis tók hún talsverðum breytingum í tímans rás og í takti við auknar

<sup>65</sup> Sveinn Þorsteinsson (munnleg frásögn).

<sup>66</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 41; Ingimar Sveinsson (1989), s. 97 og 182-183; *Morgunblaðið* 53. árg., 262. tbl., 15. nóv. 1966, s. 2; *Austurland* 18. nóv. 1966, s. 3.

<sup>67</sup> *ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II*, s. 2; *ÞÍ. Fasteignamat 1930*; *ÞÍ. Fasteignamat 1942*.

<sup>68</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 181 og 197; Hjörleifur Stefánsson (1997), s. 15.

<sup>69</sup> *ÞÍ. Fasteignamat 1930*.



þarfir. Árið 1930 var „upp- og útskipunarbryggjan“ sögð 90 fermetrar að stærð og við hana 73 fermetra „fiskipallur“.

*Horft vestur yfir voginn um 1930, Sigfúsarbryggja næst til hægri. Búið er að rífa gömlu Krambúðina sunnan við Löngubúð. Fyrir miðju eru Búðin og Faktorhúsið ásamt Bryggjuhúsinu nær sjónum. Norður af stendur Síbería og Bræðsluhúsið á bak við, en nyrst og lengst til hægri er hesthús undir kletti. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*



*Útsýni af austanverðum Brennikleppi norður yfir verslunarhús Kaupfélags Berufjarðar við voginn um 1947. Lengst til vinstri sér í húsið Geysi (að hálfu í hvarfi við klettinn) og upp af því sér vestur á Gleðivíkurtanga og Ytri-Gleðivík. Vestan við Löngubúð er Sláturhúsið og endurbýggð Síbería norðan við hana. Nýbyggð Sölubúðin frá 1938 er við suðurenda Faktorhússins, og nær sjónum eru Bryggjuhúsið og bryggjan. Á svonefndum Kallabakka er afgirt tún, en neðst í hægri horni myndarinnar sér í þakið á samkomuhúsinu Neista. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



*Djúpavogshöfn um 1975. Samsíða gömlu bryggjunni, framan við Faktorhúsið, er aflangt og nýlegt bryggjuhús, en við vesturenda þess svokölluð „Fígúra“, sem var að uppistöðu leifar af eldra bryggjuhúsi. Í forgrunni eru steinsteyptar undirstöður bensinstöðvar og þvottaplans, sem síðar reis, en fjær er hafskipabryggjan og nýja frystihúsið í byggingu. (Myndasafn Sigurðar Gíslasonar.)*

Á fyrri hluta síðustu aldar var enn fremur afgirtur blómagarður fast framan (austan) við Faktorhúsið. Neðan við garðinn og ofan við bryggjuna stóð einnig stórt Pakkhús

eða Bryggjuhús (9), sem byggt var 1922 og einnig nefnt Plan- eða Bryggjuskúr. Það var járnklætt timburhús með lágreistu mænispaki og timburgólfi. Skv. fasteignamati 1930 og 1940 var húsið 16,5×15 m að gólfleti og 2,5 m á hæð með tveimur langskilrúmum og einu þverskilrúmi.<sup>70</sup> Húsið þjónaði margvíslegu hlutverki og var m.a. notað sem beitningaskúr, veiðarfærageymsla og til söltunar á fiski og gærum. Það var að sögn rífið um 1966,<sup>71</sup> en þó aðeins að hálfu leyti, því að lengi stóð eystri hluti þess ásamt samfastrí viðbyggingu með skúrþaki vestan við. Þessi samsteypa var m.a. nýtt til saltfiskverkunar og kölluð „Fígúran“ vegna lögunar sinnar, en skömmu fyrir 1970 var byggt austan við húsinn stórt og aflangt

<sup>70</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930 og Fasteignamat 1942.

<sup>71</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 50.

bryggjuhús á stólpum, til hliðar við bryggjuna og samsíða henni. Húsið var sterkviðuð og bárujárnsklædd trégrind (sjá myndir).<sup>72</sup>

Þessi bryggjuhús voru endanlega rifin og fjarlægð sumarið 2006 og viku þannig fyrir nýrri



trébryggju, sem byggð var á sama stað og samsíða gömlu bryggjunni árin 2014-2015. Hún er nokkru mjórri en eldri bryggjan og umtalsvert lengri. Unnið var í framhaldi að frágangi á nýjum og stærri flotbryggjum innan við trébryggjuna þannig að fleiri bátar gætu rúmast í höfninni.<sup>73</sup>

*Bryggjuhúsin 1980. Handan vogsins er Trítón og Vogshúsið í byggingu. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



*Sumarið 2006 var síðasti hluti bryggjuhússins rifinn og fjarlægður. (Ljósmynd Andrés Skúlason.)*



*Séð yfir höfnina sumarið 2015. (Ljósmynd Andrés Skúlason.)*

<sup>72</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn).

<sup>73</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn).

#### 4.1.2.7 Önnur hús og mannvirki

Litlar sem engar heimildir hafa geymst um önnur hús, sem fyrrum stóðu á verslunarlóðinni. Þar er átt við þau hús, sem skv. teikningum og ljósmyndum frá 18. og 19. öld stóðu sunnan og norðan við Löngubúð og nú verða ekki staðsett nákvæmlega. Meðal þeirra voru hús, sem glöggst sjást á elstu teikningum og hér eru staðsett lauslega á korti (10A og 15). Nánari vitneskja er um svonefnt *Bræðsluhús* eða *Mörbræðslu* (10), þar sem mör var bræddur. Það stóð norðvestan við Síberíu og bregður því fyrir á gömlum ljósmyndum með ryðbrunnu



bárújárnsþaki. Í fasteignamati 1916 var húsið sagt „[g]amalt timburhús“, 8,82×5,67 m að gólfleti og 2,21+2,84 m á hæð.<sup>74</sup> Húsið var ekki tilgreint í fasteignamati 1930, en stóð þó líklega eitthvað lengur. Ef til vill var það forveri þess lifrabræðsluhúss, sem Kaupfélag Berufjarðar lét reisa á austurströnd vogsins árið 1933.

*Verslunarhús Örum & Wulffs skömmu fyrir 1900. Reykur stígur upp úr strompi Bræðsluhúss á bak við Síberíu. Við norðurenda hraungarðsins stendur gamalt keilulaga timburhús, sem ætlað er að hafi einnig verið lifrabræðsla, en gegndi ef til vil öðru hlutverki á þessum tíma. (Ljós. Nicoline Weyvadt. Úr Ingimar Sveinsson (1989), s. 71.)*

Á klettahrygg norður af Bræðsluhúsinu og Síberíu stóð einnig um stutt skeið *Kornmylla* (11), sem trúlega var rifin skömmu fyrir aldamótin 1900 og verður ekki staðsett lengur með nákvæmni. Kippkorn norðar, við norðurenda klettahryggsins og suðaustan til í *Kaupstaðartúninu*, stóð enn fremur ferhyrnt timburhús með háu keilulaga eða toppmynduðu þaki (12). Því bregður fyrir á myndum allt frá byrjun 19. aldar og fram um 1920. Þess getur þó ekki í fasteignamati 1916/18, að því er best verður séð. Engin vissa er um heiti og hlutverk



hússins, en líklega þjónaði það sem *lifrabræðsluhús* eða jafnvel reykhus fyrir á tímum.<sup>75</sup> Um 1940 hafði húsið verið rífið, en á líkum stað var lengi hesthús undir klettinum.<sup>76</sup>

*Verkamenn kljást við ullarballa á Plássinu neðan við Löngubúð í byrjun 20. aldar. Stórar vörudyr á austurhlið búðarinnar standa opnar. Lengst til hægri sér í horn Búðarinnar framan við Faktorshúsið, en fyrir miðju er Síbería og norðvestur af henni glittir í Bræðsluhúsið eða Mörbræðsluna. (Ljós. ókunnur. Þjms. Pk/1999-56-68.)*

<sup>74</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 45; *ÞÍ*. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2.

<sup>75</sup> Húsið er nefnt Lifrabræðsluhús í ritinu *Langabúð 1997*, s. 14, og *Húsakönnun [...] 2014*, s. 9. Það er tilgáta GH, að húsið hafi mögulega þjónað sem reykhus.

<sup>76</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 45-46.

Að síðustu skal hér nefndur *Hjallurinn* (13), sem var stórt timburhús uppi á Hjallskletti, þar sem nú eru fiskvinnsluhús Búlandstinds ehf. Eins og fyrrnefnd hús stóð Hjallurinn því utan verndarsvæðisins. Í fjörunni sunnan við klettinn var fyrrum góð lending og gott uppsátur og þar voru jafnvel reistar trébryggjur.<sup>77</sup> Hjallurinn stóð með vissu fram yfir 1880, en um 1820



var hann sagður „et ottekantet Lægtehuus“, eða áttliðað rimlahús.<sup>78</sup>

*Ferhyrnt timburhús með toppлага þaki stóð um aldarskeið norðan við verslunarhúsin og gegndi sennilega hlutverki lifrabræðslu. (Ljósmynd. Nicoline Weyvad. Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur – myndhluti.)*

Opna svæðið fyrir neðan Löngubúð, milli Krambúðar og Faktorshús, var fyrrum nefnt *Plássið*. Þar var jafnan mikil ös og iðandi mannlíf á kauptíðum. Að sögn tjölduðu lestamenn þar gjarnan á meðan þeir biðu afgreiðslu í kaupstaðnum. Skammt framan við Síberíu, þar sem nú er malarplan milli Löngubúðar og Faktorshúss, var ennfremur *Vatnsbrunnur* (14),

sem efalítið var grjóthlaðinn með yfirbyggðu brunnhúsi. Hann sést nú ekki lengur á yfirborði, en mætti þó trúlega endurheimta án mikillar fyrirhafnar.<sup>79</sup>



Ástæða er til að geta hér um afmörkun hinnar gömlu verslunarlóðar Örum & Wulffs og kaupfélagsins, þótt talsverður hluti hennar falli utan marka verndarsvæðisins við voginn. Takmörkun lóðarinnar var lýst „með þessum merkjum (örnefnum)“ í fasteignamati 1916:

1. Frá *Fagrahól* að *Bóndavörðu*. 2. Frá *Bóndavörðu* að *Brennikletti*. 3. Frá *Brennikletti* að *Kríukletti*. 4. Frá *Kríukletti* að *Friddukambi* [*Kaupstaðarkambi*]. Allar línur beinar milli merkja. Og loks *Flákinn*, sem verður með fram sjó, þegar dregin er bein lína frá ofanverðum *Friddukambi* að akkeri því í sjó úti sem kallað er „*Æðarsteinsribba*“. Á lóðinni er ræktað tún, sem af fást 55 hestar taða. Eftirgjald, kr. 200,00, þar með goldin hagbeit fyrir hesta viðskiftamanna.<sup>80</sup>

*Árni Þorsteinsson í Síberíunni (t.v.) og Garðar Halldórsson við vatnsbrunninn. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

<sup>77</sup> Ingimar Sveinsson (2003), s. 43.

<sup>78</sup> Løvenørn, Poul de (1822), s. 33-34.

<sup>79</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 57. Á Fiskimannatanga var *Brunnhúsklettur*, en getur þó tæpast átt við þennan stað, sbr. Ingimar Sveinsson (1989), s. 198.

<sup>80</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 32.



Umrætt tún var svonefnt *Kaupstaðartún*, sem var 2,52 hektara spilda, norðan og vestan við verslunarhúsin, en til viðbótar kom sjálf *verslunarlóðin*, sem var um 4.680 fermetrar, ógirt og óræktuð. Á drýgstum hluta túnsins hefur nú risið þétt byggð og athafnasvæði hafnarinnar, svo að engin ummerki sjást lengur um þau útihús verslunarstjóranna, sem fram yfir miðja síðustu öld voru á þessum slóðum og tilgreind voru í fasteignamati 1930 og 1940. Árið 1916 var eingöngu getið um *fjós* og *hlöðu* úr torfi og grjóti með járnvörðu timburpaki, sem þá voru í eigu Þórhalls Sigtryggssonar verslunarstjóra. Árið 1930 og 1940 var túnið girt með gaddavír á tréstaurom og grjótgarði og gaf af sér 80 hesta af töðu. Útihúsin voru sem fyrir aðeins fjós og



hlaða. Þau voru sambyggð, sögð gömul og stæðileg, 14,5×3,5×3 m að stærð. Fjósið hýsti þrjár kýr og hlaðan rúmaði 100 m<sup>3</sup> af heyi.<sup>81</sup>

*Kaupstaðarkambur eða Friddukambur er meðal þeirra sérstæðu náttúrufyrirbæra og jarðmyndana, sem einkenna landslag Djúpvogs. Um hann lágu fyrrum mörk gömlu verslunarlóðarinnar, en norðanvert við hann er Kaupstaðarklifur, þar sem alfaraleiðin lá ofan að verslunarstaðnum. (Ljós. Andrés Skúlason, 2017.)*



*Horft frá Framtíðarbryggju norðvestur yfir voginn árið 1915. Til vinstri er gamla Krambúðin, Kolahúsið fyrir framan hana og Langabúð að baki, en utar standa Búðin, Faktorshús og Síbería. Bryggjuhúsið er óbyggt, en lengst til hægri má sjá gamla keilulaga timburhús, sem þar stóð lengi. (Ljós. Matthías Þórðarson. Þjms. MB/1915-7.)*


<sup>81</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 3; ÞÍ. Fasteignamat 1930; ÞÍ. Fasteignamat 1942.



Séð yfir voginn 30. ágúst 2015 frá líkum stað og Framtíðarbyggjan stóð fyrrum. (Ljósm. Andrés Skúlason.)

#### 4.2.2 Bakki

Á svæðinu sunnan við Löngubúð, þar sem nú liggur gatan Bakki, eru heimildir um nokkra minjastaði beggja vegna götunnar. Þeir eru nú horfnir af yfirborði nema húsið *Geysis* (19) á



horni Bakka og Markarlands. Þessum minjum er lýst í fornleifaskýrslu að því marki sem heimildir leyfa.

Á þessari mynd, sem tekin var um 1960, má sjá svonefnt Kolabyrgi, fast norðan við húsið Sætún, sem er lengst til vinstri, kippkorn sunnan við Löngubúð. (Myndasafn Guðrúnar Aradóttur.)


Rétt sunnan við Löngubúð stóðu fyrrum tvö hús, eins og sjá má á

myndum frá 18. og 19. öld. Um þau er ekkert vitað frekar, en nokkru sunnar stóð síðast hús eða mannvirki fram um 1970, sem nefnt var *Kolabyrgi* (15A), fast norðan við húsið Sætún (Bakka 3), sem byggt var 1947. Þar er nú malarplan eða bílastæði.<sup>82</sup> Á þessum slóðum, milli Geysis og Löngubúðar, var annars fyrrum sléttur grasbali, svonefndur *Hótelsbali*, þar sem Sætún var síðar reist. „Þarna var leikvöllur krakka, slagbolti iðkaður og krokktet.“<sup>83</sup> Austan við balann, í brekkunni upp af voginum, var fyrrum stór *kálgarður* (16), sem tilheyrði þurrabúðinni Hlíðarenda (26, sjá síðar). Menjar um hann liggja nú djúpt undir uppfyllingu og steinsteypu plani verslunarhúss (Bakkabúðar) og aflagðrar bensínstöðvar. Þar var einnig

<sup>82</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 53; Andrés Skúlason (munnleg frásögn); Már Karlsson (2010), s. 108.

<sup>83</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 197.

ræktað tún á svonefndum *Kallabakka*, sem kennt var við Karl Steingrímsson í Geysi og nytjað af honum.<sup>84</sup>



*Séð ofan af Brennikleppi norður yfir verslunar- og hafnarsvæðið um 1960. Næst er túnbletturinn „Kallabakki“, sem kenndur var við Karl Steingrímsson í Geysi. (Myndasafn Guðrúnar Aradóttur.)*

#### 4.2.2.1 Hótel Lundur og Hótel Geysir – Bakki 1

Á hæðinni sunnan við verslunarstaðinn lét ekkjan, Þórunn Eiríksdóttir (1848-1929) frá Búlandsnesi, byggja veitinga- og gistihús úr timbri árið 1884. Nefndist

það *Lundur* eða *Hótel Lundur* (17) og stóð neðan eða austan við svonefnda *Hótelshæð*. Í húsinu bjó hún ásamt börnum sínum og fleira fólki og rak þar veitinga- og gistiþjónustu til 12. júní 1896, er húsið brann til kaldra kola. Húsið var reisulegt með háu risi (sjá ljósmynd), en um það eru að öðru leyti ekki nánari heimildir, hvorki um gerð þess né útlit. Hótel Lundur var annað fyrsta gisti- og veitingahúsið, sem starfrækt var í kauptúninu. Löngu áður hóf Ingibjörg Sigurðardóttir (1824-1908) veitingakona rekstur greiðasölu á svonefndum Kaupstaðar- eða



Djúpavogsstekk, trúlega um 1878 eftir fráfall eiginmanns síns, Jóhanns J. Malmquist skipstjóra. Í Hótel Lundi þótti „oft slarksamt og mikill drykkjuskapur“. Nærri húsinu, sennilega fast vestan við það, var vatnsbrunnur, svonefndur *Hótelsbrunnur* (18), sem nú sjást ekki örugg merki um.<sup>85</sup>

*Glímt á Hótelsbalanum framan við Geysi. Í baksýn er Langabúð með áföstu Sláturhúsi, en handan vogsins er húsið Trítón. (Ljós. óþekktur. Myndasafn Mús Karlssonar.)*

Tveimur árum eftir hótelbrunnann, eða árið 1898,<sup>86</sup> byggði Lúðvík Jón Jónsson (1855-1912), trésmiður og hafnsögumaður, nýtt veitinga- og gistihús á grunni Hótels Lundar og nefndi það *Hótel Geysi* (19). Haustið 1902 var húsið virt til skattaafgjalds og taldist þá „að öllu leyti fullgjört“. Mældist það 18 álnir á lengd, 12 álnir á lengd og 11 álnir á hæð í mæni.<sup>87</sup>

<sup>84</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 26-27; Már Karlsson (2010), s. 28.


<sup>85</sup> Már Karlsson (2010), s. 20; Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 84; Ingimar Sveinsson (1989), s. 77; *Þjóðviljinn ungi* 5.árg., 32. tbl., 23. júlí 1896, s. 126; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 38-39 og 47.

<sup>86</sup> Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands (www.skra.is) er byggingarár hússins ranglega skráð 1900.

<sup>87</sup> Már Karlsson (2010), s. 19-20.



Útsýn af Hraunsklettum út yfir verslunarstaðinn, trúlega um 1890. Lengst til hægri er Hótel Lundur, en önnur mynd af húsinu er ekki þekkt. Handan vogsins sést Smeltirfjöld, dökkleitt timburhús, sem ber yfir þak Lundar. (Ljós. Noline Weyvad. Þjms. Th-10.)



Aldamótafagnaður á Hótelssalanum við Geysi sumarið 1901. Uppi á klettunum, til hægri við hótelið, sér í húsið Hlíðarenda. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Myndasafn Djúpavogshrepps. Frummynd Þjms. Th-29.)

Árið 1908 hættu Lúðvík og kona hans, Krístrún Finnsdóttir (1867-1969), hótélrekstri og höfðu húsaskipti við hjónin Sigurbjörgu J. Iversen (1858-1914) og Gustav J. Th. Iversen (1863-1945) kaupmann, sem þá bjuggu í húsinu Sólhól. Þau áttu skamma búsetu í Geysi og fluttust frá Djúpavogi um áramótin

1909/10. Þá eignuðust húsið bræðurnir Karl (1877-1963) og Ingimundur (1881-1964) Steingrímssynir og eiginkonur þeirra, Björg Árnadóttir (1889-1969) og Steinunn Tómasdóttir (1890-1985). Þau nefndu húsið *Heklu*, sem þannig var skráð í kirkjubók næstu 10 árin. Nafnið „náði ekki eyrum samborgaranna, sem héldu áfram að kalla húsið Hótel eða Geysi“.

Björg og Karl bjuggu á efri hæð hússins til ársins 1962, en Steinunn og Ingimundur á neðri hæðinni til 1947. Á þeim árum gegndi húsið þýðingarmiklu hlutverki í daglegu lífi þorpabúa, því að Ingimundur var póstafréiðslumaður, símsstöðvarstjóri og hreppstjóri um langt árabíll. Fyrsta símsstöð Djúpavogs var til húsa í herbergi á efri hæð í norðausturhorni Geysis 1916-1928 og póstafréiðslan á neðri hæðinni, beint undir símaherberginu, frá 1910 til 1946. Árið

1930 kom einnig útvarpstæki í húsið, eitt hið fyrsta í plássinu, svo að þangað sóttu margir þorpsbúar sér fréttir af innlendum og erlendum viðburðum.<sup>88</sup>



*Hótel Geysir lengst til vinstri í byrjun 20. aldar. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-26.)*

Árið 1947 keyptu hjónin Ágústa Gústafsdóttir og Kristinn Friðriksson neðri hæð Geysis og síðan efri hæðina 1962. Frá 1967 gekk húsið kaupum og sölum uns Búlandshreppur keypti það árin 1988 og 1991. Á þessu árabili, og raunar



allt frá 1908, áttu fjölmargir leigjendur húsaskjól í Geysi, bæði um lengri og skemmri tíma, og á árabílinu 1967-1987 var rekin verslun og kvöldsala (sjoppa) á neðri hæð hússins, Kiddýarbúð frá 1976 (Kristrún Óskarsdóttir) fyrsta BH-búðin frá 1981 (Bríet Pétursdóttir) og Djúpið frá 1982 (Emil Björnsson).<sup>89</sup>

*Geysir um 1950. Húsið var þá bárujárnsklætt og líttill garður fyrir sunnan það. (Myndasafn Hjördísar Bjargar Kristinsdóttur.)*

Geysir var þurrabúð og fylgdi húsinu aðeins grunnlóð og lítið garðstæði við húsið. Nákvæm lýsing var gefin á því í fasteignamati 1916, en byggingarár þess var hins vegar

ranglega talið 1895. Húsið var sagt „tvílyft timburhús með pappalögðum veggjum og járnvörðu þaki“, 11,34×7,56 m að grunnfleti, en 5,67+3,78 m á hæð. Í húsinu voru fjórar íbúðir með 2-3 herbergjum hver, en undir húsinu var kjallari með tveggja metra lofthæð og engri íbúð, 5,04×3,15 m að gólfleti.<sup>90</sup> Grunnmál hússins voru nánast hin sömu skv. úttekt árið 1930, en veggghæð frá kjallara þá sögð 5 m, rishæðin 1,8 m og grunnhæð 1,5 m. Eins var kjallarinn sagður 6×4 m að innanmáli, hlaðinn úr grjóti og steinlímdu. Útveggir og þak voru járnvarin, en gólf, loft og skilrúm ýmist einföld eða tvöföld. Í húsinu voru tvær íbúðir og 7 herbergi í hvorri, ofnar, tvær eldavélar og tveir reykháfar úr múrsteini. Húsið taldist fremur

<sup>88</sup> Már Karlsson (2010), s. 19-27; Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 72.

<sup>89</sup> Már Karlsson (2010), s. 24-33.

<sup>90</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 I, s. 400.

vandað, en „orðið fornlegt og að ýmsu leyti af sér gengið“, járnklæðning víða ryðguð og „viðhaldi hússins yfirleitt ábótavant“.<sup>91</sup>



*Teikningar af uppmælingu og endurgerð Geysis, unnar af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur 1999.*

Árið 1940 var húsinu lýst með áþekktum hætti og 1930. Þó hafði verið byggt lítið anddyri (12 m<sup>3</sup>) eða „útbygging“ við húsið. Einnig var upplýst, að pappalagðir útveggir hefðu fyrst verið járnklæddir 1922 og settir í það nýir gluggar. Tvískiptur og grjóthlaðinn kjallari var undir ¾ hluta hússins, en á hvorri hæð voru 6 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Húsið þótti í meðallagi vandað og bæði hirðing og viðhald þess slæm.<sup>92</sup>

*Grunnteikningar af Geysishúsinu, unnar af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur 1999.*

Eftir að sveitarfélagið festi kaup á öllu húsinu árið 1991 kom fljótlega til tals að endurbyggja það frá grunni:

Húsið var orðið mjög lélegt og hrörlegt og ekki íbúðarhæft. Málið var sett í hendur Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts, sem var falið að endurteikna húsið með þau áform í huga að nýta það sem ráðhús fyrir hinn nýja Djúpavogshrepp. Þar skyldi vera til húsa, auk almennrar skrifstofu, skrifstofa sveitarstjóra og aðstaða fyrir tæknideild sveitarfélagsins og fundaraðstaða fyrir hinn nýja Djúpavogshrepp.<sup>93</sup>

*Frá víslu Hótelis Geysis 17. júní 2001. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



<sup>91</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>92</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>93</sup> Már Karlsson (2010), s. 33-34.

Í tillögu Guðrúnar Jónsdóttur að endurgerð hússins var m.a. gert ráð fyrir því að byggður yrði nýr grunnur undir það og húsið fært um breidd sína frá götu og um hálfra lengd sína nær húsinu Sætúni. Gera þyrfti við húsgrindina eftir þörfum, einangra hana og klæða af nýju með standandi timburklæðningu af upprunalegri gerð. Eins þyrfti að endurnýja alla glugga og færa í upphaflegt horf, ásamt frágangi á nýjum inngangi á suðurgafli og tréþalli með austurhlíð.<sup>94</sup>

Framkvæmdir við endurgerð hússins hófust árið 1997 og var lokið sumarið 2001. Að því verki komu ýmsir iðnaðarmenn og verktakar á Djúpavogi undir forsögn og umsjón Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur og Ólafs Áka Ragnarssonar sveitarstjóra. Hinn 7. september



2000 hélt sveitarstjórn Djúpavogshrepps sinn fyrsta fund í nýjum fundarsal Geysis, en formleg vígsla hússins fór fram við hátíðlega athöfn 17. júní 2001, þegar rétt öld var liðin frá aldamótahátíð Djúpavogsbúa á Hótelsbalanum.<sup>95</sup>

*Suðurgafli og vesturhlíð Geysis árið 2014. (Ljósmynd Páll Jakob Línadal.)*

Með þessu framtaki öðlaðist

Hótel Geysir fyrri reisin og hefur síðan þjónað sem ráðhús Djúpavogshrepps. Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki.

#### 4.2.2.2 Bakkabúð – Bakki 2

Á 8. áratug síðustu aldar fór Olúfúfélagið ESSO hringferð um landið og byggði upp bensínstöðvar og eftir atvikum þvottaplön, í öllum helstu þéttbýliskjörnum. Húsið á lóð nr. 2 við Bakka er arfleifð þeirra framkvæmda. Um er að ræða ríflega 80 m<sup>2</sup> byggingu, sem áður hýsti bensín- og greiðasölu, en frá 2010 hefur verið rekin þar handverks- og minjagripaverslunin *Bakkabúð*. Ljóst er, - með tilliti til gömlu verslunarhúsanna og þeirrar sögu sem svæðið hefur að geyma, - að



útlit byggingarinnar er mjög framandi. Nærtækasta lýsingin er sú, að útlit hennar sé mjög dæmigert fyrir útlit slíkra bygginga frá þessum árum, en hún hefur haldið sér að mestu. Húsið er í fremur lélegu ástandi.

*Aðstæður við Bakka árið 1998, þegar húsið Geysir var flutt á nýjan grunn. Bensínstöðin er til hægri. (Ljósmynd Sigurður Gíslason.)*

<sup>94</sup> Már Karlsson (2010), s. 34; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 18-19.

<sup>95</sup> Már Karlsson (2010), s. 34-35; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 18-19.

Byggingin stendur á steyptu plani, sem þekur nánast allan Kallabakka. Planið stendur hátt og er umlukið steyptum kanti á þrjá vegu. Í daglegu tali er hann gjarnan nefndur „Veggurinn“. Ljóst er, að framkvæmdin er í heild sinni mjög róttækt inngríp í hið smágerða og viðkvæma umhverfi við voginn. Taka mannvirkin, - og þá sérstaklega Veggurinn, - mjög mikið til sín og hafa þau að öllum líkindum einna neikvæðust áhrif á ásýnd svæðisins vestan við voginn.



Bakkabúð og bílaþvottaplan 2013. (Ljós. Páll Jakob Líndal.)



Horft frá Bjargstúni yfir á Bakka og Búð sumarið 2017. Til vinstri er verslunin og veitingastaðurinn Við Voginn, þá „Veggurinn“ - umgjörð fyrrum bensinstöðvar og bílaþvottaplans, - fyrir miðri mynd, og síðan fiskvinnsluhús Búlandstinds ehf. og hafnarsvæðið lengst til hægri. (Ljós. Páll Jakob Líndal.)



Húsið Sætún er nú aflagt sem íbúðarhús, en þar hefur m.a. verið aðsetur lögreglunnar frá 2013. (Ljós. Andrés Skúlason.)

#### 4.2.2.3 Sætún – Bakki 3

Skammt utan við Geysi er húsið Sætún, sem Byggingafélag verkamanna lét byggja árið 1947 á 700 m<sup>2</sup> lóð.<sup>96</sup> Húsið er steinsteypt og

á einni hæð með lágreistu mænispaki, 124,2 m<sup>2</sup> að grunnfleti að meðtöldum viðbyggðum bílskúr með einhalla þaki við norðanvert húsið. Fyrsti ábúandi í Sætúni var Sigurður Jóhannesson (1909-1988), sem jafnframt var smiður við byggingu hússins. Árið 1960 keypti Ásgeir Hjálmarsson (1932-2014) bifreiðarstjóri húsið og bjó þar ásamt fjölskyldu sinni til

<sup>96</sup> Skjalasafn Djúpavogshrepps (lóðarsamningur dags. 31. júlí 1970).



ársins 1990. Sætún var nýtt sem íbúðarhús til ársins 2008, er Djúpavogshreppur keypti það. Frá þeim tíma hefur ýmis starfsemi haft þar aðsetur, svo sem lögregluvarðstöð í norðurenda þess frá 2013 og fugla- og steinasafn og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í suðurendanum til ársins 2016.



*Bakki og Búd, séð frá Brennikleppi vorið 2017. Geysir er lengst til vinstri og Sætún fyrir aftan. Bakkabúð og aflagt þvottaplan eru fyrir miðri mynd, gömlu verslunarhúsin utar og litlu fjær er fiskvinnsluhús Búlandstinds ehf. og athafnasvæði Djúpavogshafnar (Ljósm. Páll Jakob Líndal.)*

#### 4.2.2.3 Fiskvinnsluhús Búlandstinds – Bakki 4

Fiskvinnsluhús og önnur mannvirki Búlandstinds ehf. standa norðan við gömlu verslunarhúsin, þar sem áður var Hjallsklettur. Þótt byggingarnar standi utan verndarsvæðisins, verður ekki komast hjá stuttri umfjöllun hér, enda hefur starfsemin í



þessum mannvirkjum verið lífæð svæðisins áratugum saman og tilvist húsanna haft mikil áhrif á ásýnd verndarsvæðisins vestan vogsins.

*Hafnarbryggjan um 1950, en hún var byggð 1949. Handan vogsins má sjá (frá vinstri) bryggjur og hús frá útgerð Sigfúsar Sveinssonar og Friðgeirs Hallgrímssonar, Sólvang ögn ofar, síðan skemmuhús, Framtíðina og samkomuhúsið Neista fyrir botni vogsins. (Ljósm. ókunnur. Úr Ingimar Sveinsson (1989), s. 92.)*

Fyrirtækið Búlandstindur hf. var stofnað árið 1946 að frumkvæði Kaupfélags Berufjarðar og með aðild flestallra heimila á

félagssvæðinu. Fyrsta frystihús félagsins tók til starfa um áramótin 1947/48, og síðan var annað stærra og fullkomnara frystihús tekið formlega í notkun undir árslok 1980, en hafði þá

verið lengi í byggingu. Auk reksturs frystihúss og útgerðar skipa og báta starfrækti fyrirtækið saltfiskverkun, síldarsöltun og neta- og vélaverkstæði á svæðinu.<sup>97</sup>

Árið 1998 keypti fyrirtækið Vísir hf. í Grindavík allar eignir og útgerð Búlandstinds og var skuttogarinn Sunnutindur SU 59 seldur í kjölfarið. Var þá nafni fyrirtækisins jafnframt breytt til samræmis við nýja eigendur. Árið 2013 yfirgaf Vísir hf. Djúpavog með 90% af aflaheimildum af svæðinu og var það mikið áfall fyrir samfélagið. Í kjölfar brotthvarfs Vísis hf. var blaðinu hins vegar snúið við með endurreisn fiskvinnslu undir nafni Búlandstinds ehf., sem vinnur bæði bolfisk og fiskeldisfisk.



*Djúpavogshöfn 1965. Há síldartunnustæða á planinu framant við Faktorshúsið. Gamla Bryggjuhúsið enn við lýði, en fáum árum síðar var byggt nýtt bryggjuhús austan við það. (Ljós. Guðmundur Tómas Arason.)*

*Útsýni af Brennikletti yfir Djúpavogshöfn um 1970. Nær er gamla bryggjan og nýbyggt bryggjuhús austan við hið eldra. Á Hjallskletti eru gamla frystihúsið og önnur mannvirki Búlandstinds hf. og hafskipabryggjan framan við. (Ljós. Ingimar Sveinsson.)*

Verulegar hafnarframkvæmdir hófust við Hjallsklett árið 1947 með byggingu hafskipabryggju (hafnarbryggjan) og með auknum umsvifum á 7., 8. og 9. áratug aldarinnar var Hjallskletturinn smám saman sprengdur niður til að rýmka fyrir frekari byggingum og nýrri hafnaraðstöðu. Um síðustu aldamót var enn bætt við

<sup>97</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 97; „Búlandshreppur“, s. 235-236; Ólafur Áki Ragnarsson (1989), s. 133-134.

mannvirkjum, þegar reist var ný bygging sunnan við eldri hús. Gafl viðbyggingarinnar nær nánast að þeirri línu, sem afmarkar verndarsvæðið vestan vogsins til norðurs, og rís í aðeins 8 metra fjarlægð frá norðurgafli Faktorshússins.



*Horft yfir voginn úr brekkunni ofan við Sólvang og útihúsin um 1980. Verulegar breytingar urðu á aðstæðum við Hjallskletti með byggingu nýja frystihússins, viðlegukants og annarra mannvirkja. (Ljósm. Sigurður Gíslason.)*

Þetta hús er dæmigerð verksmiðjubygging, þ.e. um 6 m hátt stálgrindarhús með lágu mænispaki og er klætt hvíthúðuðu stáli. Óhætt er að segja, að

byggingin sé fremur ágeng í umhverfi sínu vegna stærðar sinnar, forms, litar og nálægðar við elstu byggðina við voginn. Lág staða byggingarinnar í landi dregur þó mjög úr neikvæðum áhrifum hennar.



*Djúpavogshöfn sumarið 2011 (Ljósm. Andrés Skúlason.)*

### 4.3 Verndarsvæðið sunnan vogsins

Nú skal litast um á þeim hluta verndarsvæðisins, sem er sunnan við voginn og liggur á milli gatnanna Búlands og Hammersminnis. Að vestanverðu er drjúg landspilda samsíða Búlandi og eftir henni endilangri liggur allangur klettahryggur. Að norðanverðu heitir hann *Hlíðarendaklettur* og að sunnanverðu *Hlíðarhúsklettur* eftir samnefndum býlum, sem byggðust undir austanverðum klettunum á 19. öld. Á milli klettanna eru *Mensaldurssund* og *Hlíðarhúshali*, sem er gróðurlítill klöpp og gamall fiskreitir.<sup>98</sup> Norðvestan við klöppina stendur matvöruverslun (Kjörbúðin) með stóru malarplani, sem eru utan verndarsvæðisins. Þar suður af, í suðvesturhorni svæðisins og á svonefndum *Kirkjuaur*, standa ásamt *Prestshúsinu* (21), tvö gömul og merkileg hús, þ.e. *Djúpavogskirkja* eldri (20) og gamli læknisbústaðurinn *Dalir* (22).



*Gamli læknisbústaðurinn Dalir (t.v.), Prestshúsið og Djúpavogskirkja eldri standa á svokölluðum Kirkjuaur í suðvesturhorni verndarsvæðisins. Fyrir miðri mynd er húsið Sólhóll undir samnefndum klettum, en lengst til hægri sér í verslunina Kjörbúðin. Myndin var tekin 26. mars 2015, þegar kór kirkjunnar var fjarlægður vegna endurbyggingar hennar. (Ljós. Andrés Skúlason)*

Undir klettunum og handan Búlands er annað merkilegt hús, *Sólhóll*, sem var byggt árið 1930 og hefur á síðustu árum verið endurbyggt á vandaðan hátt. Það stendur reyndar utan marka verndarsvæðis í byggð, en lagt hefur verið til í aðalskipulagi að öll þessi hús njóti hverfisverndar í deiliskipulagi vegna eigin varðveislugildis, sögu og húsagerðar, svo og mikilvægis hvers og eins fyrir svipmót þessa svæðis í bæjarmyndinni. Heildaryfirbragði húsa og svæðis má því ekki spilla með nokkrum hætti.<sup>99</sup>

#### 4.3.1 Kirkjuaur - Steinar

Áðurnefnd hús standa við götuna Steina, sem tengist Búlandi rétt sunnan við Prestshúsið. Efst liggur gatan til suðausturs, en á móts við Dali tekur hún hornréttan sveig til suðvesturs og liggur samsíða Búlandi.


##### 4.3.1.1 Djúpavogskirkja eldri – Steinar 1A

Djúpivogur varð fyrst kirkjustaður árið 1893, þegar þar var reist kirkja í stað gömlu sóknarkirkjunnar á Hálsi, sem fauk í miklu norðan hvassviðri aðfaranótt 9. mars 1892. Þangað

<sup>98</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 15-19.

<sup>99</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 44 og 51-56; *Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020*, s. 154-156.

höfðu þorpsbúar átt kirkjusókn frá upphafi, en vegna fjarlægðar og vaxandi íbúafjölda í kaupúninu var ákveðið, með leyfi biskups og landshöfðingja, að byggja nýtt guðshús í þorpinu í stað þess að endurbyggja kirkju á hinu forna prestssetri. Um leið var heiti sóknarinnar breytt úr Hálssókn í Djúpavogssókn.<sup>100</sup>



*Teikning Guðmundar Gunnarssonar arkitekts, skv. úttektum, af norðurhlíð Djúpavogskirkju nýbyggðri. (Úr Kirkjur Íslands XX, s. 117.)*

Djúpavogskirkja var byggð sunnarlega á Aurnum (Kirkjuaurnum) árið 1893 af Lúðvíki J. Jónssyni (1855-1912) snikkara, sem jafnframt má telja forsmið eða hönnuð hennar. Hann byggði öll stærri hús á Djúpavogi um og fyrir aldamótin 1900, þ.e. Sólhól (1880), Hraun (1888), Geysi (1898) og Framtíð (1905/06), en enn fremur íbúðarhúsið á Teigarhorni (1880/82), Hofskirkju (1896) og Papeyjarkirkju

(1904). Talið er að fyrst hafi verið messað í Djúpavogskirkju 17. desember 1893, þótt ekki væri þá getið um sérstaka vígsluathöfn. Röskum 12 árum síðar (1905) varð Djúpivogur



prestssetur með því að séra Jón Finnsson (1865-1940) flutti aðsetur sitt frá Hofi í Álftafirði í húsið Hraun. Þar bjó hann uns hann lét af embætti 1931, og hinn 2. júlí sama ár tók söfnuðurinn við kirkjunni. Sérstakur prestsbústaður var síðan byggður suðvestur af kirkjunni á árunum 1948-1950<sup>101</sup> (sjá síðar).

*Djúpavogskirkja og gamli læknisbústaðurinn Dalir, en í hægra horni myndarinnar sést í húsið Sólhól. Myndin var tekin á árabílinu 1940-1945. (Myndasafn Guðrúnar Guðjónsdóttur.)*

Fyrsta úttekt kirkjunnar var gerð 8. september og húsinu þannig lýst:

Lengd: 12 álnir að utanmáli, 11 álnir og 10 þumlungar að innan. Breidd:  $9\frac{3}{4}$  að utan, 9 álnir að innan. Hæð í mæni fullar 9 álnir. Stoðir 4 álnir á lengd og 5 þumlungar á kant. Ytri klæðning er úr  $5/4$  þumlunga borðum, en innri klæðning úr  $3/4$  þykkum strikuðum borðum. Gluggar eru fjórir, tveir á hverri hlið, 1 alin og 20 þumlungar á hæð og 1 alin og 8 þumlungar á breidd. Fyrir þeim eru öruggir hlerar. Í framkirkjunni eru 11 bekkir og í kórnum bekkir að framan og í kring

<sup>100</sup> *Kirkjur Íslands XX*, s. 113; Ingimar Sveinsson (1989), s. 7-8; Ingimar Sveinsson (2003), s. 144. Kirkjan er ranglega sögð byggð 1890 í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)).

<sup>101</sup> *Kirkjur Íslands XX*, s. 113.

að altari og 2 lausabekkir, í kórdrum súlur með boga. Bitar eru 7, klæddir, og sperrur jafnmargar, einnig aurstokkar og fótstykki, allt með sama gildleika og áður er sagt. Prédikunarstóll er 2½ alin á hæð frá gólfi, á fæti, sexstrendur og stendur við suðurhlið framan við kór. Altarið er á upphækkuðum palli, og er 1½ alin á hæð og eins á breidd, með 2 hillum og vængjahurð. Fyrir dyrum er traust vængjahurð með góðri skrá. Turninn er 4½ alin á hæð frá mæni. Þakið er úr 1¼ þumlungs þykkum borðum, lagt bikuðum pappa, og hrygglistar yfir. Vindskeiðar tvöfaldar. Kirkjan er tvímáluð utan og innan. Grunnurinn er ósementeraður enn, og er prestinum falið að láta sementera hann hið allra fyrsta, einnig að herða á kettingum þeim, sem halda kirkjunni niður á norður- og austurhornum.<sup>102</sup>

Í ritinu *Kirkjur Íslands*, 20. bindi, er byggingar- og viðhaldssaga Djúpavogskirkju skráð af Guðmundi Gunnarssyni arkitekt, sem mældi og teiknaði kirkjuna árið 2008 ásamt Gunnþóru



Guðmundsdóttur arkitekt og Michael Blikdal Erichsen arkitektanema.

Helstu beytingar og endurbætur, sem gerðar voru á kirkjunni fram til ársins 1941, voru þessar: Grunnur sementeraður (1897), söngloft sett í tvö fremstu stafgólf, þak og turn járnklædd og bætt við glugga á framstafn og turn (fyrir 1903), kórbak klætt bárujárni (1907) og síðan aðrar hliðar kirkjunnar (um 1925).<sup>103</sup>

*Horft yfir framkirkju, en fremst í henni er söngloft í tveimur stafgólfum frá 1903. (Ljósm. Páll Jakob Línal.)*



*Séð inn í kór kirkjunnar 2010. Niður úr hvelfingu framkirkju hangir ljósa hjálmur úr Papeyjarkirkju. (Ljósm. Páll Jakob Línal.)*

Árin 1940 og 1941 var ráðist í miklar breytingar á kirkjunni. Fólust þær einkum í því, að gömlu gluggunum var skipt út fyrir smárúðotta bogaglugga með lituðu gleri, fjarlægðir voru tveir þverbitar í lofti og bogi yfir kórdrum, prédikunarstóll var hækkaður og færður í suðausturhorn kirkjunnar, bogapiljur voru gerðar yfir kirkjudyr að innanverðu og kirkjan máluð að

utan og innan. Árin 1953 og 1954 voru enn gerðar miklar breytingar á kirkjunni: Lítil forkirkja með mænispaki var reist við vesturgafn og að austanverðu byggður nýr kór með

<sup>102</sup> *Kirkjur Íslands* XX, s. 116.

<sup>103</sup> *Kirkjur Íslands* XX, s. 116-120; <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/austurland/nr/758>.


skrúðhúsi, bogadregnu kórbaki og mænispaki með valma. Bogadregnir gluggar voru settir á kór og forkirkju og tveir opnanlegir gluggar á turn. Þá voru útveggir múrhúðaðir (forskalaðir) og kirkjan skrautmáluð að innan af hjónunum, Jóni og Gretu Björnsson. Síðustu breytingar á kirkjunni voru gerðar árið 1965, er settur var ljósakross á turninn, og á árabílinu 1985-1988, þegar steyp var utan á sökkla og kirkjan einangruð að utan með plasteinangrun og að síðustu klædd hvítmáluðu trapizujárni.<sup>104</sup>



Teikningar Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur af Djúpavogskirkju frá 2013.

Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og er varðveitt í bláum verndarflokki. Hún var afhelguð sunnudaginn 19. maí 1996, þann sama dag og ný sóknarkirkja var vígð.<sup>105</sup> Eftir það var kirkjan notuð til funda- og sýningahalds, en um hríð voru áhöld um örlög og framtíðarnot hennar. Árið 2008 var hún

mæld upp og teiknuð af Guðmundi Gunnarssyni arkitekt og fleirum, eins og fyrr er nefnt, og með samvinnu sóknarnefndar og sveitarstjórnar var hafist handa árið 2010 við endurbyggingu kirkjunnar. Var Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts falið að gera úttekt á kirkjunni og teikningar af endurgerð hennar. Framganga verksins var síðan geirnegld árið 2011 með kaupum Djúpavogshrepps á kirkjunni, sem síðan hefur verið unnið markvisst að undir umsjón Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur og sveitarstjórnar.<sup>106</sup>



Teikningar Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur af Djúpavogskirkju frá 2013.

<sup>104</sup> Kirkjur Íslands XX, s. 120-121; Húsakönnun [...] 2014, s. 44-46.

<sup>105</sup> Dagblaðið Vísir – DV 24. maí 1996, s. 13.

<sup>106</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 45-47; Kirkjur Íslands XX, s. 121.



*Djúpavogskirkja á árabílinu 1978-1987. (Ljós. Henning Finnbogason. Þjms. Rív2-K-169.)*

Áður en ráðist var í endurbyggingu kirkjunnar var henni lýst með þessum hætti:

Djúpavogskirkja er timburhús, 7,70 m að lengd og 6,36 m á breidd, með forkirkju, 2,03 m að lengd og 2,18 m á breidd, og kór

með bogadregnu kórbaki, 3,90 m að lengd og 3,68 m á breidd. Þök kirkju og forkirkju eru krossreist og á kór er valmi sem fylgir boga kórbaksins. Upp af vesturstafni er ferstrendur turn og á honum hátt íbjúgt toppþak. Upp af turni er stór ljósakross. Útveggir kirkju eru klæddir hvítlituðum trapisuformuðum stálplötum, þök kirkjuskips, forkirkju og kórs eru bárujárnsklædd en þak turns er með sléttu járni. Elsti hluti kirkjunnar, sjálft kirkjuskipið, stendur á hlöðnum sökkli sem búið er að þykkja með steinsteyptum sökkulveggjum og ná þeir út fyrir veggir kirkjunnar. Myndar efsti hluti veggjanna einskonar vatnsbretti sem klætt er sléttu stáli. Kór og forkirkja standa á steinsteyptum sökklum. Á hvorri hlið kirkjuskips eru tveir bogadregnir smárúðóttir gluggar, einn á hvorri hlið kórs og einn á suðurhlið forkirkju. Lítil gluggi er á framstafni kirkju og smágluggi á hvorri turnhlið. Umgjörð glugga, faldar og vatnsbretti eru gerð úr beygðum stálprófilum í sama lit og stálklæðning. Yfir gluggum á hliðum kirkjunnar eru



vatnsbrettin burstlöguð. Vindskeiðar á stöfnum eru einföld hefluð borð án skrauts og máluð í dökkbrúnum lit. Fyrir útidyrum framan á forkirkju eru vængjahurðir með mjóum lóðréttum spjöldum, málaðar í dökkbrúnum lit.<sup>107</sup>

*Kirkjan í endurbyggingu 11. apríl 2017. (Ljós. Andrés Skúlason.)*


#### 4.3.1.2 Prestshúsið – Steinar 1

Eins og áður segir varð Djúpavogur prestssetur árið 1905, þegar séra Jón Finnsson fluttist frá Hofi og keypti húsið Hraun (byggt 1888), sem ennþá stendur og er meðal elstu húsa á Djúpavogi. Séra Jón lét af embætti 1931, en ákvörðun um byggingu nýs prestsbústaðar dróst

<sup>107</sup> *Kirkjur Íslands XX*, s. 121-122.



til ársins 1947.<sup>108</sup> Þá falaðist kirkjumálaráðuneytið eftir byggingarlóð suðaustan við kirkjuna, austantil í túni Ágústs Lúðvíkssonar á Sólhól, og fól sömuleiðis húsameistara ríkisins að gera uppdrátt að húsinu. Árið eftir mældi Sigurður Guðmundsson arkitekt (1885-1958) fyrir húsinu á lóðinni, svo að hann mun að líkindum hafa teiknað það.



*Djúpavogskirkja, Dalir og Prestshúsið í byggingu árið 1950. Yfirsímiður þess var Einar Sigurðsson, tré- og skipasímiður í Odda á Fáskrúðsfirði. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar.)*

Yfirsímiður við byggingu hússins var Einar Sigurðsson (1897-1984), tré- og skipasímiður í Odda á Fáskrúðsfirði. Hófst hann handa sumarið 1948, en vann jafnhliða að endurbótum á læknisbústaðnum. Húsið var ekki fullgert fyrr en 1950, þótt flutt væri í það árið áður. Í ítarlegri úttekt prófests frá 21.

ágúst 1951 var húsinu m.a. þannig lýst í endursögn:

Húsið er 8×10 m að grunnfleti, byggt úr steinsteypu með kjallara, hæð, rishæð og hanabjálkalofti undir háreistu mænispaki. Á því er steinsteypur reykháfur að norðanverðu og kvistur á suðurhlið. Útveggir eru einangraðir með steinull og trétexi á grind, en síðan forskalað að innan. Utan á sperrur er klætt með borðviði, tjörupappa og bárujárni, en með trétexi að innan. Gengið er á stofuhæð um steyptar tröppur á norðurhlið og um aðrar í kjallara, sem er að mestu niðurgrafinn með tveggja metra lofthæð. Þar eru forstofa, þvottahús, herbergi og tvær geymslur með steinsteypu gólfi og skilrúmunum. Úr forstofu liggur stigi upp í stórt anddyri á stofuhæð, en í norðausturhorni er minna anddyri við aðaldyr hússins. Á stofuhæð eru skrifstofa með litlu salerni, dagstofa, borðstofa og eldhús, en úr innra anddyri er gengið upp á gang rishæðar. Úr honum er gengt í sex vistarverur, þ.e. baðherbergi, kvistherbergi og



tvö önnur í sitthvorum enda loftsins. Yfir húsinu að endilöngu er manngengur hanabjálki með litlum þakglugga.

*Prestshúsið 2016. Á bak við það er gamli læknisbústaðurinn Dalir og fjær er Hlíðarhús, sem byggt var 1954. (Ljósmynd Andrés Skúlason.)*

Við byggingu hússins var það málað lauslega að utan, þakið rautt og útveggir hvítir, en málningin afmáðist fljótt við veðrun. Upphafleg lóð var aðeins 255 m<sup>2</sup> að stærð, en stækkuð allnokkuð 1960 og síðar enn frekar, svo að nú mælist hún 900 m<sup>2</sup>.

<sup>108</sup> Um byggingu hússins er einkum stuðst við þessar heimildir: ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 2002-25 og 2002-26. B/1500-1502. Bréfasafn. Prestsembætti S-Múlasýslu 1947-1950, 1951-1952, 1957-1961 og 1962-1966; *Kirkjuritið* 14. árg., 3. tbl. 1948, s. 223, 15. árg., 3. tbl. 1949, s. 216, og 16. árg., 3. tbl. 1950, s. 212; *Kirkjur Íslands XX*, s. 113.

Hún var í fyrstu umgirt, ásamt lóð kirkjunnar, með vírneti á rauðmáluðum tréstöplum og -langböndum, og með norðurhlið hússins var steipt gangstétt að girðingarhliði.

Fljótlega varð vart ýmissa ágalla á húsinu, svo að ráðist var í talsverðar endurbætur á því haustið 1963. Þess utan reyndist það mjög kalt, en óánægju sinni með hönnun þess lýsti séra Trausti þannig á jólaföstu 1962: „Húsið er óvenju erfitt til íbúðar, sérstaklega fyrir húsmóðurina, þar sem búr er í kjallara, eldhús á næstu hæð, svefnherbergi og bað á þriðju hæðinni og hanabjálkaloft til geymslu fjórða hæðin, eilíf stigahlaup. Það ætti að brenna allar slíkar hústateikningar.“

Lengra verður saga hússins ekki rakin hér. Það hefur þjónað sem prestssetur Djúpavogssóknar í hartnær 70 ár, en lengst bjuggu í því Borghildur María Rögnvaldsdóttir (1915-2003) og séra Trausti Pétursson (1914-1990) frá 1949 til 1982. Húsið er snotur bygging og fellur vel að nærliggjandi húsum, prýðilega staðsett og mikilvægur hluti af fallettri heild á Kirkjuaurnum.

#### 4.3.1.2 Dalir – Steinar 3

Héraðslæknir í Berufjarðarlæknishéraði á árabílinu 1929-1934 var Árni Árnason (1885-1971), sem hafði í fyrstu aðsetur á Búlandsnesi eins og forveri hans, Ólafur Jón Thorlacius. Árið 1930<sup>109</sup> réðst Árni í byggingu læknisbústaðar á Djúpavogi með tilstyrk læknishéraðsins og



flutti í það síðla árs ásamt eiginkonu sinni, Guðlaugu Sigurðardóttur (1891-1942). Húsið nefndu þau *Dali*, en því var valinn staður skammt suðaustur af kirkjunni og vestan undir lágum klettaranum. Flutt var tilsníðið timburhús frá Noregi, en yfirsniður við byggingu þess var Hóseas Björnsson (1885-1985), trésmiður á Höskuldsstöðum í Breiðdal. Þetta sumar vann Ólafur Eiríksson, trésmiður frá Hvalnesi, að byggingu nýja Sólhólshússins, og var að sögn „nokkurt kapp á milli þeirra smiðanna um að vera fyrstir að ljúka verkinu“.<sup>110</sup>

*Djúpavogskirkja, Prestshúsið og Dalir um 1960. Framan við Prestshúsið er bílskúr, sem séra Trausti Pétursson lét byggja. (Myndasafn Guðrúnar Aradóttur – myndhluti.)*

Dalir eru norskt timburhús á einni hæð, byggt á steinsteiptum sökklum með litlum kjallara, bröttu gafsneyddu risþaki og mæni yfir miðju húsi, sem færður er inn á þakið við húsgaflana. Á suðvesturhlið er kvistur með portbyggðri útbyggingu (framhleypta eða „kamap“) og

<sup>109</sup> Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands (www.skra.is) er byggingarár hússins ranglega talið 1932.

<sup>110</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 186-187; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 54-55.


mænisþaki, jafnháu mæni hússins.<sup>111</sup> Bæði þak og útveggir hafa verið bárujárnsklædd frá upphafi.



Læknisbústaðurinn Dalir um 1945. (Myndasafn Guðrúnar Guðjónsdóttir – myndhluti.)


Húsinu var lýst í fasteignamati 1930 og taldist þá eign Árna Árnasonar læknis, „byggt 1930 og fullgjört“. Það var 11,3 m að lengd, 7,5 m á breidd, vegg hæð frá kjallara 3 m, grunnhæð (þ.e. frá jörðu) 0,8 m og rishæð 3,6 m. Húsið var ein hæð með háu risi „í valmastíl“ og á suðurhlíð kvistur með útbyggingu, en kjallari „aðeins lítill klefi fyrir miðstöðvarofn“.

Útveggir voru úr timbri, pappalagðir og járnvarðir, og þakið sömuleiðis. Gólf, loft og skilrúm voru úr timbri. Í húsinu voru hvorki vatns- né skolpleiðsla, en þó baðherbergi og miðstöð frá



RISHÆÐ:

- 1 Svefnherbergi
- 2 Sjúkrastofa
- 3 Geymsla
- 4 Herbergi
- 5 Herbergi
- 6 Stigaop
- 7 Opíó rými



NEDRI HÆÐ:

- 1 Skrifstofa
- 2 Stofa
- 3 Stofa
- 4 Smíðastofa
- 5 Eldhús m. búi
- 6 Trappa upp og niður úr kj.
- 7 Apótek
- 8 Inngangur í hús
- 9 Gangur
- 10 Geymsla
- 11 Kamar

katli. Ofnar voru í öllum herbergjum, ein eldavél og steinsteypur reyk háfur. Á aðalhæð voru þrjár stofur, lyfjabúð, tvær forstofur, eldhús, búr og baðklefi, en í rishæð fjögur svefnherbergi og stigagangur. Efst var lítið skambitaloft. Húsinu fylgdi 2700 m<sup>2</sup> leigulóð, ógirt og óræktuð.<sup>112</sup>

*Herbergjaskipan á rishæð og neðri hæð læknisbústaðarins í tíð Ingólfs Gíslasonar héraðslæknis (1930-1943), skv. lýsingu Theodórs sonar hans. Í kjallara voru þá kyndiklefi, þvottahús og geymsla. (Teikning TGJ. Húsakönnun [...] 2014, s. 55.)*

*Dalir um 1975-1980. (Ljósmynd Jónína Guðmundsdóttir.)*



Skv. fasteignamatsúttekt 1940 voru Dalir taldir í eigu Berufjarðarlæknishéraðs og lóðin 3300 m<sup>2</sup> að flatarmáli að viðbættri ómældri „sjóhúslóð“. Lýsing á húsinu var áþekkt hinni eldri. Upplýst var þó, að anddyri og kvistur væru 20 m<sup>3</sup> að stærð og að kjallara væri skipt í miðstöðvarklefa og tvo geymsluklefa. Á aðalhæð voru 6 íbúðarherbergi og gangur, en í rishæð fjögur svefnherbergi og stigagangur. Í húsinu var

<sup>111</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 54-56.

<sup>112</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

miðstöðvarhitun, vatns- og skolpleiðsla. Þá fylgdi eigninni steinsteypt hlaða (80 m<sup>3</sup>) með járnþaki og undir sama þaki var fjós fyrir tvo nautgripi og nokkur hænsni. Þar hjá var steinsteypt og þaklaus safngryfja og einnig réði héraðslæknir yfir sjóhúsi.<sup>113</sup>

Auk fyrrnefndra útihúsa má nefna vindrafstöð, sem Ingólfur Gíslason (1902-1981) héraðslæknir festi kaup á um 1939 og setti upp á lóðinni til að lýsa upp húsið. Fylgdu henni 20 rafgeymar, sem komið var fyrir í rishæð. Meðfylgjandi teikningar af herbergjaskipan og svofelld lýsing er byggð á frásögn læknissonarins, Theodórs Ingólfssonar (f. 1930) prentara, sem ólst upp í húsinu til 13 ára aldurs:

Tveir inngangar voru í húsið á sitthvorum gafla [...]. Inngangurinn á suðausturgafli veitti aðgang að skrifstofu læknis, apóteki, stiga upp á loft, niður í kjallara og eldhúsi. Úr eldhúsi var hægt að komast út í gang, en þaðan var aðkoma að kaldri geymslu og kamri. Síðastnefndu vistarverurnar voru í skúr, sem var áfastur norðausturhlið hússins. Stofa með „kamap“ var næst skrifstofu læknis og vestast önnur stofa, sem var með glugga bæði til suðvesturs og norðvesturs. Innangengt var milli þessara stofa. Aftan við þessar stofur, meðfram norðausturvegg hússins, var geymsla, búr og smíðaherbergi fjærst, næst norðvesturgafli hússins. Útidyrhurð á norðvesturgafli var hins vegar að sögn Theodórs aldrei notuð [kom löngu síðar sbr. ljósmyndir]. [...] Í risi var sjúkrastofa við norðvesturgafli með stórum glugga og við hlið hennar geymsla fyrir rafmagn. Stórt svefnherbergi með kvisti [var] á suðvesturhlið og tvö herbergi yfir skrifstofu, gangi og apóteki. Umhverfis stigann var síðan nokkuð stórt rými með þakglugga. Þaðan var gengið inn í allar vistarverur í risinu.<sup>114</sup>

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í tímans rás. Fyrstu endurbætur á því voru unnar af Einari Sigurðssyni (1897-1984), tré- og skipasmiði í Odda á Fáskrúðsfirði árið 1948 í tilefni að komu Þorsteins Sigurðssonar (1914-1997) héraðslæknis, sem bjó í húsinu 1948-1954.<sup>115</sup> Aðrar helstu breytingar eru þessar: Skúr við norðausturhlið var rifinn, er vatnssalerni



kom í húsið. Árið 1990 voru nýir (einfaldir) gluggar settir í húsið og gluggaumbúnaði breytt, múrað var upp í kjallarainngang á norðausturhlið, endurnýjuð bárujárn á þaki og veggjum og gluggafaldar huldur. Á árabílinu 2006-2010 var reykháfur múraður og þakið klætt stallaðri málmklæðningu með innbrenndum lit.<sup>116</sup>

*Dalir árið 2013, norðvesturgafli. (Ljós. Páll Jakob Línal.)*

Skv. varðveislumati *Húsakönnunar 2014*

hefur húsið mikið varðveislugildi, bæði vegna upprunaleika, menningarsögu og mikils umhverfisgildis „vegna nágrennis við kirkjuna“ og ósnortins umhverfis norðaustanvert við

<sup>113</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.


<sup>114</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 56.

<sup>115</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

<sup>116</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 54.



úr torfi og grjóti á þrjá vegu, en önnur langhlið úr timbri. Það var með járnvörðu mænispaki og  $5 \times 3,8 \times 5 + 1,9$  m að stærð. Á lóðinni voru einnig fjós, eldhús, hlaða og tveir kindakofar.<sup>121</sup>



Túnakort Hlíðarhúsið árið 1920. Húsið eru táknuð með bleikum ferhyrningi og er bæjarstæðið við vegarenda fyrir miðri mynd, norðan við stóran kálgarð. (Teikning Þorsteinn Stefánsson. Þjóðskjalasafn Íslands.)

Nýtt hús var byggt árið 1922 og því lýst í fasteignamati 1930. Það var „að nokkru leyti tvær hæðir“ án kjallara og með útveggjum úr timbri, en „jarðveggir að húsinu á þrjá vegu í miðja veggahæð“. Þakið var úr timbri og járnklætt, en gólf, loft og skilrúm öll úr timbri. Húsið var portbyggt,  $7 \times 3,8$  m að gólfleti og 3,5 m á hæð, að viðbætti 0,8 m rishæð. Á neðri hæð voru tvö herbergi og gangur, en á efri hæð þrjú herbergi. Í húsinu var einn ofn, eldavél og steypur reykþáfur. Útihús á lóðinni voru lítill geymslukofi, hlaða fyrir 35 hesta heys og fjós fyrir tvær kýr, hvorttveggja í tóft með þilstafni og járnþaki.<sup>122</sup>

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á húsinu á næsta áratug skv. fasteignamati 1940. Þá voru á jarðhæð eitt íbúðarherbergi, eldhús og gangur, en á lofti tvö svefnherbergi. Auk fyrrnefndra útihúsa hafði bæst við fjárhús fyrir 30 sauðkindur, en lóðin var girt gaddavír á tréstaurom. Gaf hún af sér 43 hesta af töðu og 7 tunnur af garðávöxtum.<sup>123</sup> Gamla íbúðarhúsið var trúlega rífið skömmu eftir 1954, er nýtt íbúðarhús (Hlíðarhús) var byggt,<sup>124</sup> en það hefur götunúmerið Steinar 5 og stendur fast norðvestan við gamla bæjarstæðið. Fjöldi búsetuminja hefur verið skráður og hnitsettur á lóð grasbýlisins (23A-23M). Fæstar minjanna eru innan marka verndarsvæðisins og sumar þeirra ekki sýnilegar lengur, þ.á m. þurrabúðin *Mensaldurskofi* eða *Halldóruminni* (24). Það hús stóð uppi við sléttan klettavegg í norðurhorni Hlíðarhústuins og myndaði túngarðurinn norðausturvegg kofans.<sup>125</sup>

#### 4.3.2.2 Miðhús

Norðaustan við Hlíðarhús byggðist grasbýlið *Miðhús* (25) nokkru fyrir aldamótin 1900. Í fyrstu taldist býlið þurrabúð, en um 1916 var lóð þess talin 394 m<sup>2</sup>, 0,57 ha árið 1926 og alls 9.600 m<sup>2</sup> árið 1940. Hún takmarkaðist „að sunnan og norðan af hlöðnum grjótgörðum, en að austan og vestan af lágum kletturana á hvora hlið“. <sup>126</sup> Grasbýlið var suðaustan undir Hlíðarendakletti, í þurrleнду sundi á milli klettsins og Brennicketts, en bæjarstæðið var í litlu klettaviki, rétt innan við tómtúsið Hlíðarenda.<sup>127</sup>

<sup>121</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 15-16; *ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 I*, s. 399.

<sup>122</sup> *ÞÍ. Fasteignamat 1930*.


<sup>123</sup> *ÞÍ. Fasteignamat 1942*.

<sup>124</sup> Fasteignaskrá 2017 (www.skra.is).

<sup>125</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 15-19 og 27-28.

<sup>126</sup> Skjalasafn Djúpvogshrepps (byggingarbréf dags. 8. nóv. 1926).

<sup>127</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 35; *ÞÍ. Manntal 1901*; *ÞÍ. Fasteignamat 1942*.



Túnakort Miðhúsa árið 1920. Bæjarstæðið er efst undir Hlíðarendakletti, en útihús í túninu, þar sem nú er aðstöðuhús tjaldsvæðisins. (Teikning Þorsteinn Stefánsson. Þjóðskjalasafn Íslands.)

Árið 1910 voru húsakynnin torfbær með einu timburpili.<sup>128</sup> Nánari lýsing var gefin í fasteignamati 1916. Íbúðarhúsið var úr torfi og grjóti með torfþaki, en þiljað að innan, 3,78×2,52 að gólfleti og 4,41+1,26 m á hæð.<sup>129</sup> Árið 1919 voru húsakynni endurnýjuð, skv. fasteignamati 1930. Þá mældist íbúðarhúsið 5×3,8 m að gólfleti, en vegg- og rishæð þess 3,3+1,5 m. Húsið var portbyggt timburhús án kjallara, járnvarið á þrjár hliðar, en framhliðin pappalögð. Þakið var úr timbri og járnklætt, og gólf, loft og skilrúm sömuleiðis úr timbri. Í húsinu voru fjögur herbergi og eldhús með eldavél og steinsteyptum reykháfi. Eldhúsið var í

viðbyggingu (trúlega gamla húsið), sem var 3,8×2,3 m að grunnmáli og 2,2 m á hæð. Á lóðinni voru skúr úr tré og járn og heyhlaða úr torfi og grjóti.<sup>130</sup> Áratug síðar (1940) var gefin



áþekk lýsing á húsinu, sem þá var talið byggt árið 1916. Á aðalhæð voru eldhús og gangur, en á lofti tvö svefnherbergi. Útihúsin voru geymsluhús, hlaða og fjós yfir 2 nautgripi, öll byggð í tóft á tvo vegu með þilstöfnum og járnþökum.<sup>131</sup>

Húsið Miðhús er lengst til vinstri og tvö útihús standa í bæjarstæði Hlíðarenda fyrir miðri mynd. Beint vestur af þeim er gamli Barnaskólinn, en undir klettinum til hægri eru útihús frá Geysi. (Myndasafn Konráðs Erlendssonar.)

Húsið var sennileg rífið árið 1946 eða skömmu síðar, en það ár var byggt nýtt

íbúðarhús, spölkorn suðaustan við eldra bæjarstæðið, þar sem áður stóð útihús. eru nú horfin nánast öll ummerki um grasbýlið önnur en slitur af túngarði, enda er tjaldsvæði bæjarins með

<sup>128</sup> ÞÍ. Mannatal 1910.

<sup>129</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 35; ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 I, s. 400.

<sup>130</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>131</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

mannvirkjum sínum í túni býlisins. Staðsetningu útihúsa og túngarðs (25A-25D) má þó glöggtráða af túnakorti frá 1920.<sup>132</sup>

Nýja húsið í Miðhúsum var byggt árið 1946 af hjónunum Þorgerði Pétursdóttur (1913-1997) og Björgvini Ívarssyni (1904-1988), sjó- og netagerðarmanni, sem þá höfðu búið í Miðhúsum nokkur ár.<sup>133</sup> Þar áttu þau heimili til æviloka og ólu upp 12 börn. Húsið er timburhús á einni hæð með lágrestu mænisþaki, 74,3 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 210 m<sup>3</sup> að stærð. Það var í fyrstu bárujárnsklætt, en síðan forskalað að utan. Nokkurt búfjárhald var í Miðhúsum lengst af búskapartíð Björgvins og Þorgerðar, en árið 1940 höfðu þau aðeins tvær kýr í fjósi. Ræktuð lóðin gaf þá af sér 24 hesta af töðu og tvær tunnur af kartöflum.<sup>134</sup>

Búið var í íbúðarhúsinu til ársins 2003 og sama ár keypti Djúpavogshreppur það ásamt tilheyrandi lóð (483 m<sup>2</sup>) til afnota fyrir tjaldsvæði, sem skipulagt var þarna í lægðinni í kjölfar þess. Húsið hefur síðan gegnt hlutverki þjónustu- og aðstöðuhúss svæðisins. Verulegar breytingar og endurbætur voru gerðar á því að innanverðu árið 2005, samhliða margvíslegri



uppbyggingu á svæðinu. Árið 2007 seldi sveitarfélagið rekstur tjaldsvæðisins, ásamt húsi og öðrum mannvirkjum, til eiganda Hótel Framtíðar, sem hefur haft hann með höndum síðan. Á grundvelli leigusamnings frá 2012, um nýtingu og uppbyggingu afmarkaðs svæðis (5.752 m<sup>2</sup>), var m.a. ráðist í frekari endurbætur á Miðhúsum árið 2015 með því að fjarlægð var múrhúð af útveggjum og húsið einangrað og klætt bárujárni, eins og það var upphaflega.<sup>135</sup>

*Efri myndin var tekin sumarið 2003 og sýnir Miðhús á meðan það var múrhúðað að utan, en á neðri myndinni, sem tekin var sumarið 2017, sést húsið bárujárnsklætt eftir endurbætur. (Ljósm. Andrés Skúlason.)*

#### 4.3.2.3 Hlíðarendi

Skammt norðaustan við Miðhús stóð þurrabúðin *Hlíðarendi* (26), sem var meðal elstu býla í þorpslandinu. Upphaflegt hús var byggt árið 1866 af hjónunum Guðbjörgu Guðbrandsdóttur (1831-1905) og Friðriki C. S. Grönvold (f. 1834), fyrrum verslunarstjóra og verslunarþjóni í Suðurkaupstað. Það ár voru þau skráð til heimilis á „Hlíðarenda“ og bjuggu þar ásamt fleiri

<sup>132</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 35-37; Fasteignaskrá 2017 (www.skra.is).

<sup>133</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942; Andrés Skúlason (munnleg frásögn); Skjalasafn Djúpavogshrepps (ýmis skjöl).

<sup>134</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>135</sup> Skjalasafn Djúpavogshrepps (bréf dags. 26. apríl 2007).



fjölskyldum til ársins 1881, er Grönvold gerðist bókhaldari við Papósverslun. Árið 1880 bjuggu í þurrabúðinni 15 manns í fjórum heimilum.<sup>136</sup>

Húsið stóð í grunnu viki, sem nú er grasi gróið og gengur inn í suðausturjaðar Hlíðarendakletts, þar sem aðkomuleiðin inn á tjaldsvæðið liggur um bæjarhlaðið. Árið 1910 var húsinu lýst sem torfbæ með tveimur hálfþiljum, einu heilþili og járnþaki.<sup>137</sup> Í fasteignamati 1916 var það talið „gamalt“ og mældist 5×4 m að gólfleti og 4+2 m á hæð. Húsið var byggt úr grjóti á þrjá vegu, en var að öðru leyti úr timbri og allt pappavarið. Enginn túnblettur fylgdi þurrabúðinni, en framan við bæinn voru tveir kálgarðar (26A) og sá þriðji var niðri við voginn (16), skammt frá Geysi (sjá áður).<sup>138</sup>



*Horft af Bóndavörðuhrauni vestur yfir byggðina um 1904. Fyrir botni vogsins er Suðurkaupstaður. Vestara verslunarhúsið og trébryggjan eru horfin, en sambyggður skúr með einhalla þaki stendur við austurgöfl eystra hússins. Rétt austan við það eru fiskreitir og torf- eða grjóthlaðinn kofi í forgrunni. Skammt fyrir innan, undir Brennikleppi, er þurrabúðin Grund, en skáhallt vestur af henni er þurrabúðin Hlíðarendi, sennilega hluti þess húss, sem þar var upphaflega byggt 1866. Rétt sunnan við það virðist glitta í hús, þar sem býlið Miðhús stóð. Fast norður af Hlíðarendakletti eru útihús frá Hótel Geysi, sem stendur ögn utar á hæðinni. Ofarlega til vinstri er Djúpavogskirkja, sem ber í húsið Sólhól, en utar undir klettunum er húsið Hraun. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Myndasafn Djúpavogshrepps - myndhluti. Frummynd Þjms. Th-7.)*

Skv. fasteignamati 1930 var þessi bær byggður árið 1874 og miðast það ártal ef til vill við breytingar, sem þá voru gerðar á upphaflegu húsi. Gamli bærinn myndaði helming hússins, þótt sagður væri „mjög fornlegur og slitinn“, en yngri hluti þess var byggður 1915. Í þessu formi var húsið portbyggt timburhús og pappalagt að utan, en þakið að hálfu járnvarið og að hálfu pappalagt. Gólf, loft og skilrúm voru öll úr tré. Húsið var 8,8×3,5 m að grunnmáli,

<sup>136</sup> ÞÍ. Sálnameglistur Hálssóknar 1833-1867; Manntöl 1860 og 1880.

<sup>137</sup> ÞÍ. Manntal 1910.

<sup>138</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 26-27; ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 I, s. 400.

vegg hæð 3 m og rishæð 1,4 m. Undir því var lítil, grjóthlaðin kjallarahola, 1,8×1,8 m að innanmáli. Í húsinu voru alls 5 herbergi, ein eldavél og járnþípa í stað reykháfs.<sup>139</sup>

Á árunum 1925-1928 var Hlíðarendi í eigu Friðgeirs Hallgrímssonar, kaupmanns á Eskifirði, sem þá rak útgerð á Djúpavogi (sjá síðar). Árið 1928 keyptu húsið Ragnhildur Antoníusdóttir og Jón Sigurðsson og bjuggu þar til 1937, en síðan í Trítun 1937-1939. Á þeim árum byggðu þau húsið Bjarka úti við Bóndavörðuhraun og rifu húsið Hlíðarenda, þar sem viðir úr því voru að einhverju leyti notaðir í nýja húsið.<sup>140</sup> Lítil ummerki sjást nú um Hlíðarenda á gamla bæjarstæðinu. Þó mótar þar enn fyrir útihústöft (27), sem hlaðin er inn í klettabrún í jaðri bæjarstæðisins.<sup>141</sup>

#### 4.3.2.4 Útihús frá Geysi

Undir norðurenda Hlíðarendakletts stóðu lengi útihús, sem tilheyrðu upphaflega Hótel Lundi og síðar Hótel Geysi, sbr. ljósmynd frá um 1904 hér að framan. Fljótlega eftir að bræðurnir, Ingimundur og Karl Steingrímssynir, keyptu Geysi árið 1908 byggðu þeir upp útihúsin á þessum stað, þ.e. fjós, hlöðu og fjárhús (28). Árið 1930 stóðu þar hlaða (3,5×3×3 m) og fjárhús yfir 40 fjár, bæði byggð í tóft með þilstafni og járnþaki. Árið 1940 voru þar tvær hlöður (80 m<sup>3</sup>), fjós fyrir 2 kýr og fjárhús yfir 40 fjár. Sem fyrr voru húsin byggð í tóft á þrjá vegu með þilstafni og járnþaki. Öll ummerki þessara húsa eru horfin, þar sem nú er lítil grasflöt og rafspennistöð.<sup>142</sup>



Útsýni af Bóndavörðuhrauni sumarið 2017. (Ljós. Andrés Skúlason.)

<sup>139</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>140</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 162; Ingimar Sveinsson (2003), s. 46-47; ÞÍ. Sálregistreitur Hofsprestakalls 1917-1936 og 1937-1952. Skv. Fasteignamati 1942 var húsið Bjarki „byggt mikið úr gömlu efni“ árið 1939.

<sup>141</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 26-27.

<sup>142</sup> Már Karlsson (2010), s. 27; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 52.

### 4.3.3 Svæðið neðan Brenniklepps

Byggð á svæðinu undir Brennikleppi hófst á sjöunda áratug 19. aldar, þegar þar voru reist verslunarhús *Suðurkaupstaðar* (29) árin 1862/64. Rétt fyrir aldamótin 1900 bættust svo við tvö býli nokkru sunnar, þ.e. *Grund* (32) við brekkurætur og enn sunnar grashúsið *Bjarg* (34). Snemma á síðustu öld var Suðurkaupstaður rifinn og nokkru síðar var samkomuhúsið *Neisti* (31) reist á sama grunni. Sömuleiðis lagðist af búseta á Grund á fjórða áratugnum.

Samfara aukinni uppbyggingu austan vogsins, þegar líða tók á 20. öldina, jókst umferð fyrir botni hans og leiddi síðar til uppbyggingar á götunni Vogalandi rétt ofan við fjöruna. Þar sem áður var nokkuð aflíðandi slakki milli Brenniklepps og fjöru hefur land verið hækkað umtalsvert, svo að aðgengi frá götunni niður í fjöruna er býsna erfitt vegna bratta.

Húsið á Bjargi stendur enn og er elsti hluti þess frá árinu 1938. Það er innan verndarsvæðisins ásamt túni niður undan, sem nú er nefnt Bjargstún. Vestan við það og norðan við Brennikleppsenda stendur bygging, sem reist var á 9. áratug síðustu aldar og hýsir verslunar- og veitingastaðinn *Við Voginn*.

#### 4.3.3.1 Suðurkaupstaður

Fyrir botni vogsins, þar sem gatan Vogaland liggur nú, stóðu verslunarhús *Suðurkaupstaðar* (29). Þau voru reist á árunum 1862-1864 af tveimur dönskum kaupmönnum, Henrik Henkel Svendsen (1820-1862) og Elis Iversen (1822-1865), sem gerðu með sér félag um þennan verslunarrekstur. Báðir bjuggu lengst af í Kaupmannahöfn og urðu skammlífir, en létust þó



báðir á Djúpavogi, þar sem þeir dvöldu tímabundið. Áður hafði Iversen meðal annars verið verslunarmaður og síðar verslunarstjóri í Hafnarfirði, þ.e. á árunum 1840-1856, og Svendsen verslunarfulltrúi hjá Örum & Wulff á Eskifirði.<sup>143</sup>

*Suðurkaupstaður árið 1872. (Litúð teikning úr The Illustrated London News 24. ágúst 1872, - myndhluti. Einkaeign.)*

H. H. Svendsen hóf lausaverslun á Eskifirði og Djúpavogi árið 1859. Þar var hann m.a. staddur um miðjan júnímánuð 1860 sem

skírnavottur einnar af dætrum Weyvadthjónanna. Vorið 1862 kom hann siglandi á Djúpavog með skip sitt hlaðið húsaviði, sem ef til vill var tilsníðinn, og „[b]ytjar að byggja nýtt verslunarhús [...] og versla þar“. Áreiðanlega var Iversen einnig með í för, svo og ungur

<sup>143</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 57-60; Ingimar Sveinsson (1989), s. 60-62; Lúðvík Geirsson (1994), s. 149 og 357.

verslunarþjónn, Kjartan Henkel Þorleifsson, en auk þess réðust til Svendsens tvö vinnuhjú. Til starfa var einnig ráðinn „velmenntaður“ snikkari, Jón Jónsson (1833-1878), prestssonur frá Hofi í Álftafirði. Vann hann að smíði verslunarhúsanna til næsta árs, en hinn 29. júlí 1862 lést Svendsen kaupmaður „af umgángaþveikinni eptir 3ja vikna legu“. Að sögn sóknarprestsins var hann þá „búinn að vel so hálfbyggja verslunarhús og byrjaður með að versla í því á Djúpavogi“.<sup>144</sup>

Suðurkaupstaður var upphafleg tvö stæðileg timburhús, hvort um sig á einni hæð með háu mænispaki. Á milli þeirra var afþiljað port, en framundan húsunum var löng trébryggja (29A) fram í voginn. Jafnan var talið reimt í húsunum, því að sögn hafði danskur maður látist eða fyrirfarið sér við byggingu þeirra.<sup>145</sup> Líklega lauk Jón snikkari aðeins við smíði annars hússins áður en hann vék af staðnum vorið 1863, en undir árslok 1862 var það nefnt „Nýr verslunarstaður við Djúpavog“ í sálmregistri. Þá bjuggu þar hjónin Guðbjörg Guðbrandsdóttir (1831-1905) og Friðrik C. S. Grönvold (f. 1834) verslunarstjóri. Næstu ár á undan hafði hann verið verslunarþjónn hjá Örum & Wulff á Djúpavogi, en bauðst forstaða nýju verslunarinnar við fráfall Svendsens.<sup>146</sup> Mun því Iversen kaupmaður hafa gengið frá ráðningu Friðriks áður en hann sigldi utan haustið 1862.



*Suðurkaupstaður fyrir botni vogsins. Trébryggja er framundan verslunarhúsunum, sem voru byggð 1862-1864. Upp af vestara húsinu sést þurrabúðin Hlíðarendi undir Hlíðarendakletti. Það hús var upphaflega byggt árið 1866 og stækkað 1874, enda hýsti það fjögur heimili árið 1880. Myndin er trúlega tekin um 1875. (Ljós. Nícoline Weyvadt. Þjms. Th-15.)*

Árið eftir (1863) fluttu í hinn nýja verslunarstað hjónin Þórunn Guttormsdóttir (1817-1869) og Benedikt Þorkelsson (1821-1881) snikkari, bæði „vel menntuð og

upplýst“. Hann vann áfram að smíði verslunarhúsanna og með honum áður nefndur Jón snikkari vorið 1864, en saman unnu þeir að smíði ýmissa húsa og kirkna á Suðausturlandi næstu árin.<sup>147</sup> Víst munu fleiri hafa komið að smíði húsa og bryggju þessi ár, þótt nú séu nöfn þeirra gleymd. Ætla má, að smíði beggja verslunarhúsanna hafi að miklu leyti verið lokið í árslok 1863, því að þá bjuggu Guðbjörg og Friðrik verslunarstjóri í öðru þeirra, „Djúpavogs syðri kaupstað“, en Þórunn og Benedikt snikkari í svonefndu „Benediktarhúsi“, þar sem þau héldu heimili til 1865. Má því gera ráð fyrir, að verið hafi íbúð í rishæð beggja húsa, enda voru jafnan tvö heimili í Suðurkaupstað til ársins 1867.<sup>148</sup>

<sup>144</sup> ÞÍ. Prestþjónustubók Hálssóknar 1843-1871; ÞÍ. Sálmregistur Hálssóknar 1833-1867. Jón Jónsson snikkari var sonur séra Jóns Bergssonar á Hofi í Álftafirði, en frá 1864 bóndi, húsasmiður og hreppstjóri í Hólum í Nesjum.

<sup>145</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 59.

<sup>146</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 57-60; Ingimar Sveinsson (1989), s. 60-62; ÞÍ. Sálmregistur Hálssóknar 1833-1867.

<sup>147</sup> Þorleifur Jónsson (1954), s. 17.

<sup>148</sup> ÞÍ. Sálmregistur Hálssóknar 1833-1867; ÞÍ. Prestþjónustubók Hálssóknar 1843-1871.

Friðrik Grönvold var verslunarstjóri í Suðurkaupstað 1862-1864, en að undirlagi Iversens tók þá við starfinu Conradt Lintrup (f. 1807) frá Kaupmannahöfn. Hann hafði áður „verið verslunarmaður í Hafnarfirði, Eyrarbakka og [faktor í] Vestmannaeyjum [1850-1859] og Eyjafirði líka, að eg hefi heyrt“, skráði sóknarprestur hjá sér við komu hans á Djúpavog. Í Hafnarfirði var Lintrup verslunarþjónn hjá Elis Iversen um 1850 og kvæntist þar íslenskri konu, Björgu Hallsdóttur (f. 1813) úr Skagafirði. Hún dvaldi í Kaupmannahöfn meðan Lintrup var á Djúpavogi, en sumarið 1865 sigldi hann utan að nýju, því að Iversen kaupmaður ákvað að hafa ársdvöl á staðnum. Eiginkona hans, Hendriche Elisebeth Hansen, sat hins vegar eftir í Kaupmannahöfn. Komu Iversens í Suðurkaupstað lýsti prestur með þessum orðum: „Hans eign er þessi verslunarstaður, að sagt er, en hefur ekki verið á honum nema á sumrum síðan hann var byggður fyrri en nú að hann ætlar að vera á honum í vetur.“<sup>149</sup>



*Útsýn af Bóndavörðuhrauni yfir verslunarstaðina við voginn sumarið 1867. Myndin er ein elsta þekkt ljósmynd, sem varðveist hefur af Djúpavogi, og fylgir henni þessi texti: „Parti ved Det danske Fiskeriselskaps Etablissement i Berufford.“ Myndin var tekin af Johan Holm-Hansen (1841-1912), dönskum leikara og rithöfund, sem þá dvaldist hjá Niels Weyvad, verslunarstjóra Örum & Wulff, og ferðaðist víða um Austfirði. Til vinstri eru verslunarhúsin í Suðurkaupstað, en nokkru austar á ströndinni er óþekkt timburhús, sem ber í verslunarhús Örum & Wulffs handan vogsins. Það stendur nærri þeim stað, þar sem Gustav Iversen lét byggja íbúðar- og verslunarhús sitt árið 1905 og síðar stórt pakkhús. Húsið var trúlega í eigu Ottos Chr. Hammer, sjóliðsforingja og hvalfangara, svo og ennfremur einhver þeirra þilskipa, sem sjást á myndinni. (Ljós. Johan Holm-Hansen. Þjms. Lpr-4852.)*

Næstu mánuði bjó Iversen í „Djúpavogarkaupstað“ og Friðrik Grönvold verslunarþjónn í „Grönvoldshúsi“, þ.e. hinu verslunarhúsinu, sem áður var nefnt Benediktarhús. Hann starfaði þar sem verslunarþjónn til 1867, en árið áður byggði hann húsið Hlíðarenda og fluttist þangað með konu og börnum. Iversen kaupmaður lést 27. desember 1865 og hlaut þessi eftirmæli sóknarprests: „Reisti þann nýja kaupstað með öðrum kaupmanni í fjelagi árið 1862; hinn

<sup>149</sup> ÞÍ. Sálnameglistur Hálssóknar 1833-1867; ÞÍ. Prestþjónustubók Hálssóknar 1843-1871; ÞÍ. Prestþjónustubók Garðasóknar á Álftanesi 1816-1862.

kaupmaðurinn andaðist það ár. Hefur svo E. Iversen framhaldið að reka þann kaupstað einn síðan.<sup>150</sup>

Vorið eftir (1866) kom C. Lintrup að nýju til Djúpavogs frá Kaupmannahöfn, ásamt eiginkonu sinni, til að stýra versluninni. Er því ekki ólíklegt, að hann hafi gerst meðeigandi verslunarinnar eftir fráfall Svendsens sumarið 1862. Um endurkomu Lintrups sagði sóknarprestur: „Hér óþekktur, en kemur sjer vel þann tíma sem hann er búinn að dvelja hér. [...] Kom hingað aptur eptir að kaupmaður E. Iversen var andaður.“ Þetta sumar (1866) voru örlög Suðurkaupstaðar ráðin og húseignir seldar. Rekstri verslunarinnar lauk þó sennilega ekki að fullu fyrr en vorið 1867. Þá sneru Lintrupshjónin að nýju til Kaupmannahafnar, en nýr húseigandi tók við lykjavöldum í Suðurkaupstað.<sup>151</sup>



*Djúpivogur, sennilega um 1874. Horft af Bóndavörðuhrauni yfir verslunarhúsin. (Ljósmynd. Noline Weyvad. Frammynd í vörslu Þjms.)*

<sup>150</sup> ÞÍ. Prestþjónustubók Hálssóknar 1843-1871.

<sup>151</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 57-60; Ingimar Sveinsson (1989), s. 60-62; ÞÍ. Prestþjónustubók Hálssóknar 1843-1871; ÞÍ. Sálregistreitur Hálssóknar 1833-1867.



Horft í vestur yfir grasbýlin Hammersminni (til vinstri) og Garða. (Eigandi myndar Kristján Ragnarsson.).

Árið 1866 keypti Otto Christian Hammer (1822-1892), danskur sjóliðsforingi og athafnamaður, húsin í Suðurkaupstað og hafði þar síðan bækistöð fyrir útgerð sína næstu árin. Árið áður hafði hann stofnað „Det danske Fiskeriselskab“ eða „Danska fiskveiðifélagið“, sem stundaði úthafsveiðar við Ísland, m.a. frá Norðfirði, Vestdalseyri við Seyðisfjörð og Djúpavogi. Hammer gerði út nokkur þilskip til sel-, hval- og hákarlaveiða frá þessum stöðum og rak jafnframt verslun í Suðurkaupstað 1868-1871. Árið 1866-1867 byggði hann hvalstöð og sérstakt lýsis- eða lifrabræðsluhús, svonefnt *Smeltirí* (45), við austanverðan voginn og bræddi þar hákarlalifur og hval- og selspik.

Á ljósmyndum Johans Holm-Hansen frá sumrinu 1867 má glögg sjá, að hvalstöð og lýsisbræðsla Hammers var þá komin í fullan rekstur. Einnig gefur að líta háreist timburhús, skammt austan við Suðurkaupstað, þ.e. á líkum stað og Gustav Iversen lét byggja íbúðar- og verslunarhús sitt árið 1905 og síðar stórt pakkhús. Ókunnugt er um notkun og afdrif þessa húss, en trúlega var það fjarlægt fljótlega eftir að Hammer hætti sínum rekstri, enda sést það ekki á teikningu frá 1872. Hann hafði sjálfur aðsetur á Djúpavogi þessi ár og byggði sér lítið íbúðarhús, *Hammersminni* eða *Hammersminde* (30), í fallegum hvammi sunnan undir Brennikleppi.<sup>152</sup> Samnefnd gata, sem nú liggur þar inn og upp frá voginum, dregur nafn sitt af því húsi.

<sup>152</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 59; Ingimar Sveinsson (1989), s. 57-62; Ingimar Sveinsson (2003), s. 19-21; Smári Geirsson (2015), s. 70-87.



*Horft ofan úr klauf í Brenniletti norður yfir þurrabúðina Grund (lítið dökkt hús) og niður að Suðurkaupstað einhvern tíma á árabílinu 1905-1920. Vestara verslunarhúsið hafði þá verið rífið fyrir nokkru, en skúrbygging (Dansskúrinn) er fyrir vestan húsið og annar skúr með einhalla þaki austan við það. Óþekkt er, hvaða mannvirki er næst á myndinni, hugsanlega gripahús. (Ljósmynd. Þjms. Pk-1467.)*

Eftir að starfsemi Hammers lauk í Suðurkaupstað, munu húsin fljótlega hafa orðið eign verslunar Örum & Wulffs. Um notkun þeirra næstu árin eru litlar heimildir, en væntanlega áttu þar ýmsir húsaskjól. Einnig er kunnugt, að um 1880 var rekinn skóli í húsinu af Else *Mortine* Frederikke Tvede (1840-1908), sem var systir Sophie Brochdorf Weyvadit í Faktorshúsi. Hún kom „udmentuð“ frá Kaupmannahöfn á Djúpavog árið 1873 og dvaldi í allmörg ár í Faktorshúsi. Þessi skóli var sá fyrsti, sem starfræktur var á Djúpavogi, og var kvöldskóli fyrir stúlkur. „Námið var aðallega verklegt, en einnig bóklegt, kenndur lestur, skrift og réttitun.“<sup>153</sup>

Nokkru síðar, eða fyrir aldamótin 1900, var vestara húsið rífið og fjarlæggt, en ókunnugt er hvað um það varð. Eystra húsið stóð hins vegar fram yfir 1920 og var haft til ýmissa nota, svo sem til kennslu- og samkomuhalds, auk þess sem íbúð var í hluta hússins. Síðustu íbúar þess voru sennilega hjónin Sigurður Jónsson (1895-1972) trésmiður og Andrea S. Emilsdóttir (1892-1956), sem bjuggu þar við manntal 1920, en síðar í Mörk.<sup>154</sup>

Um 1904 stóð við austurgafli hússins sambyggður skúr með einhalla járnþaki, en skv. fasteignamati 1916 voru tveir skúrar við húsið, þ.e. við sinn hvorn gafli þess. Sjálft húsið var sagt „gamalt timburhús með járnvörðu þaki“, 11,34×9,45 að gólfleti og 6,3+4,5 m á hæð, en skúrarnir voru 6×9,45×2,37 m og 16,38×6,62×2,37 m, báðir með járnþaki. Síðarnefndi skúrinn var við vesturgafli hússins og þjónaði lengi sem „aðalsamkomu- og danshús þorpsins“.

<sup>153</sup> *Myndasafn frá Teigarhorni*, s. 7.

<sup>154</sup> *ÞÍ. Manntal 1920*. Enginn íbúi var skráður til heimilis í Suðurkaupstað árin 1890, 1901 og 1910.



Hann var gjarnan nefndur *Dansskúrinn* og var að líkindum rifinn skömmu eftir 1920 um leið og gamla húsið, en viðir þess voru að sögn seldir til Stöðvarfjarðar.<sup>155</sup>



Útsýn af Brennikleiti norðaustur yfir byggðina við voginn um 1930. Næst er samkomuhúsið Neisti í upprunalegri mynd, en fjær eru Framtíðin, bryggjan og önnur mannvirki. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar.)

#### 4.3.3.2 Samkomuhúsið Neisti

Árið 1924 byggði ungmennafélagið Neisti samkomuhús á grunni Suðurkaupstaðar og gaf því nafnið *Neisti* (31). Skv. fasteignamat 1930 var húsið byggt úr timbri og járnvarið, bæði útveggir og þak. Það var ein hæð með risi (1,5 m) á lágum sökkli (0,8 m), 11,3 m á lengd, 6,3 m á breidd og 2,5 m að veggghæð. Í húsinu voru ekki önnur rými en „Salurinn“, sem notaður var til „fundarhalda og skemmtana“. Í honum var trégólf, ofn og járnþípa í stað reykháfs.<sup>156</sup> Áþekk lýsing var gefin á húsinu 1940,<sup>157</sup> en árið 1943 var það stækkað nokkuð með því að byggt var við austurenda þess. Neisti var aðalsamkomuhús þorpsbúa í hálfra öld og fóru þar fram fundahöld, leiksýningar, dansleikir og fleira, en árið 1974 var húsinu lokað að kröfu eldvarnareftirlitsins og það loks rífið 1987. Öll ummerki eru horfin um Suðurkaupstað og Neista, enda hefur sjávarkamburinn verið hækkaður umtalsvert með landfyllingu, þar sem gatan Vogaland liggur fyrir botni vogsins. Er hún líklega að mestu eða öllu leyti ofan á grunnnum þessara húsa.<sup>158</sup>

<sup>155</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 59-60; Ingimar Sveinsson (1989), s. 60-62 og 197; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 28-29 og 32; *ÞÍ*. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2.

<sup>156</sup> *ÞÍ*. Fasteignamat 1930.

<sup>157</sup> *ÞÍ*. Fasteignamat 1942.

<sup>158</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 191 og 197; Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 59; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 28-29.



*Horft af Grundarbala norður yfir voginn árið 1952. Til vinstri er Neisti með nýlegri viðbyggingu og Framtíðin til hægri. Utar á ströndinni eru bryggjur og hús Friðgeirs Hallgrímssonar og Sigfúsar Sveinssonar, Sólvangur upp af þeim og fjærst er húsið Trítón í endurbyggðri mynd. (Eigandi myndar Albert Geirsson.)*



*Horft austur eftir götunni Vogalandi í átt að byggðinni norðan í Bónдавörðuhrauni árið 1977. Næst stendur samkomuhúsið Neisti við vogsbótinn, en vestan við húsið eru malarðyngjur, þar sem á sínum tíma var grafið fyrir nýju samkomuhúsi, sem aldrei var byggt. (Myndasafn Guðrúnar Aradóttur.)*

#### 4.3.3.3 Grund

Á verndarsvæðinu sunnan við voginn stóðu fyrrum tvö býli, *Grund* (32) og *Bjarg* (34). Grund var þurrabúð með litlar landnytjar. Það var stofnað árið 1897 af Jóhanni Friðriki Sigurðssyni (1874-1929) sjómanni, sem bjó þar ásamt móður sinni, Guðnýju Höskuldsdóttur (1844-1924)

Ljósmóður.<sup>159</sup> Húsið stóð spölkorn sunnan við Suðurkaupstað, við rætur grösugarar en grýttar brekku, norðaustan undir Brennikleppi. Norðan við bæjarstæðið er nú útilistaverkið „Sjávarminni“ eftir Jóhönnu Þórðardóttur (afhjúpað 1999) við göngustíg og slétta grasflöt.<sup>160</sup>

Einar Bragi, skáld og rithöfundur, lýsti húsinu þannig: „Þetta var baðstofubygging með þykkum veggjum hlöðnum úr torfi og grjóti á gamla mátann, timburþili fram á hlað og timburrisi, en bárujárn á þaki tengdi húsið við nýja tímenn. Búið var á báðum hæðum.“<sup>161</sup> Árið 1910 var íveruhúsinu lýst sem torfbæ með einu heilþili og 2 hálfþiljum, og skv. fasteignamati 1916 var húsið hlaðið úr torfi og grjóti með járnvörðu þaki, þiljað að innan með timbri. Það var 3,78×3,15 m að gólfleti og 3,15+1,75 m á hæð. Húsinu fylgdi engin lóð, en tveir stakir kálgarðar, girtir grjóthlöðnum veggjum, tilheyrðu kotinu. Stóðu þeir trúlega á svonefndum *Grundarbala*, neðan við bæinn.<sup>162</sup>



Útsýn af Bóndavörðuhrauni yfir byggðina sunnan og vestan við voginn, einhvern tíma á árabílinu 1930-1935. Undir Brennikleppi standa býlin Bjarg (til vinstri) og Grund, utan við túngarðinn, en norður af er samkomuhúsið Neisti (byggt 1924) fyrir botni vogsins. Vestur af eru meðal annars húsið Geysir ásamt útihúsum, sunnan vegarins, en innan í klettunum stendur húsið Hlíðarendi. Ofar til vinstri eru húsið Sólhóll (byggt 1930) og Djúpavogskirkja, beint vestur af Bjargi. (Ljósm. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-8.)

Árið 1930 var húsið sagt „gamalt hús“, sem þá stóð „mannlaust um stundarsakir“ eftir að hafa verið selt á uppboði þá um vorið. Húsið var tvílyft og portbyggt með útveggjum úr torfi og grjóti á þrjá vegu, en pappalagður þilveggur á einn veg. Á því var járnklætt timburþak, en gólf, loft og skilrúm úr tré. Húsið var 3,5 m á lengd og breidd, en veggghæð 2,5 m og rishæð 1,5 m. Niðri var stofa og svefnhús á lofti. Húsinu fylgdi útielhús, sem var „þrifalegur kofi“ með eldavél. Það var 3,8×2,5×2 m að stærð, byggt í tóft með pappalögðu tréþaki og

<sup>159</sup> Einar Bragi (1985), s. 92.

<sup>160</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 37.

<sup>161</sup> Einar Bragi (1985), s. 92.


<sup>162</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 37; *ÞÍ. Manntal 1910*; *ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II*, s. 1.

innanþiljað. Einnig fylgdi stæðileg skemma, 3×2×2,5 m að stærð, með tóftarveggjum og pappalögðu tréþaki.<sup>163</sup>

Búið var í húsinu til 1936, en síðustu húsráðendur þar voru hjónin Þórarinn E. Bjarnason (1907-1987) sjómaður og Jónlína Ívarsdóttir (1907-1996). Hússins getur ekki í fasteignamati 1940 og hafði þá trúlega verið rífið. Ummerki um hússtæðið má enn greina á sléttri grasflöt. Þar ofan við, uppi undir Brennikleppi, er tvískipt og gróin hústóft, 6×3,5 m að stærð, trúlega af útihúsi (33).<sup>164</sup>

#### 4.3.3.4 Bjarg – Hammersminni 2

Býlið *Bjarg* (34) byggðist sem þurrabúð skömmu fyrir 1890, en varð fljótlega grashús, þar eð húseigendur fengu leyfi fyrir kálgarði og „til að rækta blett kringum húsið“. Fyrstu húsráðendur voru hjónin Katrín Sigurðardóttir (1856-1934) og Steingrímur Jakobsson (1852-1935), en síðar bjuggu þar lengi hjónin Anna Margrét Jónasdóttir (1872-1948) og Ívar



Halldórsson (1872-1952) beykir og synir þeirra. Bærinn stendur í hvammi undir brattri brekku, austan undir Brennikleppi og nærri 40 metrum sunnan við Grund. Bæjarstæðið er á lóð nr. 2 við Hammersminni.<sup>165</sup>

*Túnakort Bjargs árið 1920. (Teikning Þorsteinn Stefánsson. Þjóðskjalasafn Íslands.)*

Árið 1910 stóð torfbær á Bjargi með einu timburþili og járnþaki. Skv. fasteignamati 1916/18 var húsið byggt árið 1905 úr torfi og timbri, ásamt skúr. Það reiknaðist 3,8×3,2 m að gólfleti og 4,4+1,6 m á hæð. Húsinu fylgdi 196 m<sup>2</sup> matjurtagarður. Fjórum árum síðar fylgdu bænum þrjú kálgarðar, einn

heima við bæ og tveir utan túns, samtals 452 m<sup>2</sup> að stærð. Ræktuð tún voru 0,31 ha að stærð í tveimur spildum, annarri innan túngarðs og hinn rétt sunnan við bæinn<sup>166</sup> (sjá túnakort).

Skv. fasteignamati 1930 fylgdi býlinu 3.200 fermetra ræktuð lóð með matjurtagarði, umgirt með grjóttgarði á þrjú vegu. Á lóðinni voru ekki önnur mannvirki en íbúðarhúsið, sem talið var byggt 1903. Skakkar hér tveimur árum á byggingarári hússins. Það var portbyggt með útveggjum af grjóti og torfi og þaki af járnklæddri timbursúð. Engin skilrúm voru í bænum, en niðri var óþiljað eldhús með moldargólfi og uppi eitt herbergi í „baðstofustíl“. Útihús voru *hlaða* með skúrlagi (6×3×2 m), *fjós* fyrir eina kú og kálf, *útielldhús* og *geymsluskúr* (4×4×2 m), öll byggð í tóft með þilstafni og járnþaki, svo og fornleg *smiðja*.<sup>167</sup>

<sup>163</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>164</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 37.

<sup>165</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 23; ÞÍ. Manntal 1890 og 1910; ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 1.

<sup>166</sup> ÞÍ. Manntal 1910; ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 1; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 23; ÞÍ. Túnakort 1920.

<sup>167</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.



*Núverandi íbúðarhús á Bjargi árið 2015. Eldri hluti þess er til vinstri og var byggður árið 1938. Til beggja hliða við húsið eru enn sýnilegar tóftir útihúsa og aðrar mannvirkjaleifar. (Ljós. Andrés Skúlason.)*

Árið 1938 var byggt nýtt íbúðarhús við hlið gamla hússins, sem stóð eitthvað áfram og var nýtt sem geymsla. Ingi Björn Ívarsson (1909-1991) sjómaður lét byggja

húsið og bjó í því til 1963, en óþekkt er hver sá um smíði þess. Næstu íbúar hússins voru hjónin Geir Christensen rafveitustjóri og Hjördís S. Albertsdóttir, sem bjuggu þar í fjögur ár.<sup>168</sup> Skv. lýsingu 1940 var húsið skúrbygging á einni hæð með flötu þaki og án kjallara. Það var 5,7×5 m að gólfleti og vegghæð 3 m frá grunni. Útveggir voru „hólfveggir úr grjóti og torfi á tvo vegu“, en aðrir úr timbri, ýmist pappa- eða járnklæddir. Þakið var klætt bárujárn á langböndum. Gólf, loft og skilrúm voru úr tré og allt húsið þiljað innan. Í því voru tvö íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Útihús voru hin sömu og áður, að útielhdúsi frátöldu.<sup>169</sup>

Einhverjum árum síðar voru torf- og grjótveggir hússins fjarlægðir og settir timburveggir á tvo vegu í þeirra stað. Þeir voru síðar klæddir bárujárn. Ýmsar aðrar breytingar kunna að hafa verið gerðar síðar á ytra útliti hússins, s.s. gluggasetningu, auk þess sem það var klætt utan með láréttri borðaklæðningu á sama hátt og áföst viðbygging (37,8 m<sup>2</sup>), sem byggð var árið 1979 af Snorra Gíslasyni (1915-2014) frá Papey. Hann keypti eldra húsið haustið 1969 og hafði þar síðar smíðastofu sína, en Snorri varð háaldraður og bjó á Bjargi til ársins 2012. Gamla húsið er 33,3 m<sup>2</sup> og 97,5 m<sup>3</sup> að stærð skv. fasteignaskrá, en að húsabaki er lítil áhaldageymsla úr tré (7,8 m<sup>2</sup>), sem Snorri byggði 1991.<sup>170</sup> Umhverfis gamla bæjarstæðið eru ennfremur tóftir útihúsa og aðrar mannvirkjaleifar ásamt grónum gönguslóðum (35A-35M), eins og nánar er lýst í fornleifaskýrslu.<sup>171</sup>

<sup>168</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

<sup>169</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>170</sup> Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)); Andrés Skúlason (munnleg frásögn og skjalasafn Djúpavogshrepps).

<sup>171</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 23-26. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)) er húsið 33 m<sup>2</sup> að gólfleti og byggingarár þess talið 1943. Það kemur þó ekki heim við fasteignamat 1942.



*Flugsýn suður yfir Brenniklett og byggðina næst honum vorið 2015. Næst til vinstri er útlistaverkið „Sjávarminni“ eftir Jóhönnu Þórðardóttur, afhjúpað 20. júní 1999. Ofan við það stóð fyrrum þurrabúðin Grund. Til hægri er verslunin Við Voginn. Vestan við Brenniklett er tjaldsvæði Djúpavogs, þar sem áður voru tón grasbýlisins Miðhúsa, en húsið stendur ennþá nærri miðju tjaldsvæðinu. Á svonefndum Aur, vestan við klettahrygginn, er verslunin Kjörbúðin. Fjær standa Djúpavogskirkja eldri, Prestshúsið, Dalir (rautt hús) og Hlíðarhús. Austan undir Brennikletti er húsið Bjarg (Hammersminni 2). (Ljós. Andrés Skúlason.)*

Geta má þess hér, að einhvers staðar uppi á Brennikletti og líklega þar sem hann ber hæst, stóð fyrrum tveggja metra há og hvítkölkuð *steinvarða* (sundvarða). Um þessa vörðu og flaggstöng á Kaupfélagshúsinu (Faktorshúsi) var miðuð leiðin inn á skipaleguna. Nákvæm staðsetning vörðunnar hefur ekki verið könnuð til þrautar, en öll ummerki um hana á yfirborði virðast nú horfin.<sup>172</sup>

#### 4.3.3.5 Við Voginn – Vogaland 2a/2b

Verslunar- og veitingahúsið *Við Voginn* stendur undir brekkurótum við norðurenda Brennikletts. Húsið er á einni hæð, 267 m<sup>2</sup> að gólfleti á 1.418 m<sup>2</sup> lóð. Það var byggt í tveimur áföngum á samliggjandi lóðum. Eldri hluti hússins (192,4 m<sup>2</sup>) var byggður árið 1984 á lóðinni Vogaland 2a af Eyjólfri Ólafssyni og Olíuverslun Íslands hf. Þar var rekin verslunin „Dallas“ í fáein ár, ásamt bensínafgreiðslu og ferðapjónustu, uns verslunar- og veitingahúsið Við Voginn hóf þar starfsemi 1989. Sama ár var reist viðbygging (74,9 m<sup>2</sup>) við vesturenda hússins (Vogaland 2b) og rekin þar verslunin BH-búðin af hjónunum Hirti Ásgeirssyni og Bríet Pétursdóttur til ársins 2004. Þá var þessi húshluti lagður undir starfsemi verslunar- og veitingahússins Við Voginn og öllu húsinu breytt fljótlega í núverandi horf.<sup>173</sup>

Húsið er timburgrind á steiptum sökkli. Það var lengi vel klætt ljósum steniplötum, en árið 2014 var þeim skipt út fyrir standandi viðarklæðningu í brúnum lit. Gluggar eru nánast með allri norðurhlíð hússins. Þakið er lágt mænispak, klætt bárujárn, en þykkur járnklæddur þakkantur er áberandi einkenni þess. Húsið stendur á áberandi stað, beint norður af

<sup>172</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn).

<sup>173</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn); Skjalasafn Djúpavogshrepps (lóðarsamningar og bréf).

Brennikletti, og hefur bygging þess og gerð bílastæða kringum það breytt staðháttum og ásýnd svæðisins umtalsvert, þar sem stæðin ganga inn í bakkann að vestanverðu og að austanverðu hefur þurft að hækka land talsvert.



Verzlunar- og veitingastaðurinn Við Voginn ásamt bílastæðum 2015. Brenniklettur rís ofan við húsið, en Bjargstún er til vinstri. Fast við klettinn vinstra megin glittir í húsið Bjarg. Lengst til hægri eru Miðhús (byggt 1946) og afleggjarinn upp á tjaldsvæðið. (Ljósmynd. Andrés Skúlason.)

#### 4.4 Verndarsvæðið austan vogsins

Á þessu svæði er ekki vitneskja um eldri mannvirki en þau, sem Otto Chr. Hammer hvalfangari efndi til á árunum 1866-1867 með byggingu hvalstöðvar og lifrabræðslunnar *Smeltiríð* (45-46). Nokkru utar risu *Íshús* (57-58) verslunar Örum & Wulffs árið 1880, og árið 1905 byggði Gustav Iversen verslunarhús, sem ennþá stendur sem *Hótel Framtíð* (36), syðst á svæðinu. Önnur hús verslunarinnar, s.s. íshús (43) og pakkhús (40), eru nú löngu horfin. Hið sama gildir um fiskvinnsluhús tveggja austfirskra útgerðarmanna, þ.e. *Friðgeirs-* og *Sigfúsarhús* (51 og 54), sem byggð voru ásamt trúbryggjum nokkru utar á ströndinni á árunum 1923-1925. Þar nærri er íbúðarhúsið *Sólvangur* (47) frá 1928, og nyrst á svæðinu stendur ennþá húsið *Trítón* (60), sem byggt var 1923-1924 sem bækistöð Hjemgaards útgerðarmanns. Nokkru innar stóð síðan *Lifrabræðsluhús* Kaupfélags Berufjarðar (59), sem byggt var 1933.

Eru þá upptalin að mestu leyti þau hús, sem byggð voru á austurströnd vogsins til ársins 1933. Um næstu fjóra áratugi varð engin uppbygging á svæðinu að heitið gæti. Þvert á móti gengu úr sér og ónýttust eldri mannvirki. Umskipti urðu á 8. áratug aldarinnar með því að byggð voru tvö fiskverkunar- og geymsluhús nærri Trítón, þ.e. *Naustavogur* og *Vogshús*, sem byggð voru 1976 og 1980. Eftir það hefur uppbygging á svæðinu helgast af þeim byggingum, sem reistar voru á lóð Hótel Framtíðar á árabílinu 1983-2007, samhliða endurbótum á hinu gamla verslunar- og gistihúsi.



Elsta ljósmynd, sem þekkt er af íbúðar- og verslunarhúsi Gustavs Iversen. Myndin er trúlega tekin við vígslu hússins haustið 1905 eða snemma árs 1906, enda blakta flögg við húna (danski fáninn). Bryggjan virðist fullgerð og timburhlaðar eru utan við húsið. Lengst til vinstri er hús með háu jámklæddu mænispaki og er sennilega Íshúsið, sem um getur í fasteignamati 1916. Húsið virðist steinhlaðin tóft með framhlið úr timbri. (Ljós. Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-76.)

#### 4.4.1 Framtíðin og horfin hús

Á sjávarbakkanum fyrir botni vogsins að austanverðu, neðst í aflíðandi brekku undir Bóndavörðuhrauni, var byggt stórt og reisulegt verslunarhús árið 1905 af Gustav J. Th. Iversen, sem þá um vorið hafði látið af starfi verslunarstjóra hjá Örum & Wulff. Verslun hófst í húsinu vorið eftir og var rekin þar nær samfelld til ársins 1966, en frá þeim tíma veitinga- og gistiþjónusta. Húsið var í fyrstu nefnt *Suðurkaupstaður*, en síðan *Framtíð* (36) eftir að útibú frá samnefndri verslun í eigu hlutafélagsins „Framtíðin“ á Seyðisfirði hóf verslunarrekstur í húsinu árið 1909.

##### 4.4.1.1 Framtíð – Vogaland 4

Veturinn 1905 var Gustav J. Th. Iversen (1863-1945) vikið frá starfi hjá Örum & Wulff, þar sem hann hafði starfað óslitið frá 1887 og sem verslunarstjóri frá 1901. Með tilstyrk bænda og



Louis Zöllner, stórkaupmanns í Newcastle, afréð hann að hefja eigin verslun á Djúpavogi og fékk úthlutað byggingarlóð fyrir verslunarhúsnaði við austanverða vogsbotninn. Í september 1905 kom hann siglandi frá Kaupmannahöfn með tilsniðið timbur í húsið og var strax hafist handa við að mæla og grafa fyrir grunninn.

Verslunarhúsið Framtíð og bryggjan fram af því árið 1915. (Ljós. Matthías Þórðarson. Þjms. MP/1915-7.)



Til að annast smíðina voru ráðnir Lúðvík J. Jónsson (1855-1912), snikkari og hótélhaldari, og Stefán Sigurðsson (1859-1942), bóndi á Hamri, ásamt fjölda aðstoðarmanna. Um áramót



1905-1906 stóð húsið fullsmíðað að mestu eða öllu leyti og var fyrstu vörum verslunarinnar skipað upp á Djúpavogi í marsmánuði. Þann 2. apríl fór fram virðing á verslunarhúsinu, sem nefnt var *Suðurkaupstaður*. Kemur þar fram, að húsið var sundurhólfað í 15 herbergi og með steinsteyptum kjallara undir því öllu.<sup>174</sup>

*Framtíðin um 1930 og aðrar húseignir verslunar Carls Bender. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar.)*

Verslun Iversens gekk ekki sem skyldi, svo að vorið 1908 stofnuðu bændur kaupfélag um reksturinn, sem Iversen veitti forstöðu til haustsins 1909. Hin skammlífa félagsverslun bænda var þá komin í þrot og sætti þeim afarkostum Zöllners, að verslunarhlutafélagið *Framtíðin* á



Seyðisfirði yfirtók hús og aðrar eignir verslunarinnar. Fáum mánuðum síðar fluttu Iversen og kona hans, Sigurbjörg J. Iversen (1858-1914), búferlum frá Djúpavogi, en síðasta ár sitt þar bjuggu þau í Hótel Geysi, eins og fyrr er lýst.<sup>175</sup>

*Íbúðar- og verslunarhúsið Framtíð um 1930, ásamt Pakkhúsi, Kolaskúr og bryggjuhúsi. (Myndasafn Djúpavogshrepps – myndhluti.)*

Frá hausti 1909 var verslunin rekin undir heitinu „Útibúið Framtíðin“ og festist því nafnið *Framtíð* eða *Framtíðin* fljótlega við verslunarhúsið, þótt fyrst í stað væri það nefnd Suðurkaupstaður, s.s. við manntal 1910. Verslunarstjórar voru Gunnlaugur Jónsson (1860-1926) frá 1909 til 1912 og Elís Jónsson (1879-1968) frá 1912 til 1925, er útibúið hætti starfsemi. Þá fluttust á Djúpavog hjónin Guðleif Gunnarsdóttir (1899-1974) og Carl Christian Bender (1880-1960) og settust að í verslunarhúsinu. Höfðu þau fengið heimild *Hinna sameinuðu íslensku verslana* um afnot af eignum Framtíðarverslunar, og sumarið 1928 var þinglýst kaupsamningi Benders á húsum og eignum hennar.<sup>176</sup>

<sup>174</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 21-22 og 67-70; Ingimar Sveinsson (1989), s. 89; Már Karlsson (2010), s. 57-60. Byggingarár Framtíðar er ranglega skráð 1898 í www.skra.is.

<sup>175</sup> Eiríkur Sigurðsson (1970), s. 69-73; Már Karlsson (2010), s. 22 og 61-62.

<sup>176</sup> Már Karlsson (2010), s. 68-70.



*Tréfallur (verönd) með norðurhlíð Framtíðar. Á bak við fólkið sést Pakkhúsið með áföstum Kolaskúr. (Myndasafn Stefáns Arnórssonar.)*

Fyrstu ár Bendershjónanna í húsinu var starfræktur þar unglingaskóli í einni stofu og veitti Sigurður Thorlacius frá Búlandsnesi honum forstöðu í þrjá vetur (1924-1927). Fram yfir seinna stríð leigðu einnig austfirskir útvegsmenn viðleguaðstöðu hjá Bender fyrir báta sína, sem gerðir voru út frá Djúpavogi á vetrarvertíðum, svo sem afnot af bryggju og tveimur beituskúrum með plönnum og verbúðaraðstöðu í Framtíðinni fyrir vermenn. Öðrum húsum verslunarinnar, þ.e. pakkhúsi, kolaskúr, ísgeymsluhúsi og peningshúsum kaupmanns, er lýst hér síðar, en bæta má því við, að verslun Benders (og líklega forvera hans einnig) var rekin í vesturenda Framtíðar og lengi vel var sauðfé viðskiptamanna slátrað í kjallara hússins. Jafnframt var Bender í hópi þeirra fyrstu á Djúpavogi, sem rafvæddu hús sín ljósum með rafmagni frá vindrellu. Vindrella Benders var uppi á þaki verslunarhússins.<sup>177</sup>

Lengst af starfstíma verslunar Carls Bender starfaði hann jafnframt sem gjaldkeri Kaupfélags Berufjarðar, helsta keppinautar síns! Af því starfi lét hann í árslok 1946 og hinn 13. júlí sama ár seldi hann Framtíð „með tilheyrandi lóð og öllu múr- og naglföstu“ Ingimundi Steingrímssyni (1881-1964), póstafrgreiðslumanni í Geysi (sjá áður). Með því var verslunarrýmið lagt undir póstafrgreiðsluna og árið eftir flutti Ingimundur með sína fjölmennu



fjölskyldu í húsið. Þar bjuggu einnig ýmsir leigjendur um næstu ár, en hinn 1. júní 1954 lét Ingimundur af starfi póstafrgreiðslumanns og seldi Framtíðina Halldóri Jónssyni (1892-1966), kaupmanni frá Seyðisfirði. Eiginkona hans var Sigrún Sigbjörnsdóttir (1896-1970).<sup>178</sup>

*Byggðin austan við voginn árið 1952. Næst stendur Framtíðin, en útihús eru austan við húsið. Trébryggjan er horfin. (Myndasafn Alberts Geirssonar.)*



*Framtíðin í kaupmannstíð Halldórs Jónssonar 1954-1962. Bensíntankur Olúfólagsins Skeljungs hf. er vestan við húsið. (Eigandi Stefán Arnórsson.)*

Halldór hóf þegar verslunarrekstur í Framtíðinni sumarið 1954, enda var þar allt til reiðu frá fyrri tíð. „Ekki

hafði verið hróflað við innréttingum í búðinni í norðurenda hússins frá því sem áður var. Gamla U-lagaða búðarborðið með tveimur skrifpúltum ofan á og skúffum þar undir, ásamt hillum á veggjum – allt var á sömu gömlu stöðunum.“ Hús verslunarinnar voru þá, auk Framtíðar, pakkhús eða geymsluhús og skúrbygging „fyrir neðan íbúðarhúsið og veginn, sjávarmegin“. Verslun Halldórs var þó ætíð smá í sniðum, en henni fylgdi sú nýbreytni, að komið var fyrir bensínafgreiðslu frá Olúféluginu Skeljungu hf. á planinu vestan við húsið. Haustið 1962 hætti Halldór verslunarrekstri og hinn 28. október seldi hann Kaupfélagi Berufjarðar (KBF) húseignina „Framtíð ásamt pakkhúsi og lóðarréttindum“.<sup>179</sup>

Með kaupum KBF á húsinu var ákveðið að hefja þar rekstur veitinga- og gistinguþjónustu, sem sárlega vantaði í plássinu. Gerðar voru talsverðar endurbætur á vistarverum og komið upp aðstöðu fyrir matseld og borðstofu. Með því varð *Hótel Framtíð* að veruleika og 1983 var gistirýmum fjölgað með því að gamla Pakkhúsið, austan við Framtíðina, var rífið og byggð á grunni þess verbúð eða gistiskáli með sjö herbergjum. Ýmsir einstaklingar stýrðu hótelinu allt til ársins 1987, er Kaupfélag Berufjarðar komst í þrot og hótelíð varð eign hlutafélagsins Hótel Framtíð ehf. Stærstu hluthafar voru Stefán Arnórsson, Vilborg Á. Garðarsdóttir og

Óskar Steingrímsson, sem var hótelstjóri til 1991. Eftir það stýrðu rekstrinum Arnór Stefánsson 1991-1995 og hjónin Þórir Stefánsson og Guðrún Anna Eðvaldsdóttir frá 1995.<sup>180</sup>



*Horft austur yfir vogsbotninn um 1975. Næst til vinstri sér í suðurgafli Geysis, en fjær eru samkomuhúsið Neisti og Hótel Framtíð ásamt gamla Pakkhúsinu. (Myndasafn Valgeirs Kjartanssonar.)*

Nú skal vikið að byggingarsögu hússins. Eins og fyrr segir er það tilhöggvið timburhús í dönskum stíl

og flutt inn frá Kaupmannahöfn sumarið 1905. Smíði þess á steinsteyptum kjallara var að mestu lokið fyrir árslok. Skv. elstu úttekt frá 1906 voru 15 herbergi í húsinu, og ráða má af ljósmynd, sem tekin var af því nýbyggðu, að í fyrstu var það timburklætt að utan með járnvörðu þaki. Eitthvert næsta ár voru útveggir einnig klæddir bárujárn, eins og glögg sést á ljósmynd frá 1915 og tilgreint er í fasteignamati 1916: „Timburhús allt járnvarið og vandað að gerð.“ Við þá aðgerð var ennfremur klætt yfir útidyr, sem voru upphaflega á suðvesturhorni hússins (sjá myndir), en frá upphafi var gengið þar upp trétröppur á mjóan tréþall eða verönd, sem lá með norðurhlið hússins. Beint undir aðalútidyrum á norðurhlið voru stórar vörudyr á

<sup>179</sup> Már Karlsson (2010), s. 76-78.

<sup>180</sup> Már Karlsson (2010), s. 79-82.



kjallara og nokkrir gluggar (jafnvel aðrar dyr) til beggja hliða. Árið 1916 mældist húsið 15,3 m að lengd, 9,7 m á breidd og 4,2+4 m á hæð með kjallara.<sup>181</sup>

*Hótel Framtíð og Pakkhúsið árið 1977. (Myndasafn Óla Björgvinssonar – myndhluti.)*

*Hótel Framtíð og gistiskálinn „Meyjarskemman“ austan við í sinni elstu mynd. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



Upplýst var árið 1930, að húsið hefði verið „fullgjört 1905“. Þótti það vandað að smíði og efni og hirðing þess góð. Það var portbyggt með kvisti á norðurhlið. Útveggir og þak voru af timbri, pappalagt og járnvarið, en gólf, skilrúm og loft ýmist einföld eða tvöföld. Undir húsinu var steinsteyptur og tvískiptur kjallari með

steinsteyptugólfi, notaður sem geymsla. Húsið var 15×9,4 m að gólfleti, grunnhæð 2 m, veggahæð frá kjallara 4 m og rishæð 3,5 m. Á efri og neðri hæð voru alls 11 herbergi, þar með talin stór sölubúð og pakkrúm. Í húsinu voru þrjár eldavélar, fimm hitunartæki (ofnar) í herbergjum og tveir steypfir reykháfar.<sup>182</sup> Árið 1940 taldist húsið „mjög vanhirt“ og kalt, en rakalaust. Kjallarinn var ennþá tvískipt geymsla og á aðalhæð voru fjórar stofur, eldhús,

skrifstofa, sölubúð, vöruklefi og forstofa, en á lofti sex svefnherbergi og stigagangur.<sup>183</sup>

*Gistiskálinn (Meyjarskemman) utan við hótelið var byggður árið 1983 á grunni gamla Pakkhússins.. (Myndasafn Djúpavogshrepps.)*



Ókunnugt er um aðrar breytingar á húsinu á árabílinu 1940-1992 en þær sem gerðar voru vegna hótélreksturs, sem hófst 1962, og fyrr eru nefndar. Árið 1992 voru hins vegar gerðar umtalsverðar breytingar á húsinu með

því að hluti kjallarans var grafinn út til að auka lofthæð hans og síðan innréttaður þar vínbar. Jafnframt voru gerðar lítilsháttar breytingar á útliti hússins, þ.á m. á úttröppum og inngangi á vesturgafli. Næstu árin var lagt á ráðin um frekari breytingar og endurbætur í samráði við

<sup>181</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 1.

<sup>182</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>183</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

Húsafriðunarnefnd og arkitektana Hjörleif Stefánsson og Magnús Skúlason. Árið 1997 var þakjárn endurnýjað og innandyra voru innréttuð ný skrifstofuaðstaða og herbergi næturvarðar uppi á háalofti. Að endingu var ráðist í miklar endurbætur á húsinu utandyra árið 2005, þar



sem endurnýjuð var öll járnklæðning á veggjum og þaki, skipt um glugga, þakskegg og útihurðir í anda upprunalegs útlits.<sup>184</sup>

*Hótel Framtíð sumarið 2013. (Ljós. Páll Jakob Lindal.)*

Húsið Framtíð er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og varðveitt í bláum flokki. Nærri 112 ár eru liðin frá byggingu þess, svo að varðveislugildi hússins er mikið með

tilliti til upprunalegs svipmóts og þýðingarmikils hlutverks í atvinnu- og menningarsögu byggðarinnar. Húsið stendur miðsvæðis í hlýlegu umhverfi á verndarsvæðinu við voginn og er lýst með þessum orðum í *Húsakönnun 2014*:

Húsið er einnar hæðar bárujárnklætt timburhús á steiptum kjallara. Risið er portbyggt með miklum þakhalla og stórum kvisti, sem snýr fram að voginum. Kvisturinn er upprunalegur, en annar kvistur minni á þaki hússins sunnanmegin er seinni tíma smíð. Núverandi aðalinngangur í húsið er í tengibyggingu milli gamla hússins og viðbyggingar. Trépullur (verönd) er fyrir framan innganginn og nær hún meðfram vesturgafli hússins og áfram meðfram norðurhlið þess. Rimlaklæðning úr timbri er undir pallinum. Inngangurinn í kjallara [er] á vesturgafli. Húsinu er vel við haldið og í góðu ásigkomulagi.<sup>185</sup>



*Hótel Framtíð ásamt aðliggjandi húsum sumarið 2015. Gamla verslunar- og gistihúsið fyrir miðri mynd og Meyjarskemman til vinstri. Bakatil er viðbygging og til vinstri eru fjögur smáhýsi. (Ljós. Andrés Skúlason.)*

<sup>184</sup> Mór Karlsson (2010), s. 82-83; *Húsakönnun [...] 2014*, s. 20.

<sup>185</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 22.

Undir árslok 1998 var hafist handa við stækkun hótelsins með tveimur samtengdum bjálkahúsum, aðkeyptum frá Finnlandi, sem reist voru suðaustan við húsið. Húsin eru einnar hæðar á steiptum grunni með lágu mænispaki. Þessi viðbygging er samtals 800 m<sup>2</sup> að grunnfleti og rúmar 18 herbergi, mat- og samkomusal, ásamt tengiálmum við gamla húsið. Sé horft til nánasta umhverfis og sögu svæðisins er viðbygging þessi framandi og á lítið skylt við



Framtíðina, hvað varðar stærð, efnisval, byggingarstíl og -aðferðir. Að því sögðu fellur húsið engu að síður nokkuð vel að umhverfi sínu og er til þess að gera lítt áberandi. Ræður þar ef til vil mestu látlaust litaval, hleðslur framan við húsið og eftirtektarverður glæsileiki Framtíðarinnar, sem fangar augað.

*Hótel Framtíð með viðbyggingum sumarið 2013.  
(Ljósm. Páll Jakob Líndal.)*

Norðaustan við hótélbygginguna eru fjögur smáhúsi, sem byggð voru árið 2007. Þau eru 27 m<sup>2</sup> að grunnfleti, byggð á niðurgröfnum staurum og eru af þeim sökum færanleg.<sup>186</sup> Húsin falla fremur illa að umhverfi sínu, hvað varðar byggingarstíl, útlit og staðsetningu. Sömuleiðis má þó segja, að neikvæð áhrif þessara húsa séu í lágmarki vegna hófs í litavali og góðrar umgengni.

#### 4.4.1.2 Horfin hús Framtíðarinnar

Verslun Framtíðarinnar fylgdi stór lóð og skal hér gerð grein fyrir öðrum húsum verslunarinnar, sem stóðu á lóðinni fram yfir 1940 og heyra nú sögunni til. Byggt er á fasteignauðttektum árána 1916, 1930 og 1940, en sum húsin verða nú ekki lengur staðsett



með fullri vissu.<sup>187</sup> Árið 1940 voru þessi hús sögð „mjög af sér gengin, einkum útihúsin, vegna 10 ára vanhírðu“, en þá hafði Carl Chr. Bender kaupmaður rekið eigin verslun þar frá 1925.

*Djúpvogur á árabílinu 1910-1915. Næst til vinstri sjást bakhlíðar Framtíðar og Pakkhúss. Fyrir miðju glittir í þak Íshússins og lengst til hægri er Smeltiríð. (Ljósm. ókunnur. Þjms. Pk-1473.)*

Mikill hluti lóðarinnar var ræktaður, eða 4.050 fermetrar árið

<sup>186</sup> Skjalasafn Djúpavogshrepps (umsókn um byggingarleyfi dags. 21. febr. 2007).

<sup>187</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 1-2; ÞÍ. Fasteignamat 1930; ÞÍ. Fasteignamat 1942; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 13-14, 33, 46-47 og 56.

1930. Lóðin var þá girt með gaddavír og vírneti á tréstaurom. Árið 1940 var hún talin 5.000 fermetrar og ræktaður hluti hennar 4.040 m<sup>2</sup>. Stór *fiskreitir* (37) var á flötinni, suðvestan við íbúðar- og verslunarhúsið, en framundan því var *trébryggja* (38), sem byggð var um leið og húsið árið 1905. Hún var sögð 45 m á lengd árið 1916 og 96 m árið 1930, þá orðin „fremur léleg“. Var hún trúlega rifin skömmu fyrir 1950. Í fjörunni, sitt hvoru megin við bryggjuna, stóðu tveir *sjóskúrar* (39) á tréstólpum, báðir úr timbri með járnþaki og sagðir gamlir „en nothæfir“ árið 1930. Annar skúrinn var 11×5×2 m og hinn 7,5×3,8×2 m. Þessir skúrar voru nefndir *fiskhús* og *saltgeymsla* árið 1940, samtals 185 m<sup>3</sup> að stærð, og stóðu fram yfir 1950.

Örskammt norðaustur af versluninni stóð *Vöruhús* eða *Pakkhús* (40) árið 1916. Það var byggt úr timbri með járnvörðu þaki, 18×10 m að gólfleti með 6,5 m vegghæð og 5 m háu risi. Sambyggður húsinu var *skúr* (41) af sömu lengd, 5 m á breidd og 4 m á hæð. Á þessum stað stóð áður háreist timburhús, sem sennilega var byggt af Otto Chr. Hammer árið 1866, eins og sjá má á ljósmynd frá sumrinu 1867. Það hús var hins vegar trúlega tekið ofan fljótlega eftir að hann hætti starfsemi sinni.



*Húseignir Framtíðarinnar um 1930. Fyrir miðju er íbúðar- og verslunarhúsið og framundan því sjóskúrar og bryggjan, en ofan við húsið fjós og hlaða. Utar standa Pakkhúsið og sambyggður Kolaskúr, en fjær er Ísgeymsluhús ofan vegar og svonefndur Höskuldarskúr efst í fjörunni. (Myndasafn Rafns Kjartanssonar – myndhluti.)*

Árið 1930 höfðu bæði þessi hús verið endurbyggð á sama stað, en minnkuð verulega. Pakkhúsið var 11×7 m að gólfleti og 2-3 m á hæð. Það var talið „stæðilegt“


með járnklæddum veggum og þaki á timburgrind, en gólf og loft voru úr timbri.

Hliðarbygging af sömu gerð, svonefndur *Kolaskúr* (41), var samsíða norðurhlið pakkhússins, 11,7×3×2 m að stærð. Árið 1940 var pakkhúsið talið 187 m<sup>3</sup> að stærð, klætt bárujárn á langböndum, og skúrinn 88 m<sup>3</sup>. Árið 1983 voru þessi hús rifin, þegar eigendur Hótel Framtíðar létu byggja verbúð eða gistiskála á grunni þeirra, svokallaða „Meyjarskemmu“ með sjö herbergjum.<sup>188</sup> Húsið er einlyft timburhús á steinsteypum kjallara með lágreistu mænispaki, en gistiskálanum var síðan breytt í hótélíbúðir árið 2012. Sólþallar úr tré voru svo gerðir umhverfis húsið á þrjá vegu árið 2014 og breyttu þeir hlutföllum þess talsvert.

Árið 1916 hafði verslunarstjórinn yfir að ráða *fjósi*, *hesthúsi* og *hlöðu* (42) undir einu þaki. Um var að ræða allstórt hús, 10×5 m að gólfleti með 3 m vegghæð og 2,5 m risi. Af ljósmyndum að dæma stóð þetta hús, svo og síðari útihús Framtíðarinnar, í hallanum á bak við (austan við) íbúðar- og verslunarhúsið, þar sem gistiálma og samkomusalur hótelsins eru nú á gjörbreyttu undirlendi. Í fasteignamati 1930 var hesthús ekki nefnt, en „fornt“ alþiljað

<sup>188</sup> Már Karlsson (2013), s. 80; Fasteignaskrá 2017 (www.skra.is).

fjós fyrir 2 kýr og hlaða með steypuveggjum, þilstafni og járnþaki, 6×3×3 m að stærð. Árið 1940 var aðeins tilgreind steinsteypt hlaða með járnþaki (60 m<sup>3</sup>).



Vetrarmynd frá Djúpavogi, tekin um 1930 úr blómagarði Faktorshússins. Í forgrunni er þak Bryggjuhúss kaupfélagsins. Handan við ísilagðan voginn eru (frá vinstri) Höskuldarskúr neðan vegar, Ísgeymsluhús (frystihús), Pakkhús með Kolaskúr og íbúðar- og verslunarhúsið Framtíðin. Framan við það eru tveir sjóskúrar og bátabyggjan. (Ljósmynd. Ókunnur. Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)

Í fasteignamati 1916 voru nefnd *Ísgeymsluhús og frystihús* (43) meðal húseigna Framtíðarinnar án frekari lýsingar. Sennilega var

um að ræða eitt hús, sem hýsti þessa starfsemi. Það stóð skammt utan við Pakkhúsið, fast ofan við veginn, og var sennilega byggt árið 1905, sbr. ljósmynd frá þeim tíma. Húsið var með háreistu mænispaki og líklega steinhlöðnum veggjum á þrjá vegu, en framhlið úr timbri. Nánari upplýsingar um það liggja ekki fyrir, enda var húsið ekki tilgreint meðal húseigna verslunarinnar árin 1930 og 1940. Skv. ljósmyndum stóð það þó fram á fjórða áratuginn og jafnvel lengur. Öll ummerki um húsið eru horfin vegna vegalagningar með ströndinni.



Séð vestur yfir byggðina af Bónдавörðuhrauni um 1945. Næst fyrir miðju er Framtíðin, Pakkhúsið til hægri og útihús til vinstri. Fjær er samkomuhúsið Neisti fyrir botni vogsins. (Ljósmynd. Ókunnur. Myndasafn Öldu Jónsdóttur.)

#### 4.4.2 Höskuldarskúr

Þessi *sjóskúr* stóð nánast í fjöruborðinu, skáhallt niður af Íshúsinu (44). Að sögn var „skúrþakið jafnhátt veginum og klöpp sunnan við skúrinn.“ Hann var í eigu Höskuldar

Sigurðssonar (1877-1966) sjómanns. Hann bjó á Höskuldsstöðum, sem var lítil þurrabúð, sunnan til á Brennikleppi. Um byggingarár og lífslengd þessa skúrs eru ekki heimildir, en öll ummerki um hann eru löngu horfin.<sup>189</sup>

#### 4.4.3 Smeltiríð

Skammt utar á ströndinni stóð lengi stórt og svartbikað timburhús, þar sem útgerðarmenn bræddu hvalspik og hákarlalifur. Þetta lýsisbræðsluhús var jafnan kallað *Smeltiríð* (45) upp á dönsku, allt frá því að það var byggt af Otto Christian Hammer (1822-1892), sjóliðsforingja og hvalfangara. Húsið var reist 1866 eða sumarið 1867, sbr. ljósmynd Johans Holm-Hansen af

<sup>189</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 56.



athafnasvæðinu við hvalstöð Hammers. Bréfaskipti sýslumanns og hreppstjóra þetta sumar staðfesta einnig, að þá stóð „Lýsisbræðsluhús“ á lóðinni. Húsið var 18 m að lengd, 8 m á breidd og 4 m á hæð með háu mænispaki, sem var snemma klætt járni, sbr. ljósmyndir og fasteignamat 1916. Neðan við það stóð minna hús eða *skúr* (46) með grjóthlöðnum útveggjum og mænispaki, en frá bræðsluhúsinu lá upphaflega teinabraut á sliskjum fram á trébryggju til að auðvelda þungaflutninga og aðdrætti.<sup>190</sup> Af myndum að dæma virðist þessi bryggja Hammers hafa verið á líkum slóðum og Friðgeirsbryggja, sem þar var byggð 1924-1925 (50).

Nokkurs ókyrrleika varð vart í Smeltiríinu á þeim árum, sem það stóð þarna og reyndar á þessu svæði lengi eftir að það var rífið. Sást þarna manni bregða fyrir, einkum þegar skuggsýnt var. Þorpsbúar höfðu sínar skýringar á reiðum höndum, þegar þessi slæðingur gerði vart við sig. Þarna átti að vera á ferð danskur maður, sem drukknaði í heitu lýsi, þegar verið var að bræða, enda sjálfsagt oft sleipt og erfitt umferðar á athafnasvæðinu.<sup>191</sup>



*Athafnasvæði Hammers og Danska fiskveiðifélagsins (Det danske Fiskeriselskabs Etablissement) undir Bóndavörðuhrauni sumarið 1867. Eftir bryggjunni liggur teinabraut á sliskjum og á fjörukambinum er fjöldi keralda og tunna. Fyrir miðri mynd eru margir menn að störfum og við húsbýggingu, að því er best verður ráðið. Er því hugsanlegt, að þá hafi staðið yfir bygging lýsisbræðsluhússins, sem kallað var Smeltiríið. Til hægri við timburgálgann eru tjöld og hús með mænispaki, trúlega það hús eða skúr, sem lengi stóð lítið eitt neðan við suðvesturhorn bræðsluhússins. (Ljós. Johan Holm-Hansen. Þjms. Lpr-4853.)*

<sup>190</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 1-2; Ingimar Sveinsson (1989), s. 73; Ingimar Sveinsson (2003), s. 19-21; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 33; Smári Geirsson (2015), s. 70-87.

<sup>191</sup> Ingimar Sveinsson (2003), s. 19-20.



*Smeltiríð ásamt steinhlöðnum skúr á athafnasvæði Ottos Chr. Hammer, suðaustan við voginn. Myndin er tekin nokkru eftir að hann hætti starfsemi 1871, en eftir það var lýsisbræðslan sennilega í eigu Örum & Wulffs. Lengst til vinstri mótar fyrir timbursliskjunnunni ofan að bryggjunni og rammert timburvirki heldur að uppfyllingu og aðgerðarplani framan við húsin. Í forgrunni sér ofan á bryggjuna framan við verslunarhús Örum & Wulffs. Úti á legunni er hugsanlega hákarlaskútan Bonnesen, sem Niels P. E. Weyvad verslunarstjóri átti og gerði út. (Ljósm. Nicoline Weyvad. Myndasafn Djúpavogshrepps. Frummynd Þjms. Th-22.)*

Óvíst er um eignarhald og notkun þessara tveggja húsa eftir að O. C. Hammer hætti rekstri hvalstöðvarinnar árið 1871. Er þó líklegast, að þau hafi fljótlega komist í eigu verslunar Örum & Wulffs, en árið 1916 var Hlutafélagið Framtíð á Seyðisfirði eigandi húsanna, sem þá voru nefnd *Bræðsluhús* og *skúr*. Hússins getur ekki í fasteignamat 1930. Má því vera, að Smeltiríð hafi verið rífið skömmu eftir að Framtíðin hætti rekstri árið 1924, og í öllu falli ekki síðar en árið 1928, þegar íbúðarhúsið Sólvangur var byggt á grunni þess. Minna húsið stóð hins vegar lengur og þjónaði árið 1930 sem *sjóskúr* (46) Sigurðar Ívarssonar, útgerðarmanns í Sólvangi. Skúrin var sagður „stæðilegur“, 5,5×4 m að gólfleti og 2,5 m á hæð, byggður í tóft á þrjá vegu með timburþilvegg á einn veg og járnþaki.<sup>192</sup>

<sup>192</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.



Útsýn af Brennikleppi yfir byggðina austan við voginn árið 1952. Í forgrunni sér ofan á húsið Bjarg og samkomuhúsið Neista við vogsbotninn. Austur af er Framtíðin, þá Friðgeirs- og Sigfúsarhús framan við Sólvang. Upp af húsinu eru útihús Sólvangs og Trítón norðar á ströndinni. (Myndasafn Alberts Geirssonar.)

#### 4.4.4 Sólvangur – Vogaland 12

Húsið *Sólvangur* (47) var byggt árið 1928 af hjónunum Guðlaugu Sigurðardóttur (1909-1980) og Sigurði Ívarssyni (1900-1979), sjómanni og útgerðarmanni, sem fluttu í það sama ár. Líkur eru á, að smiður hússins hafi verið faðir Sigurðar, Ívar Halldórsson (1872-1952), trésmiður og beykir á Bjargi.<sup>193</sup> Hússtæðið er í aflíðandi brekku og mjög nærri, eða beinlínis á grunni gömlu lýsisbræðslunnar *Smeltiríð*, sem byggð var af O. C. Hammer hvalfangara 1866 eða 1867 og rifin skömmu fyrir 1928. Niður af bræðslunni var trébryggja á dögum Hammers og



lengi síðar. Á líkum stað byggði Friðgeir Hallgrímsson kaupmaður trébryggju og sjóhús 1924-1925, en þá útvegsaðstöðu keypti Sigurður Ívarsson eftir 1930 og rak þar útgerð um árabíl (sjá nánar 4.4.6).

*Horft vestur yfir voginn að vetrarlagi 1935-1937. Næst til hægri er Sólvangur og neðan við húsið eru Friðgeirshús og Friðgeirsbryggja. Handan vogsins eru verzlunarhús kaupfélagsins. Húsið Síbería hafði þá nýlega verið endurbyggt (1934-1935) og gamla Sölubúðin var enn við lýði (rifin 1938). (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

<sup>193</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

Sólvangur er einnar hæðar timburhús með lágu mænispaki, byggt í fábrotnum alþýðustíl og stendur á lágum, grjóthlöðnum og múruðum kjallara, sem tæpast er manngengur. Húsið er 82,2 m<sup>2</sup> að gólfleti, bárujárnsklætt að utan og við austurhlið þess er áfastur lítill og járnvarinn inngangsskúr.<sup>194</sup> Skv. fasteignamati 1930 var húsið á ómældri lóð og ekki við götu, en talið „fullgjört“ árið 1928 og „fremur vandað“ að gerð. Það mældist 6,5 m að lengd og 5 m á breidd með 1,5 m grunnhæð, 2,4 m vegghæð frá kjallara og 0,6 m rishæð. Útveggir og þak voru pappalögð og járnvarin, en gólf, loft og skilrúm einföld. Undir húsinu var kjallari, „hlaðinn innan og steiptur utan“. Á hæðinni voru þrjú herbergi og eldhús með eldavél og



steiptum reykháfi, en engin upphitun önnur.<sup>195</sup> Eins má geta þess, að húsið var einangrað með þurrkuðum mosa, eins og þá tíðkaðist víða.<sup>196</sup>

*Stækkuð mynd af húsinu sýnir glögg, að byggð var viðbót við norðurgöfl þess skömmu eftir 1930.*

Árið 1940 voru uppgefin stærðarmál hússins nánast hin sömu. Þó sagði, að kjallari væri aðeins undir nokkrum hluta hússins, „leirpípur“ væru í stað „reykháfa“ og í húsinu fjögur

íbúðarherbergi, eldhús og gangur.<sup>197</sup> Gæti það bent til þess, að þá þegar hafi verið búið að lengja húsið lítilllega til norðurs og bæta við öðrum reykháfi. Hið sama virðist mega ráða af ljósmynd frá 1935-1937, þó tilgreind húslengd væri hin sama 1930 og 1940.

Víst er um það, að nokkrum árum eftir byggingu hússins var það lengt um nærri tvö metra til norðurs og síðar byggður lítill inngangsskúr (bíslag) við austurhlið þess. Viðbyggingin var í fyrstu notuð sem verbúð eða athvarf fyrir aðkomusjómenn, en á árabílinu 1948-1950 var þar innréttað nýtt eldhús. Það gerði Einar Sigurðsson (1897-1984), tré- og skipasmiður í Odda á Fáskrúðsfirði, sem þá hélt til í Sólvangi á meðan hann vann að endurbótum á



læknisbústaðnum Dölum og byggingu Prestshússins<sup>198</sup> (sjá frammar). Aðrar breytingar, sem greina má að gerðar hafa verið á húsinu í árána rás, eru þessar: Húsið var forskalað að utan og lokað fyrir inngangsdyr á austurhlið, annar reykháfurinn brotinn niður, fög úr gluggum fjarlægð og útliti þeirra breytt.<sup>199</sup>

*Sólvangur milli 1960 og 1970, útihús til hliðar og leifar Friðgeirsskúra og -bryggju framan við húsið. (Myndasafn Eðvalds Ragnarssonar – myndhluti.)*

<sup>194</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 23 og 25; Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands (www.skra.is).

<sup>195</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.

<sup>196</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

<sup>197</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>198</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

<sup>199</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 23 og 25.

Ekki hefur verið búið í Sólvangi um nokkurt skeið, svo að húsið er „í lélegu ástandi, járn ryðgað á þaki og bíslagi og múrhúðun á veggjum víða sprungin“, skv. umsögn í *Húsakönnun 2014*. Húsið þarfnast því „viðhalds og aðhlyningar eða gagnberra endurbóta“, en heldur þó upphaflegu formi og byggingarlagi í meginráttum. Niðurstaða varðveislumats er því sú, að Sólvangur sé einstakt hús í fábrotnum alþýðustíl, látlaust að gerð í fallegum hlutföllum og gott dæmi um íbúðarhús frá fyrri hluta 20. aldar. Er því lagt til, að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (rauðum verndarflokki). Núverandi eigandi hússins er Vignir Eggertsson frá Urðarteigi, búsettur í Reykjavík.<sup>200</sup>



*Austurhlið og suðurgafn Sólvangs 2013. (Ljós. Páll Jakob Línal.)*

Árið 1930 voru útihús Sólvangs ekki önnur en sá gamli *sjóskúr* (46), sem getið er hér að framan. Hann var ekki tilgreindur í fasteignamati 1940 og hafði þá trúlega verið rifinn, enda var Sigurður þá orðinn eigandi að *Friðgeirshúsi* (51) með tilheyrandi skúrum og bryggju. Sólvangi tilheyrði hins vegar *fjós* (48) fyrir eina kú, sem byggt var í tóft með þilstafni og járnþaki. Tóft þessa húss er ennþá sýnileg í grösugri brekku, skammt norðaustur af íbúðarhúsinu. Hún er 5,5×5 m að stærð með legu austur-vestur og er nánar lýst í fornleifaskýrslu. Þar er ennfremur lýst *fjárhústóft* (49), sem enn mótar fyrir í námunda við fjósið, um 6×5 m að stærð,<sup>201</sup> en fjárhús þetta var augljóslega byggt eftir 1940.

<sup>200</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 24-25.

<sup>201</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 48-49.



Byggðin á austurströnd vogsins um 1955. Í forgrunni er samkomuhúsið Neisti og austar standa Framtíðin, Pakkhús og bryggjuskúr, en sjálf bryggjan er horfin. Á flötinni vestan við húsið var fyrrum fiskreitir verslunarinnar. Utar með ströndinni er húsið Sólvangur og framundan því Friðgeirshús og Friðgeirsbryggja nær, en Sigfúsarhús og Sigfúsarbryggja utar. Ofan við Sólvang eru fjárhús og fjós, en yst á ströndinni er Trítón í endurbyggðri mynd. Austur af Trítón er húsið Höfði (byggt 1953) með tilheyrandi skemmuhúsi. (Eigandi ljósm. Stefán Arnórsson.)

#### 4.4.5 Friðgeirsbryggja og Friðgeirshús

Snemma árs 1925, eða haustið áður, lét Friðgeir Hallgrímsson (1859-1935), skipstjóri og kaupmaður á Eskifirði, byggja sjóhús og trébryggju framundan Smeltirínu. Þessi mannvirki voru kennd við hann, þ.e. *Friðgeirsbryggja* (50), *Friðgeirshús* (51) og *Friðgeirsskúr* (52), og raunar löngu eftir að hann hætti vélbátaútgerð sinni á Djúpavogi. Hinn 3. apríl 1925 var gerð virðing á nýbyggðum mannvirkjum Friðgeirs, þ.e. *fiskihúsi* ásamt *bryggju* og *palli*, og öðru sinni nærri tveimur mánuðum síðar vegna bankaláns, sem hann hafði stofnað til vegna framkvæmdanna. Húseignir Friðgeirs voru þá þurrabúðin Hlíðarendi, tvílyft hús, sem fyrr er lýst (26), og *skúrbygging* „sem er fiskistöðvarhús með [gang]pöllum í kring og bátabryggja fram af“. Undir húsinu var steinhlaðinn grunnur og timburgólf í því öllu, en inni í því „saltkassi og þrjú beitningarborð“.<sup>202</sup>

Árið 1927 fór fram þriðja virðing á söltunarhúsi og bryggju Friðgeirs, sem skömmu síðar varð gjaldþrota. Féllu þá þessar húseignir til útibús Landsbankans á Eskifirði, sem lýst var eigandi þeirra í fasteignamati 1930. Söltunarhúsið, sem nefnt var *sjóskúr*, var ein hæð með flötu skúrþaki, byggt á grjóthlöðnum grunni, án útbyggingar og kjallara. Útveggir og þak voru bárujárn á timburgrind, en gólf og skilrúm úr timbri. Húsið var 11 m á lengd og 7 m á breidd, með tveggja metra vegg hæð frá grunni. Í því var „fisksöltunarrúm og saltklefi“.<sup>203</sup>

<sup>202</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 162.

<sup>203</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.



Sólvangur fyrir miðri mynd og útihúsin austur af, en leifar Friðgeirshúss og -bryggju framundan. Myndin tekin 1960-1970. (Myndasafn Eðvalds Ragnarssonar.)


Skömmu eftir gjaldþrot Friðgeirs Hallgrímssonar mun Sigurður Ívarsson, útgerðarmaður í Sólvangi, hafa keypt bæði hús og bryggju, sem síðan voru oftast nefnd *Sólvangsbryggja* og *Sólvangsskúr* eða -hús.<sup>204</sup> Árið 1940 taldist *sjóskúrinn* 50 rúmmetrar að stærð með pappalögðum timburveggjum og

járnþaki á langböndum.<sup>205</sup> Bryggja og hús voru eitthvað notuð fram yfir 1980, en hvorttveggja

var rifið og fjarlægð

1988.<sup>206</sup> Ennþá stendur þó grunnur sjóhússins, sem er 10×5 m að stærð og um einn metri á hæð, „á gróðurlausum tanga sem gengur út til vesturs frá sjávarbakknum“.

Minjar um bryggjuna eru hins vegar að fullu horfnar.<sup>207</sup>



Vélbátar á legunni við austanverðan voginn. Skráning myndar Andrés Skúllason, byggt á upplýsingum frá Má Karlssyni. (Ljósmyndun. Myndasafn Djúpavogshrepps.)

#### 4.4.6 Sigfúsarbryggja og Sigfúsarhús

Um 40 metrum norðaustan við Friðgeirshús stóðu *Sigfúsarbryggja* (53), *Sigfúsarhús* (54) og *Sigfúsarskúrar* (55), sem kennd voru við eigandann, Sigfús Sveinsson (1875-1935), kaupmann og útgerðarmann á Norðfirði. Hinn 7. mars 1924 fór fram virðing á húseigninni „ásamt bryggju sem er út frá húsinu“. Skv. þeirri úttekt var húsið tvílyft timburbygging, rúmlega 10 m breið og 7 metra löng. Í því voru 6 herbergi af ýmsum stærðum með 18

<sup>204</sup> Baldur Sigurðsson (munnleg frásögn).

<sup>205</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>206</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 162.

<sup>207</sup> Krisborg Þórsdóttir (2017), s. 19-20 og 33.

rúmstæðum og þremur matvælskápum, en auk þess reykháfur úr múrsteini. Samsíða neðri hlið hússins var áföst skúrbygging í fullri lengd hússins. Ennfremur kom til virðingar ófullgert bræðsluhús (56) í 40 metra fjarlægð frá húsinu.<sup>208</sup>



*Sigfúsarbryggja, Sigfúsarskúrar og Sigfúsarhús um 1930. Handan vogsins sér í bláhorn Faktorshússins, lengst til vinstri. Næst er Síbería (ljósleitt hús) og utan við hana Bræðsluhús kaupfélagsins. Hjallskletturinn er áberandi fyrir miðri mynd, ennþá óraskaður af hafnargerð og öðrum mannvirkjum. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)*

Rúmu ári síðar, eða 30. mars 1925, var bræðsluhúsið fullbyggt og virt til peningaverðs ásamt bræðsluáhöldum. Skv. þeirri virðingargjörð hafði bryggjan einnig verið stækkuð og viðbygging (55) reist við eldra húsið, hornrétt á austurhlið þess. Það hús var einnig tvílyft, 12 álnir á lengd og 8 álnir á breidd. Hæð undir þakskegg var 7 álnir og rishæð tvær álnir. Á lofti var eitt panelþiljað herbergi, en neðri hæðin óþiljuð. Áfastur húsinu var beitningaskúr (55), 18×5 álnir að stærð, en steinsteypt gólf voru í öllum húsum.<sup>209</sup>

Nánari lýsingar voru gefnar á mannvirkjum í fasteignamati 1930. Bátabryggjan taldist þá 149 ferm. og fiskipallur 36 ferm. Aðalhúsið var tvílyft timburhús með flötu járnvörðu þaki á 0,6 m háum steinlímduðum sökkli. Það var 10×7 m að gólfleti með 5 m vegg hæð. Húsið var fremur „veikbyggt og gisbyggt“ og notað sem „verstöðvarhús“. Neðri hæðin var að mestu óskipt með steinsteyptu gólfi og notuð til fisksöltunar og saltgeymslu, en uppi voru 5 svefnskálar og eldhús með eldavél. Ofnar voru í tveimur herbergjum og á húsinu voru tveir steyptir reykháfar.

<sup>208</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 161.

<sup>209</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 162.





Vélbátaflotinn við festar inni á höfninni um 1935. (Ljós. Elisabeth Sonnenfeld. Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur.)



Horft yfir voginn frá sama sjónarhorni tæplega hálfri öld síðar (1980). Gömlu trébryggjurnar eru horfnar, en eftir standa leifar bryggjuhúsanna. Næst er samkomuhúsið Neisti. (Myndasafn Ásdísar Þórðardóttir.)

Fyrirnefnd viðbygging var 11×7 m að gólfleti með 5 m vegg hæð, en aðeins helmingur hússins var á tveimur hæðum. Sitt hvoru megin við aðalhúsið stóðu tvær hliðarbyggingar, báðar byggðar úr timri með járnþaki. Önnur þeirra var 10×4×2 m að stærð og notuð sem geymsluskúr, en hin var beitningaskúr, 11×3×2 m að stærð. Að síðustu var tilgreint fremur óvandað Lifrarbræðsluhús (56), sem byggt var 1924-1925 úr timbri

með járnþaki, 7×2,5×2 m að stærð.<sup>210</sup> Um staðsetningu þess verður ekki fullyrt annað en það sem áður segir, að það stóð í 40 m fjarlægð frá Sigfúsarhúsi.

<sup>210</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1930.



*Loðnulöndun, handan vogsins sjást Sigfúsarhús fyrir miðju, síðan Sólvangur og Friðgeirshús neðan við. (Myndasafn Eðvalds Ragnarssonar.)*

Sigfús kaupmaður lést í ársbyrjun 1935 og voru hús og bryggja þá fljótlega seld Alfreð Long Gústafssyni (1911-1985) á Lögbergi og Ágústi Lúðvíkssyni (1901-1971) á Sólhól, sem þá stóðu saman að útgerð. Árið 1940 voru þeir skráðir eigendur *Sigfúsarhúsa*, sem þá voru ennþá kölluð svo. Í

fasteignamati var húsum lýst með hliðstæðum hætti og áður, en neðri hæð aðalbyggingar þó sögð úr steinsteypu, en sú efri úr timbri. Þar var enn verbúð með 5 svefnskálum og eldhúsi, en



salt- og fiskgeymsla niðri. Sjóskúrarnir tveir, þ.e. geymslu- og beitningaskúrarnir, voru sagðir „innanþiljaðir“ og samtals 230 rúmmetrar að stærð.<sup>211</sup>

*Grunnhleðslur Sigfúsarhúss og -skúra 2017. (Ljósm. Páll Jakob Lindal.)*

Saga þessara húsa verður ekki

rakin nánar hér, en að sögn gengu húsin og bryggjan smám saman úr sér eftir að útgerð Sigfúsar hætti þar starfsemi. Bryggjan var þó notuð fram undir 1950 og húsin stóðu lengur, uns síðustu leifar þeirra voru fjarlægðar árið 1988.<sup>212</sup> Grunnar tveggja Sigfúsarhúsa eru þó enn sýnilegir á litlum tanga neðan við götuna Vogaland, annar með steinsteyptu gólfi, þar sem komið hefur verið fyrir setubekk fyrir göngufólk.<sup>213</sup> Þessar minjar eru áhugaverðir minnisvarðar um merkan kafla í útgerðarsögu Djúpavogs, sem lauk að sögn Stefáns Jónssonar frá Rjóðri með þessum hætti:

Útgerðarmenn frá Norðfirði komu sér upp bryggjum og sjóhúsum á Djúpavogi og réru þaðan á vetrarvertíðinni og verkuðu fiskinn sjálfir. [...] Litla íshússholan [þ.e. gamla Íshúsið] við voginn nægði alls ekki til beitugeymslu, hvað þá heldur meir, og einn á fætur öðrum fluttu Norðfirðingarnir sig með vetrarútgerð sína til Hornafjarðar, og bryggjurnar þeirra á Djúpavogi og sjóhúsin fúnuðu eins og bátar heimamanna í fjörunni.<sup>214</sup>

<sup>211</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>212</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 162.

<sup>213</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 42-43.

<sup>214</sup> Stefán Jónsson (1987), s. 140.

#### 4.4.7 Gamla Íshúsið

Svokölluð *Engelskatjörn* eða *Íshústjörn* var við Hjaltalínsvík, sem er norðanvert við stóra klöpp, þar sem gatan Vogaland krækir nú út fyrir. Við lagningu hennar var þó norðvesturendi klapparinnar sprengdur, svo að umhverfið er breytt frá því sem fyrrum var.<sup>215</sup> Af Íshústjörninni og fleiri nálægum tjörnum var brotinn ís til beitufrystingar.

Upp frá litlu viki, sem gengur inn í ströndina, og undir svonefndum Íshúskletti skammt norðaustur af Sigfúsarhúsi, stóð gamla *Íshúsið* (57) ásamt *Ísgeymsluhúsi* (58), eins og sjá má á gömlum ljósmyndum. Íshúsið var byggt árið 1880 af verslun Örum & Wulffs,<sup>216</sup> en í fasteignamati 1916 var húsunum þannig lýst: „*Íshús*, 6,3×4,41×4,41+1,58 m, járnþakið timburhús [og] *Ísgeymsluhús*. Veggir úr grjóti og torfi og þak tyrft. Lélegt.“<sup>217</sup>



Til hægri eru *Íshús* og *Ísgeymsluhús* Örum & Wulffs og síðar Kaupfélags Berufjarðar um 1930. Sigfúsarhús er lengst til vinstri. (Ljósmynd Hansína Björnsdóttir. Þjms. Th-74, -myndhluti.)

Þessi lýsing fellur fullkomlega að þeim húsum, sem sjá má á ljósmyndum frá um 1930, en það ár var Þórhallur Sigtryggsson kaupfélagsstjóri skráður eigandi beggja húsa. *Íshúsið* var sagt „gamalt hús“, en hafði þó „verið allvel

byggt, en [var] nú fremur lélegt“. Húsið var portbyggt timburhús með járnvörðu þaki án kjallara. Það var 6,3 m á lengd, 4,4 m á breidd og vegg hæð 4,4 m frá 0,6 m háum grunni, en rishæð var 1,6 m. *Ísgeymsluhúsið* var 10×5,5 m að stærð og 2,5 m á hæð, hlaðið úr torfi og grjóti með pappalögðu timburþaki, „hálfallið að veggjum og viðum“.



Gamla *Íshúsið* og *Ísgeymsluhúsið* um 1940. Síðarnefnda húsið hafði þá verið lengt og þjónaði líklega sem fjárhús frá Höfða. Lengst til hægri sér í Sigfúsarhús. (Myndasafn Ásdísar Þórðardóttur.)

Árið 1940 var Kaupfélag Berufjarðar skráð eigandi húsanna. *Íshúsið* var sagt byggt „til síldarfrystingar og geymslu“ árið 1880, en hafði fengið „aðalviðgerð 1932“. Grunnmál þess voru nú 7×3,8 m, en önnur mál hin sömu og áður. Útveggir voru úr timbri, þak úr bárujárn á langböndum, en gólf, loft og skilrúm úr tré. Gamla *Íshúsgeymslan* stóð enn (9,4×5,3×2,5 m)

<sup>215</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 13-14.

<sup>216</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>217</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1916-1918 II, s. 2.

með útveggjum, hlöðnum úr torfi og grjóti, og torflögðu bárujárnspaki á langböndum.<sup>218</sup> Húsin luku trúlega hlutverki sínu á fjórða áratugnum, en stóðu þó lengur. Engin ummerki sjást um þau lengur og óþekkt hvenær húsin voru rifin. Síðast mun Ísgeymsluhúsið hafa þjónað sem gripahús frá býlinu Höfða,<sup>219</sup> sem byggt var þar norðaustur af árið 1953. Undir klapparhrygg (Íshúskletti) og nærri 25 m austan við ætlaða staðsetningu íshúsanna, er lítil lægð eða *gryffa* í grasigrónum móa, 5,5×4 m að innanmáli.<sup>220</sup> Hún kann að vera leifar húss, sem tilheyrði íshúsunum (58A).

#### 4.4.8 Lifrabræðsluhús KFB og Naustavogur - Vogaland 3

Árið 1933 stóð Kaupfélag Berufjarðar fyrir byggingu *Lifrabræðsluhúss* (59) á klettunum, skammt norðan við íshúsin, þar sem nú er fiskverkunarhúsið *Naustavogur* við Vogaland 3. Má því ætla, að samtímis hafi verið aflögð sú lifrabræðsla, sem þá hafði lengi farið fram í sérstöku *Bræðsluhúsi* (11) norðan við Löngubúð. Skv. fasteignamati 1940 var húsið bárujárnsklædd timburgrind með járnvörðu þaki á langböndum og timburgólfi, 6,3 m að lengd, 4,5 m á breidd og 2 m að vegg hæð. Húsið var óskipt og í því gufuketill. Stóð það fram



yfir 1950, en um þessa starfsemi sjást engin ummerki lengur. Þar nærri er þó gamall fiskreitir (59A).<sup>221</sup>

*Lengst til vinstri er Lifrabræðslan, þá gamla Íshúsið og Ísgeymsluhúsið, en lengst til hægri er Sigfúsarhús með fiskipalli framan við. Myndasafn Ásdísar Þórðardóttur.)*

Sem fyrr segir stendur fiskverkunarhúsið *Naustavogur* á lóðinni, sem telst 750 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið er einnar hæðar og

143,2 m<sup>2</sup> að grunnfleti, stálgrind á steypum sökklí og klædd hvíthúðuðu jární. Á því er lágrest blámálað mænispak, klætt bárujární. Eldri hluti hússins var byggður sem veiðarfærageymsla árið 1976 af Gunnlaugi Reimarssyni húsasmiði fyrir Ragnar Kristjánsson (1923-1984) rafveitustjóra, sem þá gerði út bátinn Hólsnes SU 42 ásamt Dagbjarti M. Jónssyni.<sup>222</sup> Árið 1984 eignaðist Kristján Ragnarsson bifvélavirki húsið, stækkaði það talsvert tveimur árum síðar og rak þar bifreiðaverkstæði í nokkur ár. Þá keypti Búlandshreppur húsið og nýtti það sem áhaldahús til ársins 1993, er iðnfyrirtækið Malland hf. keypti húsið fyrir

<sup>218</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942.

<sup>219</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 13-14.

<sup>220</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 21.

<sup>221</sup> ÞÍ. Fasteignamat 1942; Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 22 og 54.

<sup>222</sup> Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)); Skjalasafn Djúpavogshrepps (ódagsett umsókn); Ólafur Áki Ragnarsson (munnleg frásögn).

starfsemi sína. Frá 1998 hefur húsið verið í eigu Jóhanns Þórissonar útgerðarmanns, sem nýtt hefur það til fiskverkunar, beitningar og geymslu veiðarfæra.<sup>223</sup>



*Flugsýn yfir lóðirnar nyrst við Vogaland. Neðst eru steinhlaðnir grunnar Sigfúsarhúsa og Íshúsklettur handan götunnar, en utan við hann stóðu fyrrum íshús Örum & Wulffs. Ofar á myndinni er húsið Naustavogur ásamt geymsluporti, framan við Vogshúsið, en efst til vinstri sér í bláhornið á Trítón. (Ljós. Andrés Skúlason.)*

Staðsetning hússins á sínum tíma tók mið af þeim hugmyndum, sem þá voru á baugi um uppbyggingu hafnsækinnar starfsemi umhverfis Djúpavog og að iðnaðarhúsa hverfi yrði staðsett á þessum slóðum við austanverðan voginn, eins og sjá má á skipulagstillögum frá

þessum árum. Stærð Naustavogs fellur vel að umhverfinu og er ásýnd hússins viðunandi miðað við notkun og tilgang þess. Há girðing í hvítum lit er framan við húsið og felur að mestu það úthald, sem starfsemin krefst.

#### 4.4.9 Vogshúsið -Vogaland 5

Norðaustan við Naustavog stendur húsið *Vogur* eða *Vogshúsið* á 2.320 m<sup>2</sup> lóð. Byggingin, sem er um 500 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 2.018 m<sup>3</sup>, er portbyggt stálgrindarhús, smíðað af Vélsmiðjunni Héðni hf.<sup>224</sup> og klætt gulu trapizujárni. Grindin stendur á steyptum kjallara, sem grafinn er út til hálfis. Þak hússins er lágreist mænispak, klætt bárujárn.



*Suðurgafi og austurhlíð Vogshússins 2012. (Ljós. Páll Jakob Lindal.)*

Húsið *Vogur* var reist 1980 af Guðmundi Illugasyni og Einari

Ásgeirssyni sem saltfisk- og skreiðarverkun. Var bygging hússins í samræmi við þau uppbyggingaráform, sem þá voru uppi um hafnsækna starfsemi umhverfis voginn. Húsið var

<sup>223</sup> Andrés Skúlason og Ólafur Áki Ragnarsson (munnlegar frásagnir).

<sup>224</sup> Skjalasafn Djúpavogshrepps (bréf dags. 5. ágúst 1980 og 18. júní 1981).

selt útgerðarfélaginu Búlandstindi hf. 1983. Útgerðarfyrirtækið Vísir hf. í Grindavík keypti svo húsið 1998 og nýtti fyrir síldarverkun. Árið 2007 eignaðist Fiskmarkaður Djúpavogs húsið og sama ár keypti Djúpavogshreppur það í skiptum á núverandi húsnæði Fiskmarkaðs Djúpavogs.<sup>225</sup>



Nyrsti hluti verndarsvæðisins austan vogsins. Vogshúsið fyrir miðri mynd, Trítón á vinstri hlið og Naustavogur beint fyrir framan. Sólvangur er til hægri. (Ljós. Andrés Skúlason, 2015).

Húsið er mjög áberandi við voginn og fellur ekki vel að umhverfi sínu hvað umfang, útlit, byggingarefni og liti áhrærir. Nálægð hússins við Trítón hefur einnig áhrif. Viðhaldi á Vogshúsinu hefur lítið verið sinnt og er ástand þess fremur slæmt. Um nokkurt skeið hafa

verið uppi hugmyndir um að nýta steiptan grunn hússins fyrir „Ríkarðshús“, þ.e. nýtt menningarhús á Djúpavogi. Hefur TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur unnið hugmyndir að slíku húsi í samstarfi við afkomendur Ríkarðs Jónssonar myndskera og fulltrúa Djúpavogshrepps. Hvort þær hugmyndir verða að veruleika mun framtíðin leiða í ljós.

#### 4.4.10 Trítón – Vogaland 7

Húsið *Trítón* (60) stendur nyrst á verndarsvæðinu við austanverðan voginn. Það var byggt á árinum 1923-1924 af Norðmanninum Karl Johan *Tanke* Hjemgaard (1872-1961), sem var kaupmaður og útgerðarmaður á Seyðisfirði á árunum 1921-1931. Fullt nafn hússins var



reyndar *Handels- og Fiskestationen Triton* samkvæmt virðingargjörð, sem gerð var á því nýbyggðu 26. febrúar 1924, og yfirlýsingu Hjemgaards skömmu síðar, þar sem hann tilkynnti að auk sín væri húsið í eigu Selmu Emelie eiginkonu sinnar og Alfreds sonar þeirra.<sup>226</sup>

*Útgerðarstöð Hjemgaards í Trítón var ein af þremur viðlegustöðvum, sem starfræktar voru við austanverðan voginn frá um 1923. Myndin var tekin um 1935, en þá var Trítón ekki lengur í eigu Hjemgaards. (Ljós. Elisabeth Sonnenfeld. Myndasafn Nömmu Þórhallsdóttur - myndhluti.)*

Skv. leigusamningi, sem Hjemgaard og Ólafur Thorlacius, héraðslæknir á

<sup>225</sup> Andrés Skúlason (munnleg frásögn).

<sup>226</sup> Ingimar Sveinsson (1989), s. 189.

Búlandsnesi, gerðu með sér um lóðina árið 1923, var hún sögð liggja „fram með sjónum austanvert við Djúpavog (höfnina) frá svonefndri Brandsvík, ca. 80 metra til suðurs, breiddin ca. 30 metrar“. Núverandi lóð reiknast annars 900 m<sup>2</sup>.<sup>227</sup> Húsið var byggt í fjöruborðinu og er tvílyft steinhús á steypum kjallara, 15×11 m að gólfleti. Skv. fasteignamati 1930 var húsið í eigu útibús Íslandsbankans á Seyðisfirði, sem líklega eignaðist það árið áður (sjá síðar). Um



húsið sagði þar meðal annars: „Húseign þessi var reist í þeim tilgangi að reka fiskiveiðar á vélbátum frá stöðinni, en vegna breyttra fiskigangna hefir stöðin staðið ónotuð í 2 ár.“

*Trítón í upphaflegri mynd með langri trébryggju út frá vesturhlíð, en norðan við húsið eru Lífrarbræðsluhús og Beitingarskúr. (Myndasafn Nönnu Þórhallsdóttur – myndhluti.)*

Árin 1916-1921 gerði Tanke Hjemgaard út frá Bakkafirði og átti þá meðal annars tvö gufuskip, sem þar voru skráð, þ.e. Rjukan (253 br.tn.) og Triton (567 br.tn.). Á stríðsárunum voru þessi skip mikið í flutningum með ströndum fram og á milli landa<sup>228</sup> og græddist Hjemgaard mikið fé á þeim siglingum. Útgerðarstöðin Trítón á Djúpavogi bar nafn þessa gufuskip, en frá útvegi Hjemgaards þar segir m.a. í þessari frásögn:



*Húsið Trítón árið 1947, - rúíð þaki og öðru timburverki, - skömmu áður en það var endurbyggt. Lágreista timburhúsið, næst innan við Trítón, er Lífrarbræðsla kaupfélagsins, sem byggð var 1933. (Myndasafn Más Karlssonar – myndhluti.)*

Bátar af austari fjörðunum, frá Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði og jafnvel Seyðisfirði réru þaðan [þ.e. Djúpavogi] á vetrum. Útgerðarmenn að austan reistu bryggjur, bryggjuhús, og íveruhús fyrir skipshafnirnar. Norskur styrjaldar-milljónamæringur, Hjemgaard, sem græddi fé á vöruflutningaskipi á stríðsárunum, en tapaði því fljótlega aftur, byggði stórt steinhús á klöppunum sunnan við voginn, og nefndi það Triton eftir skipinu, sem hann græddi einu sinni á. Hann átti lítinn mótorbát, sem hann nefndi einnig Triton, annaðhvort eftir húsinu, sem hét eftir skipinu, eða eftir skipinu sjálfu, enda skiptir það ekki miklu máli. En svo kom kreppan og fiskleysisárin. Það er merkilegt, að þessi litli fiskur, sem veiddist, skyldi ekki halda verði. En hann varð ýmist sama og verðlaus eða óseljanlegur, og það mun hafa haldist í hendur, að Norðmaðurinn Hjemgaard, sem var hinn mesti útlendingur og ævintýramaður í augum allra

<sup>227</sup> Skjalasafn Djúpavogshrepps (grunnleigusamningur dags. 24. nóv. 1923).

<sup>228</sup> Einar Vilhjálmsson (1992), s. 11.

krakka á Djúpavogi, flutti burtu, og útgerð þilfarsbátanna hætti að bera sig. Bátarnir voru seldir, eða þeim lagt upp í fjöru og litlu sparneytnu trillurnar komu í staðinn.<sup>229</sup>

Í þessari frásögn eru nefndir til sögu sem einn maður feðgarnir Tanke og Alfred Cornelius Hjemgaard (1896-1994), sem tók við verslun og útgerð föður síns á Seyðisfirði árið 1925, þegar hann fluttist til Haugasunds í Noregi. Rekstur verstöðvarinnar Trítóns var því á hendi Alfreds þessi ár og þangað fluttist hann árið 1928 og bjó í húsinu til næsta árs með eiginkonu sinni, Berthu Hjemgaard, f. Oftedal (1903-1983), kornungri dóttur og bróður, William



Hjemgaard. Í húsinu bjó þá einnig Jens Ág. Jóhannesson héraðslæknir, sem þjónaði Djúpavogshéraði 1928-1929.<sup>230</sup> Vorið 1929 fluttist Alfred Hjemgaard „útgjörðarmaður“ frá Djúpavogi til Hríseyjar og sama ár voru húseignir hans á Seyðisfirði og Djúpavogi seldar við opinbert uppboð. Varð Trítón þá eign útibús Íslandsbanka á Seyðisfirði.<sup>231</sup>

*Myndin var tekin 1952, þegar Trítón hafði verið endurbyggð. Friðgeirs- og Sigfúsarhús standa neðan vegar, en Sólvangur fyrir ofan. (Myndasafn Alberts Geirssonar – myndhluti.)*



Skv. fasteignamati 1930 var Trítón talið „fullgert“ hús árið 1925 og „reist í þeim tilgangi að reka fiskiveiðar á vélbátum frá stöðinni“, en hafði þá vegna breyttra fiskigangna staðið ónotuð í tvö ár.<sup>232</sup> Húsið er í reynd tvílyft steinsteypuhús með rishæð og tiltölulega háu mænispaki (30° þakhalla), en í fasteignamatinu 1930 var því lýst sem steinsteyptri byggingu á einni hæð með háu risi og kjallara undir öllu húsinu. Það var 15 m að lengd og 11 m á breidd, en veggshæð frá kjallara 2,5 m, rishæð 3 m og grunnhæð (kjallari) 2 m.

*Horft af Hafnarbyggjunni yfir að Trítón. Vinstra megin við húsið eru leifar lifrarbræðsluhúss Hjemgaards og til hægri er húsið Höfði (byggt 1953). (Myndasafn Guðrúnar Aradóttur.)*

Í kjallaranum, sem í reynd var jarðhæð hússins, var steinsteypt gólf og tvö skilrúm, þakið úr tré og járnvarið, en gólf milli hæða og öll

<sup>229</sup> *Útvarpstíðindi* 12. árg., 10. tbl. 1949, s. 221-223.

<sup>230</sup> *ÞÍ*. Prestþjónustubók Dvergasteinssóknar 1885-1928; *ÞÍ*. Sálnaregistur Hofsprestakalls 1917-1936. Tanke rak síðar nótabörkunarstöð á Akureyri 1931-1935 og á Siglufirði frá 1935, en bjó sennilega lengstum í Haugasundi og lést þar.

<sup>231</sup> Elfa Hlín Pétursdóttir (2004), s. 11; *ÞÍ*. Fasteignamat 1930; *ÞÍ*. Prestþjónustubók Hofsprestakalls 1899-1929.

<sup>232</sup> *ÞÍ*. Fasteignamat 1930.



skilrúm úr tré. Húsið var að sögn notað sem sjómannaíbúð, þ.e. verbúð fyrir viðlegusjómenn. Á aðalhæð voru 8 herbergi og gangur, en í rishæð 6 herbergi og gangur. Í húsinu voru ofnar í flestum íbúðarherbergjum, ein eldavél og tveir reykháfar. Meðfram vesturhlið hússins var „fiskipallur“ úr tré og út frá honum 126 metra „hafskipabryggja“ úr tré (60A).<sup>233</sup>

Ljóst er af gömlum ljósmyndum af vesturhlið og suðurgafli hússins, að upphaflegt svipmót þess var talsvert annað en nú. Eru þó ekki þekktar gamlar myndir af austurhlið og norðurstafni



hússins. Sýnt er, að kvistur var á vesturhlið þess og gluggasetning önnur en nú. Að vestanverðu voru fjórir gluggar á efri hæð og jafnmargir niðri, auk útidyra á miðjum vegg, þar sem gengið var inn í húsið af „fiskipalli“. Tveir gluggar voru á sinn hvorum hús-gafli, sem veittu birtu inn á risloftið. Gengið var inn á aðra hæð um tröppur á suðurhlið, þar sem dyr voru fyrir miðju og gluggi til beggja hliða. Sama skipan var á neðri hæð (kjallara), en gluggaopin nokkru minni.<sup>234</sup>

*Trítón í mars 1977. (Myndasafn Óla Björgvinssonar – myndhluti.)*

Trépallur var samsíða norðvesturhlið Trítóns og löng trébryggja (60A) fram af honum út í voginn. Tvö stakstæð hús tilheyrðu einnig útvegi Hjemgaaards. Þau stóðu skammt norðan við Trítón og var lýst í fasteignamati 1930. Annað þeirra var Lifrarbæðsluhús (61), steinsteypt hús með járnvörðu timburpaki, 6×4×2 m að stærð. Hitt húsið var Beitningaskúr (62) úr timbri og klætt pappa, 7×6×2 m að stærð.<sup>235</sup> Um afdrif þeirra verður ekki fullyrt, en þeirra var ekki



getið í fasteignamati 1940 fremur en aðalhússins. Kann því að vera, þá hafi verið búið að farga þessum húsum eða taka úr þeim allt nýtilegt tréverk, eins og reyndin varð með Trítón. Tóft annars þeirra er þó vel greinanleg á loftmynd, sem tekin var af Djúpavogi 1957.

*Trítón sumarið 2013, - vesturhlið og suðurgafli. (Ljósm. Páll Jakob Línadal.)*



*Norðurgafli og austurhlið Trítóns 2013. (Ljósm. Páll Jakob Línadal.)*

Samkvæmt sálmregistri og manntali bjuggu ekki aðrir en viðlegusjómenn í Trítón frá því að Alfred og fjölskylda hans, ásamt Jens lækni, fluttu úr húsinu sumarið 1929. Tveimur árum síðar varð sú breyting á, að húsið var leigt út til íbúðar fyrir fjölskyldufólk. Á árabílinu 1931-1939 bjuggu þar þrenn hjón með börnum sínum: Ragnar Kristjánsson og Lovísa Lúðvíksdóttir árið 1931-1932, Sigurgeir Stefánsson og Guðrún Björg Bjarnadóttir (síðar í Borgargarði) árin 1932-1935 og Jón Sigurðsson og Ragnhildur Antoníusardóttir (áður á Hlíðarenda og síðar í Bjarka) árin 1937-1939. Húsið stóð autt frá 1935 til 1937, en auk áður nefndra hjóna bjuggu þessir einstaklingar í húsinu: Guðjón Brynjólfsson (1934-1935), Ívar Halldórsson, trésmiður og beykir, og Kristófer Eiríksson (1937-1938).

Að sögn eignuðust eskfirskir útvegsmenn húsið og keyptu þeir það trúlega af útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði skömmu eftir 1930. Þeir nýttu húsið sem verbúð, auk þess sem fiskvinnsla var á neðri hæð þess. Þegar þeir hættu starfsemi í húsinu og útgerð á Djúpavogi „tóku þeir allt tréverk úr húsinu, því þá var timbur verðmætt efni“.<sup>236</sup> Væntanlega fóru þau niðurrif fram í kjölfar þess að Jón og Ragnhildur fluttu úr húsinu sumarið 1939, því að í fasteignaúttekt, sem gerð var árið eftir, var Trítóns ekki getið. Stóð þá sennilega steintóftin ein eftir og var þess vegna álitin verðlaus fasteign. Í því ástandi var húsið til ársins 1947, er Kaupfélag Berufjarðar eignaðist tóftina, þaklausa og án alls tréverks. „Lét kaupfélagið setja þak með breyttum þakhalla og milliloft í húsið og nýtti það með ýmsum hætti, svo sem saltgeymslu, en aðallega þó sem veiðarfærageymslu og sem aðstöðu til að fella net.“<sup>237</sup>



*Trítón er byggt í einföldum pakkhússtíl og nýtur sín einkar vel í fögru umhverfi við austanverðan voginn. (Ljósmynd. Andrés Skúlason.)*

Ýmsar breytingar voru gerðar á húsinu við endurbyggingu þess árið 1947, eins og samanburður á eldri og yngri ljósmyndum sýnir. Steypt var upp í allmarga glugga á báðum

<sup>236</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 27.

<sup>237</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 27. Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is](http://www.skra.is)) er byggingarár Trítóns þó skráð 1949 og miðast það við endurbyggingu hússins.

hæðum, dyr á vesturhlið og efri hæð á suðurgafli, en húsið síðan múrsléttað og málað hvítt. Aðgengi á neðri hæð hélst áfram um dyr á suðurgafli og aðalinngangur á efri hæð um dyr á austurhlið, þar sem líklega höfðu einnig verið dyr upphaflega. Á norðurgafli eru nú ennfremur stórar vörudyr, sem ólíklega voru þar upphaflega. Steypt var ofan á hliðarveggi og dregið úr þakhalla, auk þess sem gafflantar voru steyptir upp fyrir þakbrún. Árið 1994 voru suðurgafli og austur- og vesturhliðar klæddar tjargaðri timburklæðningu, jafnframt því að þakjárn var endurnýjað og þakkantar klæddir. Verkið unnu húseigendur og Víglundur Möller Sívertsen húsasmiður.<sup>238</sup>

Um 1980 eignaðist fyrirtækið Vogur hf. húsið, en eigendur þess voru Guðmundur Illugason og Einar Ásgeirsson. Þeir nýttu húsið um næstu ár til geymslu veiðarfæra, netagerðar og beitningar. Frá árinu 1990 hefur Trítón verið í eigu Emils Karlssonar, Elísabetar Guðmundsdóttur, Jóns Karlssonar og Jónínu Guðmundsdóttur, sem einkum hafa notað húsið sem geymslu.<sup>239</sup>

Skv. varðveislumati *Húsakönnunar 2014* er varðveislugildi Trítóns mikið, bæði sökum staðsetningar, upprunaleika og þokkalegs ástands. Húsið stendur nánast í fjöruborðinu og fellur einkar vel að fögru umhverfi. Það þarfnast þó talsverðs viðhalds, s.s. á sökkli, og endurgerðar að innan sem utan. Þess vegna er lagt til að þetta einstæða hús verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (rauðum verndarflokki).<sup>240</sup>

---

<sup>238</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 28.

<sup>239</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 27.

<sup>240</sup> *Húsakönnun [...] 2014*, s. 28.



**DJÚPIVOGUR - 1984**

## 5. Mat á varðveislugildi byggðar

Í köflum 2. – 4. hér að framan er gefin ýtarleg lýsing á verndarsvæðinu, þ.e. staðfræði og svipmóti þess, náttúrfarslegum sérkennum, sögu og þróun byggðar allt frá 16. öld, fornleifum og minjastöðum, friðuðum og varðveisluverðum húsum og öðrum mannvirkjum. Í þessum kafla eru teknir saman þræðir með áherslu á þá meginþætti, sem þyngst vega í mati á varðveislugildi svæðisins.

### 5.1 Greining á svipmóti svæðisins

Verndarsvæðið er 7,5 ha landspilda og myndar megin kjarnann í miðsvæði kaupsins, sem nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Um er að ræða 60-150 m breiða skák, sem fylgir fjöruborði við voginn og liggur meðfram austurströnd hans utan frá Brandsvík og suður á norðurenda Brennicketts, þaðan til suðvesturs og inn fyrir samfastan klettahrygg (Hlíðarhús- og Hlíðarendakletta) og gömlu Djúpavogskirkju, en síðan til norðurs meðfram götunni Búlandi og út fyrir hin aldagömlu verslunarhús á vesturströnd vogsins.



Útlínur verndarsvæðis við voginn, - eru í rauðum lit.

Meðal áberandi landslagseinkenna er tiltölulega lítt röskuð strönd vogsins með stórgrýttri fjöru að austanverðu. Þar hefur hún haldist nánast óspillt af landfyllingum og tilsvarende jarðraski. Fjaran varðveitir því ennþá grjóthlaðna sjóhúsagrunna og aðrar mannvirkjaleifar frá fyrri hluta síðustu aldar. Slíkt samspil óraskaðrar fjöru og gamalla útvegsminja hefur bæði sjónræna og menningarsögulega þýðingu fyrir ásýnd svæðisins, enda sjaldgæft fyrirbæri í gamalgrónum þéttbýliskjarna. Fyrir botni vogsins er óröskuð sandfjara, en breytingar hafa orðið á sjávarkambinum vegna gatnaframkvæmda og grunnar sjóhúsa, sem þar stóðu fyrrum, eru horfnir. Mestar breytingar hafa orðið vestan vogsins og er öll landspildan frá botni vogsins

út á svonefndan Fiskimannatanga gjörbreytt og mestanpart manngerð vegna landfyllinga, bygginga- og hafnarframkvæmda.



*Horft norður Bakka frá Brennikleiti. (Ljós. Páll Jakob Líndal, 2014)*

Önnur sérstæð landslagsform á verndarsvæðinu eru hraunásar, klapparhryggir og kambur, sem einkenna svæðið í ríkum mæli. Fyrir botni vogsins rísa Hlíðarendaklettur og Brennikleitur, sem mynda, – ásamt Bóndavörðuhrauni við austurjaðar svæðisins, – einkar ákjósanlega útsýnisstaði og sjónása

yfir allt verndarsvæðið og nánasta umhverfi. Undir klettunum ofan við voginn eru ennfremur óbyggð svæði með fjölda búsetuminja frá grashúsabyggð fyrri tíma og þar hefur einnig verið komið fyrir tjaldsvæði kaupsins á smekklegan hátt. Af tanganum við Brandsvík er sömuleiðis gott útsýni suður yfir voginn og verndarsvæðið.

Að öðru leyti markast svipmót verndarsvæðisins af húsbyggingum frá ólíkum tímaseiðum með tilheyrandi gatnagerð. Mismunandi húsagerðir gefa mynd af löngu þróunarferli sjávarþorps, jafnframt því sem fjöldi fornleifa og ritheimilda vitnar um horfinn húsakost og umbreytingar, sem orðið hafa á byggðinni í tímans rás. Markverðust þeirra sem enn standa eru átta hús, sem byggð voru fyrir 1931 og njóta ýmist friðunar eða þykja varðveisluverð vegna menningarsögulegs gildis.

Staðhættir og náttúra á Djúpavogi skapa því mjög sterkan ramma utan um verndarsvæðið og gefa gestum og gangandi glögga mynd af umhverfi og staðarvali fyrstu byggðar við voginn. Segja má að byggingararfleið staðarins markist annars vegar af byggðarþróun fyrir tíma iðnvæðingarinnar og hins vegar af breyttum hugsunarhætti samhliða aukinni vélvæðingu. Fram á 20. öld var byggingum valinn staður í fullkomnum takti við umhverfi sitt, staðhætti, veðráttu og hlutverk, enda var slíkt frumforsenda uppbyggingar á þeim tíma. Sömuleiðis þróuðust götur og gönguslóðar út frá hagnýtum forsendum. Grunnstef byggðarinnar við voginn gefur því afar sannfærandi mynd af samspili manns og náttúru á svæðinu. Miklar tækniframfarir og nýjar áherslur í arkitektúr og skipulagi á 20. öld í hinum vestræna heimi opnuðu hins vegar ný tækifæri og innleiddu nýja hugsun og áherslur.<sup>241</sup> Eins og víða á landi, fór uppbygging við voginn ekki varhluta af þeirri þróun og á síðari hluta aldarinnar varð hún öll stærri í sniðum en áður hafði tíðkast og síður í samræmi við umhverfið. Tilfinningin fyrir uppbyggingu í smáum skala dvínaði og hlutföll byggðar tóku að riðlast. Afsprengi þessa er að

<sup>241</sup> Bjarni Reynarsson (2014). *Borgir og borgarskipulag. Þróun borga á Vesturlöndum, Kaupmannahöfn og Reykjavík*. Skrudda; Jan Gehl (2010). *Cities for People*. Washington: University Press.

hluta til stórgerð mannvirki sem taka mikið til sín og aukið vægi umferðarmannvirkja, sem oft taka takmarkað tillit til eldri byggðar.

### 5.1.1 Verndarsvæðið vestan vogsins

Í gegnum tíðina hefur svæðið vestan vogsins myndað samstæða heild, líkt og kemur fram í kafla 4.2. Uppbygging og þróun gatnakerfis á síðustu áratugum hefur þó orðið til þess að kljúfa heildina þannig að gömlu verslunarhúsin standa nokkuð einangruð á öðrum hluta hennar en á hinum hlutanum er gatan Bakki og þau mannvirki sem við götuna standa. Þar sem svipmót og hlutverk þessara svæða er frábrugðið, er í eftirfarandi umfjöllun miðað við þessa skiptingu.

#### 5.1.1.1 Gömlu verslunarhúsin

Merkasti byggingararfur Djúpavogs eru tvímælalaust gömlu verslunarhúsin Langabúð og Faktorshús, sem byggð voru á 18. og 19. öld í hjarta byggðarinnar, þar sem verslunarsaga Djúpavogs teygir rætur sína aftur til 16. aldar. Skipan þeirra í umhverfi sínu tekur mið af því að áður voru þau hluti af húsabyrpingu sem samanstóð af fjórum húsum og á milli þeirra var port eða inngarður (sbr. kafla 4.2.1). Tengja má uppbygginguna við þróun byggingarlistar og borgarskipulags á meginlandi Evrópu þar sem Empírstíllinn réð ríkjum allt fram á síðari hluta 19. aldar. Þar var áhersla lögð á hreinar götumyndir og reiti, og húsin því iðulega staðsett nærri götunni. Langhliðum húsa var snúið að götu og inn á milli mynduðust port sem gáfu meira næði.

Hin formfögru og stílhreinu hús eru í hópi elstu timburhúsa landsins. Eins og áður segir var Langabúð endurgerð fyrir aldamót og endurgerð Faktorshúss stendur nú yfir. Samhliða endurgerð þeirra hefur þeim verið búin smekklegr umgjörð, þar sem talsvert viðamiklar grjóthleðslur fella byggingarnar inn í umhverfi sitt. Langabúð hefur um langt skeið gegnt hlutverki menningar- og þjónustumiðstöðvar heimafólks og ferðamanna og mun Faktorshús


jafnframt gegna mikilvægu hlutverki þegar endurgerð þess lýkur.

*Gömlu verslunarhúsin ásamt smábátabyggjunni (Teikning: Argos, 2015)*

Framundan húsunum er smábátabyggjan og iðandi athafnalíf, eins og vera ber í sjávarþorpi. Vettvangskönnun sem gerð var árið 2012 sýndi að gömlu verslunarhúsin eru helsti segull ferðamanna við voginn. Slíkt kemur vart á

óvart, því að saman myndar þessi torfa ásamt bryggjunni mjög sterka og aðlaðandi heild.

Töluvert er um skráðar minjar á þessu afmarkaða svæði og eru þær allar horfnar að gömlu verslunarhúsunum undanskildum.



### 5.1.1.2 Bakki

Snertispöl sunnar, handan götunnar Búðar og við götuna Bakka, er húsið Geysir (frá 1898), tvílyft timburhús í einföldum alþýðustíl, sem upphaflega var byggt sem hótél, en þjónaði lengst af síðustu öld sem símstöð, póstafréiðsla og fjölbýlt íbúðarhús uns það var friðað og endurbyggt sem ráðhús Djúpavogshrepps og tekið í notkun 2001. Með því var undirstrikuð sú áhersla, sem lögð hefur verið á þennan hluta verndarsvæðisins sem meginkjarna byggðarinnar.



Bakki. Veggurinn og Bakkabúð fremst á mynd, en Geysir og Sætún handan götunnar. (Ljós. Andrés Skúlason, 2015).

Með endurgerð Geysis hefur svipmót svæðisins verið styrkt á torfunni vestan Bakka og gefa lóðir Geysis og Sætúns möguleika á bættri ásýnd og uppbyggingu í anda verndarstefnunnar. Stórtækar seinni tíma framkvæmdir vegna uppbyggingar bensínstöðvar og bílaþvottaplans austan við götuna á svokölluðum Kallabakka rýra svipmót svæðisins með áhrifamestum hætti, ásamt grjóttgarði undir bakkanum. Hlutverk þessara mannvirkja heyrir nú sögunni til, en í stað

þess er starfrækt þar minjagripa- og gjafavöruverslun.

*Bílar á Bakka á sumardeg. (Ljós. Páll Jakob Línal, 2014)*



Mannvirkið í heild sinni og staðsetning þess í þorpssmyndinni er skýrt dæmi um ríkjandi hugmyndir um uppbyggingu á síðari hluta 20. aldar, þegar ný

tækni, aðferðir og áherslur ruddu sér til rúms með stórtækari hætti en áður þekktist. Þegar lítið er til skipulagshugmynda á Djúpavogi frá 8. áratug síðustu aldar (sjá kafla 1) má sjá, að mannvirkjagerðin var í góðu samræmi við ríkjandi viðhorf og stefnu. Jafnframt er mannvirkið



góður fulltrúi staðlaðra hönnunarlausna sem ríktu við uppbyggingu bensínstöðva á þessum tíma, mannvirkja sem eitt sinn mátti sjá víða um land, en hafa nú ört tapað tölunni, jafnvel svo að þau teljast nú fágæt.

Ljóst er, að svæðið er afar frábrugðið upprunalegri mynd sinni. Engu að síður hefur svæðið ótvírætt gildi í sögulegu samhengi líkt og rakið hefur verið hér að ofan. Ennfremur er það miðpunktur þéttbýlisins þar sem þungi umferðar er hvað mestur. Núverandi mannvirki gefur svigrúm til að skapa aðlaðandi og áhugavert umhverfi með gott útsýni yfir höfnina og



Berufjörð. Staðsetning ráðhúss og starfsemi Bakkabúðar styrkja svæðið og nálægð við aðra verslun og þjónustu.

*Horft yfir Djúpavogshöfn frá þvottaplaninu við Bakka. (Ljós. Páll Jakob Línadal, 2017)*

Undir Kallabakka er áberandi landfylling, sem spillir náttúrulegu formi

og ásýnd vogsins með stórskornum hætti. Hún er nýtt sem gönguleið frá Vogalandi að hafnarsvæðinu. Utan á henni er uppsátur fyrir smábáta með stórgrýti á báða vegu og úr öllu samhengi við hina náttúrulegu umgjörð við voginn.

Töluvert er um skráðar minjar á þessu svæði, en þær eru horfnar að Geysi undanskildum.



### 5.1.2 Verndarsvæðið sunnan vogsins

Segja má að svæðið sunnan við voginn sé samsett af þremur svæðum, þ.e. Kirkjuarnum, lægðinni við Miðhús og svæðinu framan undir Brennikleppi. Svæðin eru landfræðilega aðgreind með berggöngum og klettum, þ.e. Hlíðarhús- og Hlíðarendaklettum og Brennikleppi. Eins og rakið er í kafla 4.3 hefur þróun byggðar á svæðinu verið með ólíkum hætti og

hlutverk þeirra frábrugðið. Í eftirfarandi umfjöllun er því greint á milli þessara svæða.

*Húsaþyrpingin á Kirkjuarnum séð úr lofti 1987 og 2014. Kjörbúðin efst til hægri, gatan Búland ofar vinstra megin og gatan Steinar neðar til vinstri. (Ljós. Loftmyndir 2014; Landmælingar Íslands, 1987)*



#### 5.1.2.1 Kirkjuaur

Húsin þrjú á Kirkjuarnum, Dalir, Djúpavogskirkja eldri og Presthúsið mynda sterka heild syðst á verndarsvæðinu. Falleg afstaða milli húsanna myndar áhugavert og aðlaðandi rými, þannig að segja má að þyrpingin myndi afmarkaðan kjarna. Íbúðarhúsin tvö

eru í þrýðilegu ásigkomulagi og er nú unnið að endurgerð gömlu kirkjunnar, líkt og greint er frá í kafla 4.3. Þegar því verki lýkur, mun það styrkja mjög heildarsvipmót þessa svæðis.

Lengi vel var húsabyrpingin römmuð af með grindverkum og/eða gróðri, en brotthvarf þess hefur leitt til þess að mörk svæðsins eru óskýr og renna saman við bílplanið að norðaustanverðu kringum Kjörbúðina og til norðvesturs saman við götuna Búland, sem er aðalaðkomuleiðin í kaupúnið. Fáar minjar eru á svæðinu og eru þær allar horfnar.

### 5.1.2.2 Hlíðarhús- og Hlíðarendaklettur

Minjar frá Hlíðarhúsi standa tiltölulega lítt raskaðar undir klettunum syðst á verndarsvæðinu og tóftir útihúsa frá Hlíðarenda standa norðarlega á Hlíðarendakletti. Mestu breytingar á svæðinu eru tilkomnar vegna umferðar fólks, en gönguslóði er milli Kjörbúðarinnar og tjaldsvæðis í Mensaldurssundi, sem orðið hefur til í áranna rás. Þá er svæðið vinsælt til útivistar.



Horft frá Brennikleppi yfir á Hlíðarhús- og Hlíðarendakletta. Rétt vinstra megin við miðja mynd má sjá móta fyrir göngufólki á gönguslóða í Mensaldurssundi. Miðhús, sem nú eru hjónustuhús fyrir tjaldsvæðið, er lengst til hægri. (Ljós. Páll Jakob Línal, 2017).

### 5.1.2.3 Svæðið milli klettanna

Gegnum tíðina hafa töluvert miklar breytingar orðið í lægðinni við Miðhús milli Hlíðarhús-/Hlíðarendakletta og Brenniklepps. Svæðið er mjög aðlaðandi og skýrt afmarkað til beggja handa og þaðan er víðsýnt til allra átta, sérstaklega af Brennikleppi.

Nyrst á svæðinu er nú þrífalegt og aðlaðandi tjaldsvæði með fallegu útsýni til norðausturs yfir Djúpavogshöfn og yfir á Berufjarðarströnd. Innan svæðisins eru horfnar flestar minjar, sem tilheyrðu gömlu býlunum. Íbúðarhúsið á Miðhúsum er nýtt sem aðstöðuhús fyrir tjaldsvæðið og er því vel við haldið. Sunnar á svæðinu, við útmörk núverandi tjaldsvæðis, tekur við tiltölulega lítt röskuð náttúra og menningarlandslag með áhugaverðum minjum.

### 5.1.2.4 Brennikleppur

Brennikleppur er einn vinsælasti útsýnisstaðurinn á Djúpavogi. Ber náttúra svæðisins nokkur merki þess, en nálægð hans við tjaldsvæðið hefur ýtt undir myndun nokkurra hentislóða upp á klettinn. Minjar á klettinum eru lítið raskaðar og eru fornar gönguleiðir upp á klettinn að norðan og austanverðu mikið nýttar.



Forn gönguleið um Brennikleppi. (Ljós. Páll Jakob Línal, 2017)

### 5.1.2.5 Svæðið undir Brennikleppi

Mikil breyting hefur orðið á byggðinni fyrir botni vogsins frá þeim tíma, að þar stóðu verslunarhús svonefnds Suðurkaupstaðar, sem byggð voru 1862. Menjar þeirra og samkomuhússins Neista (frá 1924) eru horfnar af yfirborði, sem og helstu ummerki smábýlanna undir Brennikleppi. Þó stendur ennþá húsið Bjarg á sínum stað. Gamlar gönguleiðir um Brennikleppi eru greinanlegar auk annarra minja.

Frá náttúrunnar hendi er svipmót svæðisins áhugavert, þar sem Brennikleppur rís tiltölulega bratt upp af sjávarkambinum fyrir botni vogsins. Verslunar- og veitingahúsið Við Voginn og bílastæði umhverfis eru töluvert áberandi. Snyrtilegur frágangur lands og góð umgengni bæta ásýndina mikið auk þess sem breytingar á undanförunum árum hafa verið til þess fallnar að aðlaga húsið betur að umhverfinu. Starfsemin í húsinu er afar mikilvæg fyrir samfélagið á Djúpavogi og er húsið samkomustaður íbúa í amstri dagsins. Jafnframt dregur starfsemin að sér fjölda gesta, sem sækja Djúpavog heim.



Útsýni til suður yfir byggðina undir Brennikleppi. Undir klettinum stendur verslunin Við Voginn og Bjargstún á vinstri hönd. Vesturálma Hótel Framtíðar lengst til vinstri. Fyrrum þvottaplan og Veggurinn til hægri og þar suður af í lægðinni standa Miðhús. (Ljós. Andrés Skúlason, 2015.)

Austur undir Brennikleppi er Bjargstún, lítið eitt hallandi og rennislétt yfirferðar. Tenging við náttúru er á margan hátt sterk og svæðið fallett ásýndar. Sem svæði í miðbæjarkjarna er það þó tómlegt á að líta og lítið nýtt. Á vissan hátt rýfur það samfellda götummynd og heildarsamhengi byggðarinnar. Niður undan Bjargstúni, handan Vogalands, tekur við nokkuð hár sjávar kambur og þar fyrir neðan álitleg fjara. Aðgengi niður í fjöruna er nokkuð erfitt og aðdráttarafl hennar því minna en ella.

### 5.1.3 Verndarsvæðið austan vogsins

Landfræðilega myndar svæðið austan vogsins samfellda heild og er núverandi hlutverk og nýting innan svæðisins ólík. Staðhættir austan við voginn eru fjölbreyttir og bjóða upp á ýmsa möguleika til uppbyggingar með tilliti til minja. Á suðurhluta svæðisins rís landið jafnt og ákveðið frá fjöru og er landrými lítið með strandlengjunni. Utar er land mun flatara og landrými meira. Gömlu byggingarnar sitja afar fallega í landinu og setja sterkan svip á byggðina við voginn. Á margan hátt er þessi hluti verndarsvæðisins óplægður akur, þar sem finna má sterk tengsl við náttúru og landslag. Í bakgrunni gnæfir hinn tignarlegi Búlandstindur yfir byggðinni og styrkir svipmót hennar. Á svæðinu austan við voginn þrengist gatan Vogaland, sem er ennþá án bundins slitlags. Vegurinn liggur frá hótelinu framhjá húsinu Sólvangi uns hann sveigir fyrir horn Íshúskletts og síðan til norðausturs að húsinu Höfða. Þar tekur við áhugaverð gönguleið út á Langatanga og Hvítusanda.

#### 5.1.3.1 Hóteltorfan

Hótel Framtíð er önnur miðstöð ferðaþjónustunnar á Djúpavogi, staðsett syðst á svæðinu fyrir botni vogsins. Húsið er tvílyft timburhús í Sveitserstíl, sem byggt var sem verslunarhús úr tilhöggnum viði frá Danmörku árið 1905. Eins og áður er getið á húsið ríkulega sögu, en þar er nú rekin hótelþjónusta. Hótelþyrpingin gegnir veigamiklu hlutverki fyrir byggðina og gamla byggingin vegur þungt fyrir svæðið. Þrátt fyrir nokkra augljósa annmarka, má almennt segja að hótelþyrpingin falli vel að umhverfi sínu og byggingarnar séu í góðum innbyrðis tengslum, þar sem Framtíðin skipar veglegan sess og fær að njóta sín. Framan við torfuna var gatan breikkuð nokkuð og var stórgryti komið fyrir í sjávarkambinum. Rýrir það nokkuð ásýnd og formfegurð vogsins á þessum stað.

#### 5.1.3.2 Ströndin og Sólvangur

Ströndin við austanverðan voginn er tiltölulega lítt röskuð frá Friðgeirsbyggju og norður í Brandsvík. Segja má, að svæðið láti fremur lítið yfir sér, en vægi þess hvað varðar sögu byggðar og atvinnu við voginn er ótvírætt. Á nyrðri enda svæðisins stendur húsið Trítón (frá 1924), tvílyft steinhús í einföldum pakkhússtíl. Það er verðugur minnisvarði um útgerðarsögu kaupsinsins á fyrri hluta 20. aldar og stendur einstaklega fallega í flæðarmálinu. Þrátt fyrir að húsið sé aðeins nýtt sem geymsla, er það eitt helsta kennileiti verndarsvæðisins með mikið aðdráttarafl og mjög vinsælt viðfangsefni ljósmyndara.

Sunnar við voginn eimir lítið af starfsemi Smelterísins frá 19. öld og útróðrastöðva þeirra þriggja austfirsku athafnamanna, sem reistu þar fiskverkunarhús með tilheyrandi sjóbúðum, trébryggjum, bræðslu- og íshúsum á fyrri hluta 20. aldar. Engu að síður mynda sjáanlegar minjar Sigfúsarbryggju/-skúra og Friðgeirsbyggju/-skúra áhugavert mótvægi við Trítón og

gefa góða mynd af samhengi þeirra mannvirkja, sem síðast stóðu á svæðinu. Báðir minjastaðirnir hafa mikið aðdráttarafl og eru vinsælir útsýnisstaðir.

Á grunni Smelterísins, fast við Vogaland, stendur húsið Sólvangur (frá 1928), prýðilegt dæmi um alþýðheimili frá fyrri hluta síðustu aldar og fellur vel að staðháttum. Brekkurnar upp af bryggjunum, umhverfis Sólvang, eru lítt raskaðar landslagsheildir, sem í bakgrunni mynda fallega umgjörð um þessi fyrrum athafnasvæði.



Verndarsvæðið austan vogsins séð frá Brennikleppi. Fremst til hægri er hóteltorfan. Ströndin og Sólvangur taka svo við og yst má sjá norðursvæðið, þar sem meðal annars standa útvegsmannvirki frá síðari tímum. (Ljósm. Páll Jakob Línadal, 2017).

### 5.1.3.3 Norðursvæðið

Sunnan við Trítón, nærri ströndinni, hefur átt sér stað allmikil uppbygging í tengslum við útgerð, sem breytt hefur ásýnd umhverfisins talsvert. Stór hús hafa verið reist innan og utan verndarsvæðisins. Sérstaklega ber þó að nefna Vogshúsið, sem er innan verndarsvæðisins. Byggingarlag þess fellur illa að Trítón, sem stendur spölkorn frá. Jafnframt hefur umhverfi húsanna þróast með fremur óskipulegum hætti í áranna rás.



Horft yfir nyrðri hluta verndarsvæðis austan við voginn. Trítón lengst til vinstri, Vogshúsið þar við hliðina. Sólvangur hægra megin við miðja mynd og smáhýsi Hótel Framtíðar lengst til hægri. (Ljósm. Andrés Skúlason, 2015)

## 5.2 Varðveislumat

Hér að framan er fjallað rækilega um þær menningarminjar, hús, mannvirki og fornleifar, sem eiga sinn þátt í að móta ásýnd verndarsvæðisins. Eitt meginmarkmið verndarsvæðis í byggð er að horfa til þess, sem mótar heildaryfirbragð byggðarinnar og samspil ólíkra þátta innan hennar. Til grundvallar mati á varðveislugildi svæðisins liggur eftirfarandi fyrir:

1. Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 og fyrri tillögur að aðalskipulagi sbr. umfjöllun í kafla 1.
2. Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014 - aukin og endurútgefin 2015.
3. Fornleifaskráning á Djúpavogi - verndarsvæði í byggð, frá 2017.
4. Ítarleg samantekt um Djúpavog og byggð innan verndarsvæðisins við voginn í köflum 2-4 hér á undan.
5. Greining á núverandi svipmóti svæðisins, sbr. kafla 5.1.

### 5.2.1 Varðveislugildi svæða, húsa og mannvirkja

Við mat á svæðinu og húsum er fylgt sömu skiptingu og í kafla 5.1, þ.e. að verndarsvæðinu er skipt upp í þrjú svæði, hverju þeirra er svo skipt upp í minni svæði og loks horft á lóðir einstakra húsa sérstaklega. Ein undantekning er frá þeirri reglu, þar sem litið er á ströndina frá uppsátri að vestanverðu að Friðgeirsbyggju að austan sem eitt svæði.

Við mat á varðveislugildi svæða, húsa og mannvirkja er beitt SAVE-aðferðafræðinni, en hún byggir á því að meta eftirfarandi fimm gildi:<sup>242</sup> Byggingarlist, listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og ástand.

---

<sup>242</sup> Sjá Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. 3 Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð, s. 11-13.

	Svæði / hús	Byggingarlist, Listraent gildi	Menningarsögulegt gildi	Umhverfisgildi	Upprunalegt gildi	Ástand	Varðveislugildi
1	Svæði vestan vogsins	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Miðlungs
1.1	Gömlu verslunarhúsin	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
1.1.1	Búð 1 - Langabúð	Einfaldur stíll Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
1.1.2	Búð 3 - Faktorshús	Dansk-íslenskur stíll Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
1.2	Bakki	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lélegt	Lágt
1.2.1	Bakki 1 - Geysir	Einfaldur alþýðustíll Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
1.2.2	Bakki 2 - Bakkabúð og þvottaplan	- Lágt	Hátt	Lágt	Hátt	Lélegt	Miðlungs
1.2.3	Bakki 3 - Sætún	Fábrotinn alþýðustíll Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Lélegt	Lágt
1.3	Strandlína, hafnarkantur og bílastæði norðan Sætúns	-	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
2	Svæði sunnan vogsins	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt
2.1	Kirkjuaur	Hátt	Hátt	Hátt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs
2.1.1	Djúpavogskirkja gamla - Steinar 1A	Hefðbundinn íslenskur tímurkirkjustíll Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt

2.1.2	Presthúsið - Steinar 1	Steinsteypt Hátt	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
2.1.3	Dalir - Steinar 3	Norskur stíll Hátt	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
2.2	Hlíðarhús- og Hlíðarendaklettur	-	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
2.3	Svæðið milli klettanna	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Lágt
2.3.1	Miðhús	Fábrotinn alþýðustíll Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
2.4	Brenniklettur	-	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
2.5	Svæðið neðan Brennikletts	Lágt	Lágt	Hátt	Lágt	Miðlungs	Lágt
2.5.1	Vogaland 2a/2b - Við Voginn	- Lágt	Miðlungs	Lágt	Lágt	Gott	Lágt
2.5.2	Hammersminni 2 - Bjarg	- Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Lágt
3	Svæði austan vogsins	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.1	Hóteltorfan						Lágt
3.1.1	Vogaland 4 - Hótel Framtíð	Hátt Sveitserstíll	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.1.2	Vogaland 4 - Viðbygging	Lágt Bjálkabygging	Lágt	Lágt	Lágt	Gott	Lágt
3.1.3	Vogaland 4 - Meyjarskemman	Miðlungs Einfaldur pakkhússtíll	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott	Miðlungs
3.2	Ströndin	-	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.1.2	Vogaland 7 – Trítón	Hátt Einfaldur pakkhússtíll	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
3.3	Vogaland 12 (lóð)	-					Miðlungs




3.3	Vogaland 12 – Sólvangur	Hátt Fábrotinn alþýðustíll	Hátt	Hátt	Hátt	Lélegt	Hátt
3.4	Norðursvæðið	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt
3.4.1	Vogaland 3 - Naustavogur	Lágt Stálgrindarhús	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt
3.4.2	Vogaland 5 - Vogur	Lágt Stálgrindarhús	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
4	Ströndin fyrir botni vogsins	Lágt	Miðlungs	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt

### 5.3 Verndarflokkar

Forsendur verndarflokka eru tvenns konar: Annars vegar er í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 að finna ákvæði um verndun húsa, mannvirkja eða leifar þeirra. Hins vegar, skv. leiðbeiningum Minjastofnunar, eru verndarflokkar skilgreindir út frá varðveislugildi húsa og mannvirkja, götumynda, húsabyrpinga og heilda og afmarkaðra reita innan verndarsvæðisins.<sup>243</sup>

#### 5.3.1 Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar

Eins og segir í fyrri köflum hefur byggð á verndarsvæðinu þróast yfir mjög langan tíma. Elsta varðveitta bygging er Langabúð, en eldri hluti hennar er frá 1764. Yngsta byggingin er viðbygging við Hótel Framtíð, sem reist var árið 1999. Þá eru fjölbreyttar minjar um búskaparhætti og útgerðarsögu.



Verndarsvæðið við voginn. Aldur bygginga.

<sup>243</sup> Sjá Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. 3 Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð, s. 14-15.

### 5.3.1.1 Hús og mannvirki

Á verndarsvæðinu eru þrjár byggingar, sem njóta friðlýsingar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Um er að ræða eftirtalin hús, sem eru auðkennd á korti með bláum lit: *Langabúð* (byggð 1764/1852), *Faktorshús* (byggt 1852) og *Djúpavogskirkja eldri* (byggð 1893). Tvö hús, *Geysir* (byggt 1898) og *Framtíð* (byggð 1905), eru friðuð skv. lögum og auðkennd á korti með fjólubláum lit. Eitt hús, *Trítón* (byggt 1924), er umsagnarskyld skv. lögum um menningaminjar. Í húsakönnun sveitarfélagsins er einnig lagt til að *Sólvangur* (byggt 1928) og *Dalir* (byggt 1930) njóti hverfisverndar í deiliskipulagi sem einstök og varðveisluverð hús.<sup>244</sup> Þessi þrjú hús eru auðkennd á korti með appelsínugulum lit.



Verndarsvæðið við voginn - hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar. Blátt = friðlýst hús; fjólublátt = friðuð hús; appelsínugult = umsagnarskyld hús.

<sup>244</sup> Húsakönnun [...] 2014, s. 126.

### 5.2.1.2 Fornleifar

Fornleifar á verndarsvæðinu voru skráðar af Kristborgu Þórsdóttur fornleifafraeðingi. Sú skráning nær til hverskyns mannvistarleifa, 100 ára og eldri, skv. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, svo og yngri minja, sem tengjast útvegi og búskaparháttum í kauptúninu fram um 1930 og teljast því ekki til fornleifa í skilningi laganna (sjá nánar kafla 1.5).

Á kortinu eru horfnar fornleifar merktar með rauðum punktum, en sýnilegar fornleifar, sem mældar hafa verið upp, eru merktar með gulum svæðum. Umhverfis friðaðar fornleifar er jafnframt dregið 15 m verndarsvæði.



Verndarsvæðið við voginn - verndarflokkar innan verndarsvæðis. Varðveisluverð hús: Dökkrautt = hús með hátt varðveislugildi; rautt = hús með miðlungs varðveislugildi; ljósrautt = hús með lágt varðveislugildi. Varðveisluverðar heildir: Dökkgult = svæði með hátt varðveislugildi; gult = svæði með miðlungs varðveislugildi; ljósgult = svæði með lágt varðveislugildi.

Minjarnar eru „mjög lýsandi fyrir sögu verslunar á Djúpavogi og myndun þéttbýlis á svæðinu“. Skráðir minjastaðir eru 51 talsins og eru þá áður nefnd hús meðtalin. Af þeim fjölda eru eingöngu 20 minjar (40%) sýnilegar, svo að meirihluti skráðra minja er horfinn af yfirborði. Til dæmis eru allar skráðar minjar á gamla verslunarstaðnum horfnar fyrir utan sjálf verslunarhúsin Löngubúð og Faktorshús. Engu að síður munu leifar þeirra í mörgum tilvikum leynast undir sverði eða yngri mannvirkjum, svo að þeim minjastöðum þarf að sýna sömu aðgát og sýnilegum minjum í allri umgengni og við skipulag og uppbyggingu svæðisins.

Sérstakt hættumat var gert fyrir allar fornleifar á verndarsvæðinu og var niðurstaðan sú, að 33 minjar væru „í hættu vegna rasks og þar af tvær í stórhættu“. Alls 17 minjar voru hins vegar ekki taldar í hættu.<sup>245</sup>

### 5.3.2 Verndarflokkar samkvæmt varðveislumati

Við afmörkun verndarflokka er verndarsvæði skipt upp í minni svæði með sama hætti og gert var í varðveislumati.


Minjarnar eru „mjög lýsandi fyrir sögu verslunar á Djúpavogi og myndun þéttbýlis á svæðinu“. Skráðir minjastaðir eru 51 talsins og eru þá áður nefnd hús meðtalin. Af þeim fjölda eru eingöngu 20 minjar (40%) sýnilegar, svo að meirihluti skráðra minja er horfinn af yfirborði. Til dæmis eru allar skráðar minjar á gamla verslunarstaðnum horfnar fyrir utan sjálf verslunarhúsin Löngubúð og Faktorshús. Engu að síður munu leifar þeirra í mörgum tilvikum leynast undir sverði eða yngri mannvirkjum, svo að þeim minjastöðum þarf að sýna sömu aðgát og sýnilegum minjum í allri umgengni og við skipulag og uppbyggingu svæðisins.

Sérstakt hættumat var gert fyrir allar fornleifar á verndarsvæðinu og var niðurstaðan sú, að 33 minjar væru „í hættu vegna rasks og þar af tvær í stórhættu“. Alls 17 minjar voru hins vegar ekki taldar í hættu.<sup>246</sup>

---

<sup>245</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 58-63.

<sup>246</sup> Kristborg Þórsdóttir (2017), s. 58-63.



**DJÚPIVOGUR - 1997**

## 6. Skilmálar um verndun og uppbyggingu

Í þeirri stefnumótun, sem hér er sett fram, er lögð áhersla á að ólíkum tímasteiðum í þróun byggðar á Djúfavogi sé sómi sýndur og sú lagskipting, sem hefur orðið í tímans rás, sé aðgengileg og skiljanleg. Þá er lögð áhersla á að skapaður sé góður rammi um sérkenni arkitektúrs á mismunandi tímasteiðum. Gildir þetta fyrir alla byggð innan verndarsvæðisins, þó vissulega sé frekar horft til eldri byggðar, sem gjarnan fylgir manneskjulegri mælikvörðum hvað varðar hönnun og skipulag en yngri byggð. Að því sögðu, er þó mikil áhersla lögð á að afmá ekki seinni tíma byggðapróun, heldur að samþætta ólík tímabil.

Í kafla 5 er svipmót núverandi byggðar greint og varðveislugildi metið. Varðveislugildi svæða, húsa og mannvirkja leggur svo grunn að skilmálum uppbyggingar innan verndarsvæðisins. Í leiðbeiningum Minjastofnunar eru kynntar meginreglur um hvernig nálgast beri uppbyggingu á svæðum eftir varðveislugildi þeirra:<sup>247</sup>

- Hátt varðveislugildi: Minnstir möguleikar á uppbyggingu. Aðgerðir skulu miða að því að bæta það sem fyrir er. Þar sem gera má ráð fyrir að þar á meðal séu hús og mannvirki, sem hafa mikið byggingarlistarlegt og menningarsögulegt gildi, skulu endurbætur á húsum og mannvirkjum miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það getur átt við ef þeim hefur verið breytt á þann hátt að ekki samrýmis henni, og þar má nefna klæðningar og glugga.
- Miðlungs varðveislugildi. Nokkrir möguleikar á uppbyggingu. Endurbætur á eldri húsum og mannvirkjum skulu miða að því að færa þau nær upphaflegri gerð. Það sem byggt er nýtt skal laga sig að byggðinni sem fyrir er og hlutföll og svipmót hennar skulu virt.
- Lágt varðveislugildi. Mestir möguleikar á uppbyggingu. Það skal þó alltaf haft að leiðarljósi, að það sem byggt er nýtt þarf að falla vel að byggðinni sem fyrir er og taka mið af hlutföllum og svipmóti hennar.

### 6.1 Skilmálar fyrir verndarsvæðið við voginn

Eins og fram kemur í kafla 5.2 er varðveislugildið flestra svæða á bilinu lágt til miðlungs og litið svo á, að núverandi byggð innan verndarsvæðis sé nokkuð frá þolmörkum. Nokkuð svigrúm er því til uppbyggingar.

#### 6.1.1 Möguleikar til uppbyggingar

Á svæðinu vestan vogsins felast ríkuleg tækifæri í uppbyggingu og umhverfisbótum við Bakka og breytingum neðan við Kallabakka, svo að framkvæmdir falli vel að umhverfinu. Sunnan vogsins er mikilvægt að styrkja Kirkjuaurinn og efla göngutengingar hans við byggðina við voginn. Jafnframt hefur verið horft til þess að styrkja heildarásýnd byggðar neðan Brennicketts með nýbyggingum í anda Suðurkaupstaðar og aðlaðandi almenningsrými á Bjargstúni.

<sup>247</sup> Sjá Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. 3 Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð, s. 16-17.

Austan við voginn er styrking hóteltorfu álitlegur kostur. Sólvangur og nánasta umhverfi ásamt bryggjunum neðan Vogalands, skapa jafnframt tækifæri til áhugaverðrar uppbyggingar. Út við Trítón og á svæði umhverfis Vogshúsið eru miklir möguleikar til uppbyggingar og umhverfisbóta í þágu svipmótsins við voginn. Styrkja þarf götu og gönguleið frá hóteltorfu út að Trítón.

### 6.1.2 Aðsteðjandi hættur

Í Djúpvogshreppi hefur um árabíl verið rekin öflug stefna í þágu verndunar. Á það hvað best við um það svæði sem hér er afmarkað sem verndarsvæði í byggð sbr. stefnu í gildandi aðalskipulagi. Jafnframt hefur sveitarfélagið keypt byggingar innan svæðisins í því skyni að tryggja farsæla þróun byggðar á þessu mikilvæga en jafnframt viðkvæma svæði í þéttbýlinu. Eins og mál standa nú, eru engin svæði innan verndarsvæðisins í hættu vegna þrýstings um uppbyggingu sem ekki samræmist markmiðum um verndun byggðarinnar.

### 6.1.3 Skilmálar fyrir verndarsvæðið við voginn

Í þessari fyrstu útgáfu af Djúpivogi - verndarsvæðinu við voginn er lögð áhersla á að setja fram eins rúma skilmála og kostur er innan þess ramma, sem ákvæði laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð kveða á um. Ástæða þessa er tvíþætt:

1. Þróist skilmálar og reglur skref fyrir skref og í samvinnu við íbúa er líklegra að þeim finnist þeir geta haft áhrif á þróun og uppbyggingu heimabyggðar og almenn sátt skapist um verkefnið.<sup>248</sup> Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja gæfuríkan framgang verkefnisins til framtíðar lítið.
2. Vinna við tillögugerð um verndarsvæði í byggð hefur varpað nýju ljósi á svæðið og í fyrsta skipti liggur nú fyrir heildstæð samantekt á staðháttum, sögu, þróun byggðar, fornleifum og byggingum á svæðinu. Hefur þetta veitt nýja sýn á svæðið. Til að tryggja yfirveguð og fagleg vinnubrögð er því nauðsynlegt að hugmyndir um nýtingu svæðisins og áherslur innan þess fái rými til að gerjast og þróast eftir því sem tímar líða, frekari upplýsingar skjóta upp kollinum og ný sjónarmið koma fram.

Skilmálar þeir sem hér eru settir fram gera ráð fyrir samþættri verndun. Með því er átt við að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í að verndun og uppbygging haldist í hendur og breytingar innan verndarsvæðis miði að því að styrkja varðveislugildi einstakra þátta byggðarinnar.<sup>249</sup> Skilmálarnir taka til 1) þess sem fyrir hendi er á verndarsvæðinu, þ.e. húsa, mannvirkja og umhverfis og almennarýma, og 2) nýrrar uppbyggingar innan svæðisins. Jafnframt taka skilmálarnir til heilda/þyrpinga og til bygginga eða lóða innan einstakra þyrpinga.

Í eftirfarandi töflu eru skilmálar settir fyrir svæði, hús, mannvirki og almennarými og er uppskipting verndarsvæðisins með sama hætti og í töflu, sem sýndir varðveislugildi byggðarinnar (sjá kafla 5.1.2).

<sup>248</sup> Kaplan, R., Kaplan, S. & Ryan, R.L. (1998). *With People in Mind. Design and Management of Everyday Nature*. Washington DC: Island Press.

<sup>249</sup> Sjá Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. 3 Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð, s. 16.



	Svæði / hús	Varðveislugildi	Skilmálar
1	Svæði vestan vogsins	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram söguleg einkenni, samræma umfang og útlit bygginga og litaval mannvirkja.</li> <li>Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>Horfa skal sterklega til svæða milli mannvirkja. Móta skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Fella skal bílastæði eins vel að umhverfi og mögulegt er.</li> <li>Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> <li>Draga skal úr áberandi kennileitum á svæðinu sem ganga gegn ásýnd þess, staðháttum, umhverfi og menningarsögulegum einkennum.</li> </ul>
1.1	Gömlu verslunarhúsin	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimilt er að endurreisa byggingu sem hefði sterka skírskotun til Krambúðarinnar (3) hvað staðsetningu varðar. Leitast skal við að láta bygginguna falla með rökréttum hætti að gömlu verslunarhúsatorfunni þ.e. Löngubúð og Faktorshúsi.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi húsanna en þó aðeins ef slíkt samræmist heildarsvipmóti húsanna og er til þess fallið að styrkja sögulega skírskotun.</li> </ul>
1.1.1	Búð 1 – Langabúð	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytingar á útliti Löngubúðar eru óheimilar.</li> </ul>
1.1.2	Búð 3 - Faktorshús	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurgerð Faktorshúss skal í öllum meginatriðum fylgja þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og unnið hefur verið eftir. Að endurgerð lokinni eru breytingar á útliti hússins óheimilar.</li> </ul>
1.2	Bakki	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja skal samspil götu, lóða og bygginga með því að aðskilja þessa þætti með skýrum hætti.</li> <li>Hönnun og mótun göngugötu og dvalar- og útsýnissvæðis austan götunnar skal stuðla að því að greiðar og rökréttar tengingar verði milli svæða.</li> </ul>

1.2.1	Bakki 1 – Geysir	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar á útliti Geysis eru óheimilar.</li> <li>• Hönnun lóðar og afmörkun hennar skal að hafa sterka sögulega skírskotun.</li> </ul>
1.2.2	Bakki 2 - Bakkabúð og þvottaplan	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýbygging er heimiluð á lóðinni. Vegna áberandi staðsetningar lóðar í miðkjarna þéttbýlisins er sérstök ástæða til, ef ný bygging rís á reitnum, að hún taki ríkulegt mið af svipmóti nálægðrar byggðar m.a. hvað varðar umfang, útlit og litaval. Jafnframt þarf byggingin að falla að þeirri sögulegu umgjörð sem hún stendur á.</li> <li>• Umgjörð og umhverfi byggingar skal byggja upp í þágu miðbæjarlífs.</li> </ul>
1.2.3	Bakki 3 – Sætún	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að reisa nýja byggingu á lóðinni. Byggingin skal taka sterklega mið að nærliggjandi byggingum hvað varðar umfang, efni, stíl og litaval.</li> <li>• Hönnun lóðar og afmörkun hennar skal falla vel að umhverfi sínu.</li> </ul>
1.3	Strandlína, hafnarkantur og bílastæði norðan Sætúns	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að aðlaga fyllingar og grjóthleðslur að því marki sem hægt er, þannig að ásýnd standarinnar færirist nær náttúrulegu horfi.</li> <li>• Heimilt er að færa uppsátur af svæðinu.</li> </ul>

2	Svæði sunnan vogsins	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almennarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram sérstöðu svæðisins, samræma umfang, útlit og litaval bygginga / mannvirkja.</li> <li>• Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum og virða söguleg einkenni og samræmast hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæða milli mannvirkja. Móta skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Fella skal bílastæði eins vel að umhverfi og mögulegt er.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæðanna milli bygginga / mannvirkja. Setja skal skýra umgjörð um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Við hönnun og mótun bygginga/mannvirkja skal eftir fremsta megni horfa til svæðisins í samhengi út frá sögulegum minjum sem svæðið hefur að geyma.</li> <li>• Uppbygging á minja- og áningarstöðum innan svæðisins skal vera hófleg, vönduð og falla vel að landi, staðháttum og minjum á hverjum stað.</li> <li>• Leggja skal áherslu á, þar sem því verður við komið, að byggja upp gönguleiðir innan svæðis sem hafa sögulega skírskotun. Uppbygging gönguleiða skal vera vönduð og falla vel að landi og staðháttum.</li> <li>• Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> </ul>
2.1	Kirkjuaur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggja skal áherslu á að styrkja heildarásýnd svæðisins og styrkja skal ramma umhverfis byggingar.</li> <li>• Leggja áherslu á að tengja svæðið við önnur svæði innan verndarsvæðisins.</li> </ul>
2.1.1	Djúpavogskirkja gamla - Steinar 1A	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Endurgerð byggingarinnar skal í öllum meginatriðum fylgja þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og unnið hefur verið eftir. Að endurgerð lokinni eru breytingar á útliti byggingarinnar óheimilar.</li> <li>• Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar en þó aðeins ef slíkt samræmist heildarsvipmóti þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum og er til þess fallið að styrkja sögulega skírskotun.</li> </ul>

2.1.2	Presthúsið - Steinar 1	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skulu þær breytingar miða að því að styrkja sögulegt svipmót og ásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> </ul>
2.1.3	Dalir - Steinar 3	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót þess og heildarásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> <li>Heimilt er að breyta umhverfi byggingarinnar og skal leitast við í þeim efnum að styrkja svipmót og ásýnd þyrpingarinnar á Kirkjuaurnum.</li> </ul>
2.2	Hlíðarhús – og Hlíðarendaklettur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leggja skal áherslu á að draga minjar fram og nýta þær til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> <li>Heimilt er að byggja upp gönguleið um Mensaldurssund. Gönguleiðin skal vera vel greiðfær, vönduð og falla mjög vel að landi og staðháttum.</li> </ul>
2.3	Svæðið milli klettanna	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leggja skal ríka áherslu á að minjar á svæðinu verði hluti af heildarásýnd svæðisins og þær séu nýttar til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> <li>Nýbyggingar á svæðinu skulu falla vel að heildarásýnd svæðisins og taka mið af svipmóti þess.</li> </ul>
2.3.1	Miðhús	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytingar, stækkun og/eða endurbætur skulu miða að því að viðhalda sem mest núverandi ásýnd.</li> </ul>
2.4	Brenniklettur	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engar byggingar eru heimilaðar á svæðinu.</li> <li>Leggja skal áherslu á að draga minjar fram og nýta þær til að auka aðdráttarafl svæðis.</li> </ul>
2.5	Svæðið neðan Brennikletts	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimilt er að reisa tvær nýbyggingar á Bjargstúni. Byggingarnar skulu hafa sterka sögulega skírskotun til Suðurkaupstaðar (29) hvað staðsetningu, útlit, hlutföll og umfang varðar. Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>Leggja skal áherslu á að uppbygging svæðis sé í þágu miðbæjarlífs.</li> <li>Leggja skal leggja ríka áherslu á að minjar á svæðinu verði hluti af heildarásýnd svæðisins og þær séu nýttar til að auka aðdráttarafl svæðisins.</li> </ul>

2.5.1	Vogaland 2a/2b - Við Voginn	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á útliti hússins skulu falla að byggð við voginn, t.d. hvað hlutföll, litaval og merkingar varðar. Jafnframt skal þess gætt að viðhalda arkitektónískum einkennum byggingarinnar.</li> <li>• Leggja þarf áherslu á að umgjörð og umhverfi byggingarinnar miði að því að styrkja miðbæjarlíf.</li> </ul>
2.5.2	Hammersminni 2 – Bjarg	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á húsinu skulu miða að því að viðhalda sögulegum tengslum, t.d.</li> <li>• hvað staðsetningu, stærð, hlutföll og mælikvarða varðar.</li> </ul>
3	Svæði austan vogsins	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öll uppbygging og endurgerð húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almannarýma skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins. Viðhalda og draga skal fram söguleg einkenni, samræma umfang og útlit bygginga og litaval mannvirkja. Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi, staðháttum, sögu og menningu, og samræmast byggðinni kringum voginn hvað umfang, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að endurgera hluta af gömlu bryggjunum og bryggjuhúsunum. Staðsetning og umfang bryggjana skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal einnig hafa sögulega skírskotun.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að ávallt sé vandað til verka og efni sé af góðum gæðum.</li> <li>• Horfa skal sterklega til svæðanna milli bygginga/mannvirkja. Setja skal skýran ramma um byggingar og styrkja tengsl milli þeirra. Við hönnun og mótun bygginga skal eftir fremsta megni viðhafa skírskotun til sögulegra minja á svæðinu og samþætta nýju hlutverki og notkun.</li> <li>• Draga skal fram og veita upplýsingar um sögulega staði og minjar innan svæðisins.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að uppbygging svæðis sé í þágu miðbæjarlífs.</li> <li>• Leggja skal áherslu á, þar sem því verður við komið, að byggja upp gönguleiðir innan svæðis sem hafa sögulega skírskotun. Uppbygging gönguleiða skal vera vönduð og falla vel að landi og staðháttum.</li> <li>• Gróður á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum. Gróðursetning sígrænna trjáa eru ekki heimiluð innan svæðisins.</li> </ul>

3.1	Hóteltorfan	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkja skal ramma og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> <li>• Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>• Öll uppbygging, þ.m.t. nýbyggingar og/eða viðbætur við núverandi hús skulu taka ríkt tillit til gömlu hótelbyggingarinnar, hvað umfang, hlutföll, útlit og litaval varðar.</li> <li>• Leggja áherslu á að tengja svæðið við önnur svæði innan verndarsvæðisins og að uppbygging innan þess sé í þágu miðbæjarlífs.</li> </ul>
3.1.1	Vogaland 4 – Hótel Framtíð	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar breytingar sem gerðar eru á útliti Hótel Framtíðar skulu miða við að færa bygginguna sem næst upprunalegu formi.</li> </ul>
3.1.2	Vogaland 4 – Viðbygging	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót byggðarinnar við voginn og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> </ul>
3.1.3	Vogaland 4 – Meyjarskemman	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar endurbætur á byggingunni skulu miða að því að styrkja sögulegt svipmót byggðarinnar við voginn og heildarásýnd hóteltorfunnar.</li> </ul>
3.2	Ströndin	Miðlungs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leggja skal áherslu á að endurgera að hluta til gömlu bryggjurnar og bryggjuhúsin á svæðinu. Staðsetning og umfang bryggjanna sem og efnisval skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal hafa sögulega skírskotun.</li> </ul>
3.2.1	Vogaland 7 – Trítón	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur hússins skulu falla hvað næst núverandi svipmóti þess t.d. hvað útlit, efnis- og litaval varðar. Heimilt er að reisa bryggju við húsið með hliðsjón af sögulegri skírskotun.</li> </ul>
3.3	Vogaland 12 (lóð)	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að reisa nýbyggingu. Hún skal falla vel að Sólvangi hvað varðar, útlit, hlutföll og umfang, jafnframt því að taka tillit til svipmóts byggðar við voginn.</li> <li>• Hönnun lóðar skal taka ríkulegt tillit til svipmóts byggðar við voginn.</li> </ul>

3.3.1	Vogaland 12 – Sólvangur	Hátt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á útliti hússins skulu miða að því að viðhalda sögulegum tengslum, t.d. hvað stærð, hlutföll og mælikvarða varðar.</li> <li>• Viðbætur við núverandi hús skulu taka ríkulegt tilliti til núverandi húss og svipmóts byggðar við voginn.</li> </ul>
3.4	Norðursvæðið	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfi og umgjörð bygginganna skal miða að því að styrkja heildarásýnd byggðarinnar við voginn og binda hana saman með röklegum hætti.</li> <li>• Allar breytingar á núverandi byggingum skulu taka mjög ríkt tillit til Trítóns og miða að því að styrkja ásýnd og söguleg tengsl svæðisins.</li> <li>• Huga skal sérstaklega að svæðum milli bygginga. Setja skal skýran ramma um byggingar, styrkja tengsl milli þeirra og færa það sem næst upprunalegu horfi.</li> </ul>
3.4.1	Vogaland 3 – Naustavogur	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar og/eða endurbætur á húsinu skulu falla að byggð við voginn, t.d. hvað hlutföll, útlit og litaval varðar.</li> </ul>
3.4.2	Vogaland 5 – Vogur	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sérstaklega skal miða að því að breytingar og/eða endurbætur á húsinu miði að því að fella húsið sem best að byggð við voginn. Vanda skal sérstaklega til efnis- og litavals.</li> <li>• Leggja skal áherslu á að bæta umhverfi hússins og aðlaga tengsl þess að umhverfi Trítóns.</li> </ul>
4	Ströndin fyrir botni vogsins	Lágt	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að aðlaga fyllingar og grjóthleðslur neðan Kallabakka að því marki sem hægt er, þannig að ásýnd fjörunnar færist nær náttúrulegu horfi.</li> <li>• Heimilt er að reisa bryggjur og/eða bryggjuhús sem hafa sögulega skírskotun. Staðsetning og umfang bryggjana sem og efnisval skal hafa sögulega skírskotun. Umfang og staðsetning bryggjuhúsa skal hafa sögulega skírskotun.</li> </ul>



**DJÚPIVOGUR - 2014**



## 7. Staða verndarsvæðis innan skipulags

Í 9. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 segir að sveitarstjórn skuli tryggja að ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð endurspeglar í skipulagáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélagsins.

### 7.1 Aðalskipulag


Eins og segir í kafla 1 skapar Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 mikilvægan grunn fyrir afmörkun verndarsvæðisins við voginn, auk þess sem þar eru settar fram sértækar reglur og meginreglur um uppbyggingu og þróun á svæðinu þar sem verndun umhverfis og menningarminja er leiðandi.<sup>250</sup> Þegar tillaga að verndarsvæði í byggð liggur fyrir er nauðsynlegt að samspil þessara tveggja stjórnækja verði samræmt með heildstæðum hætti.

### 7.2 Deiliskipulag

Eins og fram kemur í kafla 1.3 hefur um nokkra hríð verið unnið að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæðið á Djúpavogi og er afmarkað verndarsvæði í byggð talsverður hluti af því svæði sem miðbæjarskipulagið tekur yfir. Tillaga að verndarsvæði í byggð fellur vel að þeirri deiliskipulagsvinnu sem þegar hefur verið innt af hendi og er til þess fallin að styrkja hana enn frekar. Almenn skal það gilda um gerð deiliskipulags innan verndarsvæðisins að tillaga að verndarsvæðinu við voginn sé meginforsenda. Skal ávallt gera skýra grein fyrir því hvernig stefnumótun í deiliskipulagi samræmist skilmálum tillögu um verndarsvæði í byggð.

Innan þess svæðis sem verndarsvæðið nær til hefur við gerð deiliskipulagsins verið lögð áhersla á þau atriði sem greinir hér á eftir.

#### 7.2.1 Svæðið vestan vogsins



Lögð er áhersla á að styrkja tengsl gömlu verslunarhúsanna og Bakka ásamt því að breyta svipmóti svæðisins og notkun í takt við tíðarandann. Jafnframt hefur verið unnið að því að styrkja tengsl svæðisins vestan vogsins við önnur svæði innan verndarsvæðisins.

*Bakki - frumtillaga að göngugötu.  
(Teikning TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, 2016)*

<sup>250</sup> Aðalskipulag [...] 2008-2020, s. 131 og s. 156


Í þessum efnum hefur því á síðustu misserum verið unnið að umhverfisbótum og bættu skipulagi á Bakka, svo skapa megi mannvænna og eftirsóknarverðara umhverfi, auk þess að mynda rökréttu og örugga gönguleið frá svæðinu sunnan Vogalands að gömlu verslunarhúsunum. Í þessari vinnu hefur meðal annars verið lögð áhersla á aðgreiningu akandi og gangandi umferðar og gerð dvalar- og útsýnissvæðis á fyrrum þvottaplani.

### 7.2.2 Svæðið sunnan vogsins

Gert er ráð fyrir að styrkja verði rammann kringum húsaþyrpinguna á Kirkjuarnum og um leið að bæta aðkomuleiðina í kaптúnið um Búland og meðal annars draga úr umferð þungaflutningabíla. Sömmuleiðis gerir tillagan ráð fyrir að styrkja göngutengsl við aðra hluta verndarsvæðisins, s.s. um Mensaldurssund yfir á svæðið milli klettanna. Samhliða er unnið að hönnun og skipulagi bílastæðisins við Kjörbúðina.

Hvað svæðið milli klettanna varðar þá gerir tillagan ráð fyrir stækkun tjaldsvæðisins til suðvesturs. Gert er ráð fyrir sterkri sögulegri skírskotun og að menningarlandslag verði ein af forsendum við hönnun og mótun svæðisins.

Þá hefur við vinnu á deiliskipulagi verið horft mjög til Bjargstúns sem vænlegs byggingarsvæðis. Lítið hefur verið til þess að endurreisa þar byggingar sem hafa vísun til Suðurkaupstaðar.



*Djúpvogur í þrívídd. Fyrstu hugmyndir um endurbyggingu Suðurkaupstaðar á Bjargstúni. (Tölvuteikning: TGJ/3Vidd).*

### 7.2.3 Svæðið austan vogsins

Enn sem komið er hefur fremur lítið verið horft til svæðisins austan vogsins í þeirri deiliskipulagsvinnu sem innt hefur verið af hendi. Þó hefur verið horft til þess að endurbyggja bryggjurnar, sem þar stóðu, að hluta með skírskotun til sögu svæðisins. Eins og fram kemur í kafla 4.4 hafa einnig verið hugmyndir um Ríkarðshús - nýtt menningarhús á Djúpavogi, - á undirstöðum Vogshússins, en engar ákvarðanir hafa verið teknar þar um.

### 7.3 Leyfisveitingar

Þegar sótt er um byggingar- og/eða framkvæmdarleyfi innan verndarsvæðisins verður að færa rök fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og hvernig þær samrýmast svipmóti og hinni vernduðu menningarsögu á svæðinu (sbr. 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð).

## Heimildir

### Prentaðar heimildir

*Aðalskipulag fyrir Búlandshrepp og Djúpavog 1989-2009. Greinargerð. Unnið fyrir Búlandshrepp og Skipulag ríkisins. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Apríl 1990. Reykjavík.*

*Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020. Páll Jakob Línadal og Guðrún Jónsdóttir. 2008. Djúpavogshreppur. Djúpavogi.*

*Austurland* 18. nóv. 1966, s. 3.

Bjarni Jónsson frá Unnarholti (1944). „Upphaf Weyvadts-ættar á Íslandi.“ *Lesbók Morgunblaðsins* XIX. árg., 8. tbl., 12. mars 1944, s. 89-92 og 104.

Bjarni Reynarsson (2014). *Borgir og borgarskipulag. Þróun borga á Vesturlöndum, Kaupmannahöfn og Reykjavík.* Reykjavík.

„Búlandshreppur.“ *Sveitarstjórnarmál* 33. árg., 5. tbl. 1973, s. 235-236.

*Dagblaðið Vísir – DV* 24. maí 1996, s. 13.

Einar Bragi (1985). *Af mönnum ertu kominn.* Rvík.

Einar Vilhjálmsson (1992). „Bjarg við Bakkafjörð.“ *Sjómannablaðið Víkingur*. 54. árg., 8.-9. tbl. 1992, s. 11.

Eiríkur Sigurðsson (1970). *Undir Búlandstindi. Austfirskir sagnaþættir.* Akureyri.

Elfa Hlín Pétursdóttir (2004). *Bryggjuhús á Seyðisfirði – saga þeirra og hlutverk.* Seyðisfirði.

*Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. I. bindi. Önnur útgáfa.* Rvík 1983.

Guðrún Kristinsdóttir (1999). „Langabúð, menningarmiðstöð á Djúpavog.“ *Sveitarstjórnarmál* 59. árg., 1. tbl. 1999, s. 100-103.

*Helgarpósturinn* 4. árg., 11. tbl., 19. mars 1982, s. 26.

Henderson, Ebenezer (1957). *Ferðabók. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík.* Rvík.

Hjörleifur Guttormsson (2002). „Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 2002.* Ferðafélag Íslands, Rvík.

Hjörleifur Stefánsson (1993). „Um aldur Hillebrandtshúss á Blönduósi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1993, s. 75-84.

Hjörleifur Stefánsson (1997). „Ágrip af sögu Löngubúðar.“ *Langabúð 1997. Menningarmiðstöð Djúpavogs hrepps.* Djúpavogshreppur. Djúpavogi, s. 9-16.

*Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014 – Aukin og endurútgæfin 2015.* Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Útgæfin í desember 2014. Aukin og endurútgæfin í september 2015. Rvík (fjölrit).

Ingimar Sveinsson (1989). *Djúpivogur. 400 ár við voginn.* Búlandshreppur. Egilsstöðum.

Ingimar Sveinsson (2003). *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund.* Búlandshreppur. Egilsstöðum.

Jan Gehl (2010). *Cities for People.* Washington: University Press.

Jón J. Aðils (1971). *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787.* Önnur útgáfa. Rvík.

Jón Helgason (1983). *Tyrkjaránið. 2. útgáfa.* Rvík.

Kaplan, R., Kaplan, S. & Ryan, R.L. (1998). *With People in Mind. Design and Management of Everyday Nature.* Washington DC: Island Press.

*Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Austfjarðaprófastsdæmi.* 20. bindi. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd og Biskupsstofa. Rvík 2012.

*Kirkjuritið* 14. árg., 3. tbl. 1948, s. 223; 15. árg., 3. tbl. 1949, s. 216; 16. árg., 3. tbl. 1950, s. 212.

Kristborg Þórsdóttir (2017). *Fornleifaskráning á Djúpavogi. Verndarsvæði í byggð.* FS637-16301. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík (fjölrit).

*Langabúð 1997. Menningarmiðstöð Djúpavogshrepps.* Djúpavogshreppur. Djúpavogi 1997.

Lúðvík Geirsson (1994). *Höfuðstaður verslunar. Saga verslunar og kaupmennsku í Hafnarfirði í sex hundruð ár.* Hafnarfirði.

Løvenørn, Poul de (1822). *Fierde Hefte af Beskrivelsen over den Iislandske Kyst og alle Havne henrørende til Kaartet No. 5 over Östkysten fra Hierads-Floin Bugt til Ingolfs-Höfde Huk [...].* Udgivet fra det Kongelige Söekaart-Arkiv 1822. Kiöbenhavn 1822.

*Manntal á Íslandi 1801. Norður- og Austuramt.* Rvík 1980.

*Manntal á Íslandi 1845. Norður- og Austuramt.* Rvík 1985.

Már Karlsson (2010). *Fólkið í plássinu.* Rvík.

*Morgunblaðið* 15. nóv. 1966, s. 2 og 4. jan. 2007, s. 21.

*Múlasýslur. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874.* Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands. Rvík 2000.

*Myndasafn frá Teigarhorni. Nicoline Weyvadt 1848-1921, Hansína Björnsdóttir 1884-1973.* Ljósmyndasýning í Bogasal 13. mars – 31. maí 1982. Umsjón með sýningarskrá: Inga Lára Baldvinsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 1982.

Ólafur Olavius (1965). *Ferðabók*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. Rvík.

Ólafur Áki Ragnarsson (1989): „Búlandshreppur – 400 ára verzlunarafmæli Djúpavogs.“ *Sveitarstjórnarmál* 49. árg., 3. tbl. 1989, s. 132-137.

*Skotskífur úr fórum Det Kongelige Kjøbenhavnske Skydeselskab og Danske Broderskab*.  
Texti: Inga Lára Baldvinsdóttir. Smárit Þjóðminjasafn Íslands 4. Rvík 2001.

Smári Geirsson (2015). *Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915*. Rvík.

Stefán Jónsson (1987). *Að breyta fjalli*. Rvík.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. III. bindi. Ritstj. Ármann Halldórsson. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands. Egilsstöðum 1976.

*Útvarpstíðindi* 12. árg., 10. tbl. 1949, s. 221-223.

*Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3.  
Höfundur: Guðný Gerður Gunnarsdóttir. Reykjavík 2017.

*Þjóðviljinn ungi* 5. árg., 32. tbl., 23. júlí 1896, s. 126.

Þorleifur Jónsson (1954). *Þorleifur í Hólum. Ævisaga*. Skaftfellingarit. Rvík.

### Óprentaðar heimildir

*Skjalasafn Djúpavogshrepps*:

Byggingarbréf, lóðasamningar og fleiri skjöl.

*Þjóðskjalasafn (ÞÍ)*:

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 2002-25 og 2002-26. B/1500-1502. Bréfasafn. Prestsembætti S-Múlasýslu 1947-1950, 1951-1952, 1957-1961 og 1962-1966.

Fasteignamat 1916-1918. Undirmat: Múlasýsla suður I-II.

Fasteignamat 1930. Geithellnahreppur. BA/4-2.

Fasteignamat 1942. Búlandshreppur. AAt/6-3. [Allar úttektir eru undirritaðar af undirmatsmönnum 10. desember 1940.]

Manntöl 1835, 1840, 1850, 1855, 1860, 1880, 1890 og 1901 [vélrit á lestrarsal].

Manntal 1. desember 1910. Geithellnahreppur.

Prestþjónustubók Dvergasteinssóknar 1885-1928.

Prestþjónustubók Garðasóknar á Álftanesi 1816-1862.

Prestþjónustubók Hofssóknar- og prestakalls 1816-1844, 1844-1874, 1875-1898, 1899-1929 og 1930-1947.

Prestþjónustubók Hálssóknar 1816-1844, 1843-1871 og 1875-1898.

Sálmregistur Hálssóknar 1833-1867.

Sálmregistur Hofsprestakalls 1917-1936 og 1937-1952.

Túnakort Geithellnahrepps 1920. Teiknuð af Þorsteini Stefánssyni búfræðingi.

### **Vefheimildir**

*Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands*: [www.skra.is](http://www.skra.is). Lesið í mars-júní 2017.

*Lög nr. 87 um verndarsvæði í byggð*: <http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html>. Lesið í mars 2017.

*Minjastofnun Íslands*: <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/austurland/nr/691>; <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/austurland/nr/758>. Lesið í mars 2017.

*Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn*: [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is). Lesið í mars 2017.

*Vefsíða Djúpavogshrepps*: [www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is). Lesið í mars-júní 2017.

### **Heimildarmenn**

Andrés Skúlason (f. 1963), Djúpavogi

Ari Guðjónsson (f. 1929), Djúpavogi

Baldur Sigurðsson (f. 1937), Djúpavogi

Ólafur Áki Ragnarsson (f. 1955), Vopnafirði

Sveinn Þorsteinsson (f. 1948), Kópavogi

**Loftmyndir og kort**

Loftmynd – Djúpivogur 1941. Landmælingar Íslands.

Loftmynd – Djúpivogur 1957. Landmælingar Íslands.

Loftmynd – Djúpivogur 1984. Landmælingar Íslands.

Loftmynd – Djúpivogur 2015. Loftmyndir ehf.

Yfirlitskort – Verndarsvæðið við voginn 1941. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Yfirlitskort – Verndarsvæðið við voginn 1957. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Yfirlitskort – Verndarsvæðið við voginn 1984. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Yfirlitskort – Verndarsvæðið við voginn 2017. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Verndarsvæðið við voginn - Verndarflokkar innan verndarsvæðis. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Verndarsvæðið við voginn. Hús og mannvirki eða leifar þeirra sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

Verndarsvæðið við voginn. Aldur bygginga innan verndarsvæðis við voginn. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.



## Umsögn Minjastofnunar og staðfesting ráðherra

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Bt. Karítasar H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra  
Sölvhólsgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2017  
MÍ201709-0107/4573/ K.H.S.

### Efni: Djúpivogur, tillaga að verndarsvæði við Voginn.

Í bréfi dagasettu 27. september 2017 óskar Karítas H. Gunnarsdóttir, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að verndarsvæði við Voginn í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 (hér eftir lögin). Djúpavogshreppi var veittur styrkur úr húsafriðunarsjóði árið 2016 að upphæð kr. 5.405.000 til undirbúnings tillögu um verndarsvæði í byggð.

Við vinnslu tillögunnar hefur Minjastofnun veitt Djúpavogshreppi ráðgjöf um mat á varðveislugildi byggðarinnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna og leiðbeiningarrit Minjastofnunar nr. 3/2017: *Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð*.

Við mat á tillögu Djúpavogshrepps um verndarsvæði í byggð hefur Minjastofnun litið til eftirtalinnna þátta: afmörkunar verndarsvæðis, gagna sem liggja til grundvallar greinargerðar sem fylgir tillögunni, þ.m.t. fornleifaskráningar, húsakönnunar, mats á varðveislugildi og skilmála um verndun og uppbyggingu innan marka verndarsvæðisins.

Tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að verndarsvæði í byggð er að mati Minjastofnunar að öllu leyti vel unnin og gerir skilmerkilega grein fyrir öllum þeim þáttum sem áskildir eru. Að baki tillögunni liggur vönduð og ítarleg menningarsöguleg úttekt á byggðinni við Voginn. Afmörkun svæðisins er vel rökstudd og tekur mið af staðhætti og sögulegum sérkennum byggðarinnar. Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan verndarsvæðisins eru greinargóðir og til þess fallnir að markmið tillögunar um verndun svipmóts hinnar sögulegu byggðar nái fram að ganga.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Aðalskrifstofa  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Kristín Huld  
Sigurðardóttir  
Forstöðumaður  
[kristinhuld@minjastofnun.is](mailto:kristinhuld@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands mælir með því við mennta- og menningarmálaráðherra að hann staðfesti tillögu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að verndarsvæði í byggð, á grundvelli framlagðrar greinargerðar: Djúpivogur – Verndarsvæðið við Voginn - frá 14. september 2017.

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir  
forstöðumaður



Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
minjavörður



## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Ráðherra gjörir kunnugt**

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Djúpavogshrepps að *Verndarsvæðið við voginn* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

*Djúpavogi 15. október 2017*  
Hafnarmástad, 15. október 2017

Kristján Þór Júlíusson